

## Niðurlægð í tossabekkjum

Börn efnaminni foreldra lentu frekar í svokölluðum tossabekkjum sem voru við lýði á Íslandi um árabíl. Fyrrverandi nemendur segja það hafa falið í sér mikla skömm og niðurlægingu að vera settur í slíkan bekk. ➔22

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR, GUÐMUNDUR HANNESSON



Getur ekki hætt að semja tónlist ➔32



Með eða á móti?  
Flugvöllurinn



➔30

Saga  
til næsta  
bæjar  
➔36



Stefán Pálsson skrifar um  
ófyrrleitna uppfinningamenn

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK  
• ATVINNUHÚSNÆÐI OG EIGNAUMSJÓN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Minna mál með  
**SagaPro**

SAGAMEDICA  
www.sagamedica.is


Einstök blanda úr 4 oljum

Götumarkaður  
**Útsölulok**

Opið til 18

SMÁRALIND

## Veður



Norðankaldi og el í dag, en víða léttskýjað syðra. Talsvert frost. **SJÁ SIÐU 24**

## Áhrif á verslun og útflutning

**KJARAMÁL** Ef samningar nást ekki milli Félags skipstjórnarmanna og Samtaka atvinnulífsins og útgerða kaupskipa stefnir í verkfall skipstjórnarmanna á kaupskipum á miðnætti þann 1. febrúar. Fundur er boðaður þann 1. febrúar hjá sátta-  
semjara.

„Núna er ekkert sem segir að við náum samkomulagi, það gæti auðvitað breyst á mánudaginn,“ segir Ægir Steinn Sveinþórsson á Farmanna- og varðskipasviði Félags skipstjórnarmanna.

Ægir segir langt bil milli þess sem Félag skipstjórnarmanna og Samtök atvinnulífsins og útgerðir kaupskipa vilja. „Það er töluerður munur í dag, þetta snýst um ýmis atriði, vinnutíma og hitt og annað. Það eru ákveðnir þættir sem er ágreiningur um og við þurfum að finna flöt á því.“

Ef kemur til verkfalls mun það hafa viðtæk áhrif og ná til fimm skipa Eimskips og tveggja skipa Samskipa. „Ef kemur til verkfalls mun þetta hafa viðtæk áhrif á dagvöruverslun og útflytjendur fiskis,“ sagði Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Miðað er við að kjarasamningarnir gildi út árið 2018. – **sg**

## Vill fatnað í neðsta skattþrep

**NEYTENDUR** „Meira en önnur hver barnaflik var keypt erlendis í fyrra,“ sagði Finnur Arnason, forstjóri Haga, á morgunfundum Ímarks í gær.

Hagar gerðu könnun á fatakaupum Íslendinga sem sýnir meðal annars að Íslendingar kaupa hversdagsfatnað í auknum mæli erlendis – hækkunin er tæplega sjö prósentustig á milli ára.

„Tollar féllu niður af fatnaði um áramót, sem ætti að hafa áhrif á þessa þróun og vonandi að snúa hluta af þessari verslun heim,“ segir Finnur. „Það er þó mitt mat að það þurfi að færa fatnað í neðra þrep virðisaukaskatts til að snúa þessari þróun við, til að ná þeirri viðspyrnu sem þarf.“ – **ebg**

## Glowie glóði á Hlustendaverðlaununum



Söngkonan Glowie vann verðlaunin Nýliði ársins á Hlustendaverðlaunum FM957, X-ins og Bylgjunnar sem voru veitt við hátíðlega athöfn í Háskólabíói í gær. Páll Óskar Hjalmtýsson var kosinn söngvari ársins og Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, söngkona ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hentu sprengju í flóttamenn

**ÞÝSKALAND** Gistiheimili fyrir flóttamenn í bænum Villingen-Schweningen í Þýskalandi var rýmt eftir að virk handsprengrja fannst fyrir utan það í gærmorgun.

Pinni handsprengrjunnar hafði verið fjarlægður en sprengjan sprakk þó ekki.

Heiko Maas, dómsmálaráðherra Þýskalands, sagði árásina nýtt stig haturs og ofbeldis. Bregðast þurfi við áður en einhver láti lífið.

Fleiri en þúsund árásir voru gerðar á aðsetur flóttamanna á síðasta ári, fjórum sinnum fleiri en árið 2014. Í langflestum tilvikum var um að ræða árásarmenn úr röðum öfgahægrimanna.

1,1 milljón manns sótti um hæli í Þýskalandi í fyrra en stjórnmöld ætla að freista þess að minnka áskóknina með því að bæta ríkjum á lista þeirra landa sem talið er öruggt að senda flóttamenn til. – **srs**

# Reykjavík greiðir 1,6 milljónir í heyrnartól

Opin vinnurými Ráðhúss Reykjavíkur kalla á kaup á dýrum heyrnartólum. Alls voru 51 heyrnartól keypt fyrir rúmar 1,6 milljónir króna. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, furðar sig á forgangsroðun meirihlutans í borginni.

**REYKJAVÍK** Stjórn Reykjavíkurborgar ákvað að kaupa 51 heyrnartól fyrir starfsmenn sína að upphæð 1.642.480 krónur fyrir skömmu til að tryggja vinnufrið starfsmanna. Brugðið var á það ráð að opna vinnurými með tilheyrandi umhverfshljóðum og trufunum fyrir starfsfólk. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir þetta dæmi um forgangsroðun meirihluta borgarinnar.

„Þetta er í raun í takt við annað sem maður er að sjá varðandi rekstur borgarinnar á þessu kjörtímabili. Við höfum ítrekað bent á brotalamir í rekstrinum. Hér þarf að fara dýrustu leiðina að því markmiði að tryggja starfsmönnum Ráðhússins vinnufrið,“ segir Halldór. „Við höfum sent fyrirspurn um kostnað við breytingar Ráðhússins og því vonum við að þessi upphæð verði einnig talin með.“

Fram kemur í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins að þessi kaup séu til þess að tryggja viðunandi vinnuumhverfi fyrir starfsfólk Ráðhússins. „Misjafnt er eftir staðsetningu vinnurýma í húsi hversu mikið ónæði er vegna umgangs og umhverfshljóða. Í mörgum tilfellum voru valin heyrnartól út frá því hversu vel þau útiloka umhverfshljóð en mikill erill er í sumum vinnurýmum í Ráðhúsinu auk þess sem stöðugt hefur verið unnið að breytingum og viðhaldi í húsinu undanfarið eitt og hálf á með tilheyrandi umhverfshljóðum,“ segir í svari borgarinnar.

Keypt voru átta heyrnartól fyrir atvinnuála-



Starfsmenn Ráðhússins geta nú unnið í friði fyrir hávaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

deild, tíu fyrir mannréttindaskrifstofu borgarinnar, þrenn fóru til borgarlögmans, 13 til borgarritara og skrifstofu borgarstjóra, tíu fóru á upplýsinga- og vefdeild, fern til skrifstofu borgarstjórnar og loks þrenn heyrnartól til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Heildarkostnaður við þetta er rúmar 1,6 milljónir króna.

Ástæður skipulagsbreytinganna í Ráðhúsinu eru að ná meira flæði milli starfsfólks. Nú vinni margir starfsmenn Ráðhússins í opnu rými. „Starfsfólk starfar betur sem liðsheid, upplýsingaflæði á milli starfsmanna verður greiðara,“

Dagur B. Eggertsson  
Borgarstjóri

**Hér þarf að fara dýrustu leiðina að því markmiði að tryggja starfsmönnum Ráðhússins vinnufrið.**

Halldór Halldórsson  
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



starfsfólk einangrast síður og starfsandi verður oft betri, lægri þröskuldur verður á samskiptum á milli starfsmanna þegar aðstoð vantar og hópurinn nær þar af leiðandi betri árangri auk fleiri þátta,“ segir í svari Reykjavíkurborgar. **sveinn@frettabladid.is**

**Betri ferð fyrir betra verð**

**- vita.is**

**Sólarferðir** Verð frá **69.900 kr.**  
fjölskylduparadísin **Calpe**  
10., 17. og 20. maí.  
Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð á Ambar Beach í 7 nætur.



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

20%

afsláttur  
af allri fermingarvöru  
gegn framvísun  
heimsenda  
fermingarpóststíls  
frá Blómavali

10%  
Aukaafsláttur  
um helgina!

ALLT FYRIR FERMINGUNA Í BLÓMAVALI

Merktar sálmaþækur - áprentun á servíettur - skrautskrifuð kerti - blómaskreytingar  
borðskreytingar - gestabækur - hanskar og hárskraut - ráðleggingar fagfólks

# FERMING

## fermingarhátíð í Blómavali

Tilboðin gilda í öllum verslunum Blómavals



Friðrik Dór  
tekur lagið  
laugardag  
kl. 14:00

25%  
afsláttur  
ÖLL GLÖS OG  
MATARSTELL



14.999kr  
~~19.999kr~~

Úlpa True North  
Parka  
5872629-30

POTTAPLÖNTU  
ÚTSALA  
BLÓMAVALS



Orkidea

1.499kr  
~~2.690kr~~

8.990kr  
~~11.747kr~~

Sléttujárn  
Pro Sleek & Curl  
1804549

6.990kr  
~~8.990kr~~

Keilujárn  
C196W1  
1804538

20%  
afsláttur  
REMINGTON  
HÁRSNYRTTÆKI

### GLÆSILEG FERMINGARSÝNING í Skútuvogi laugardag og sunnudag

Friðrik Dór tekur lagið laugardag kl 14:00



Little Rascals

Danshópurinn Little Rascals  
laugardag kl. 15:00

sýnir Breakdans, undir stjórn Natöshu Royal  
sem hefur kennt hina ýmsu stíla götudansa í  
Kramhúsinu síðustu 16 ár.



Allt fyrir ferminguna

Ljósmyndir og list  
bjóða sérstakt tilboð á fermingar-  
myndatökum aðeins fyrir gesti  
fermingarsýningarinnar.

Remington kynnr hársnyrtivörur

Ölgerðin kynnr vörur og gefur smakk

Kornið veisluþjónusta  
kynnr flottar veitingar fyrir ferminguna

Flash tískuverslun og Gallerí 17  
sýna fermingarfatnað

Haldór Kr. Sigurðsson, bakari og konditor  
kynnr kransakökunámskeið Blómavals  
laugardag kl. 14-16

Uppdekkuborð frá Blómavali og allt  
það nýjasta í borðskreytingum.  
Eitt mesta úrval landsins af servíettum  
og kertum til áritunar.

Pantið áritaðar servíettur, kerti og  
sálmaþækur um helgina á frábærum afslætti.

Munið fermingarleik Blómavals!  
- glæsilegir vinningar í boði.

Túlípanar 10 stk.

999kr  
~~1.490kr~~



### Bollukaffi í Skútuvogi laugardag

Bolla með rjóma,  
sultu og kaffi á  
390 kr.

Bolla 250 kr.



KAFFI GARDUR

TÖLUR VIKUNNAR 25.01.2016 TIL 31.01.2016

**2.000.000.000**

af gler- og plastflöskum og dósum hefur Endurvinnslan tekið á móti síðan 1989.

**263.000 tonn**

runnu í gegnum þrjár fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar 2015.

**584**  
**flóttamenn**

hafa sest að á Íslandi síðustu sex áratugina.

**40% fylgi**

er nýjasta markið sem Píratar fóru yfir í könnun í vikunni.

**38%** aðspurðra sögðu að Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, ætti að vika úr starfi.

## Þrjú í fréttum Öryrkjar, matvara og Píratar

### Ellen Calmon

formaður Öryrkjabandalags Íslands

sagði forgangsröðun fjármuna valda fjölgun örorkulífeyrisþega. Griðarlega mikilvægt væri að styrkja innviði heilbrigðiskerfis, menntakerfis og félagslega kerfisins til að sporna við fjölgun.



### Finnur Árnason

forstjóri Haga

sagði Bændasamtökin fara með ósannindi. Í skýrslu samtakanna um matvöruverð var fullyrt að lækkanir á sköttum og gjöldum auk styrkingar á gengi krónunnar hefðu ekki skilað sér í lækkunum á vöruverði á dagvörumarkaði. Finnur sagði landbúnaðarvörur seldar með algjörrí lágmarksálagningu.



### Birgitta Jónsdóttir

þingmaður Pírata

kvæðst ekki geta skýrt aukið fylgi flokksins. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis fengu Píratar 28 menn kjörna ef gengið yrði til kosninga nú. Píratar eru nú með þrjá kjörna þingmenn. Sjálfstæðisflokkurinn fengi 16 þingmenn en Framsóknarflokkurinn sjö. Birgitta sagðist vera auðmjúk vegna traustsins en vart trúá stöðunni.



Trump virðist eiga sigurinn vísan hjá Repúblíkanaflokknum, en mjórta er á munum hjá Demókrötunum Clinton og Sanders. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



# Alvaran loks að hefjast í löngu kosningabaráttunni vestra

Á mánudag hefjast í Bandaríkjunum forkosningar og kjörfundir flokkanna. Donald Trump og Ted Cruz slást hjá repúblíkönunum en meðal demókrata hefur Bernie Sanders sótt verulega á Hillary Clinton.

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders vantar ekki mikið upp á til að sigra Hillary Clinton á fyrsta kjörfundi Demókrataflokkssins, ef marka má skoðanakannanir. Hann mælist með um 45 prósentu stuðning en Clinton með 47 til 48 prósent, samkvæmt samantekt á fréttavefnum RealClearPolitics.com.

Fyrsti kjörfundur flokksins verður að venju haldinn í Iowa, núna á mánudaginn, 1. febrúar. Næst kemur röðin að New Hampshire, þar sem haldnar verða forkosningar þriðjudaginn 9. febrúar, og þar virðist Sanders með öruggt forskot. Hann mælist með nærri 54 prósent en Clinton tæplega 40 prósent.

Í herbúðum repúblíkana virðist ekkert lát á sigurgöngu Donalds

Trump, sem mælist með vel yfir 30 prósentu fylgi. Sá sem kemur næstur honum er Ted Cruz, sem er með um 26 prósent í Iowa og gæti því átt möguleika þar, en nær ekki nema 12 prósentum í New Hampshire.

Yfirburðir Trumps voru meira að segja áberandi í sjónvarpskappræðum repúblíkana á fimmtudagskvöldið, þótt Trump sjálfur hafi ákveðið að mæta ekki til leiks og efna heldur til eigin samkomu á sama tíma.

„Það liggur við að ég sakni Trumps,“ sagði Jeb Bush í hálfkærningi, en hann mælist með innan við fimm prósentu fylgi í Iowa.

Alvaran er nú loks að hefjast í hinna ógnarlöngu kosningabaráttu um að verða forsetaefni stóru flokka tveggja í Bandaríkjunum.

Meira en ár er liðið frá því fyrstu frambjóðendurnir lýstu yfir áhuga sínum, og enn eru tæpir tíu mánuðir til forsetakosninganna.

Fyrstu forkosningarnar og kjörfundirnir hafa oft ráðið úrslitum um framhaldið þannig að víða er úrslitanna frá Iowa á mánudaginn beðið með óþreyju. Rúmlega viku síðar ættu línur síðan að skýrast enn betur, þegar úrslit koma frá New Hampshire.

Síðar í febrúar kemur röðin svo að Nevada og Suður-Karólínu, en 1. mars er svo röðin komin að ofurþriðjudeginum svonefnda, þegar kosið er samtímis í fjórtán ríkjum Bandaríkjanna.

Eftir þann mikilvæga dag má búast við að verulega fækki í hópi fram-

» 1. mars verður „ofurþriðjudagurinn“ svonefndi, þegar forkosningar og prófkjör verða haldin í 14 ríkjum samtímis. Eftir það fer væntanlega að kvarnast verulega úr hópi frambjóðenda.

bjóðenda Repúblíkanaflokksins, en þeir eru nú 11 talsins.

Formlega ganga flokkarnir tveir svo frá útnefningu forsetaefna sinna á landsþingum sínum, sem haldin verða í júlí. Forsetakosningar verða síðan þriðjudaginn 8. nóvember. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

**2FYRIR1**

**3. febrúar í 7 nætur**

Frá kr. **89.900** m/hálft fæði innifalið

**GRAN CANARIA**

Beverly Park

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í íbúð. 2fyrir1 tilboð á flugsæti með gistingu.

**Heimsferðir**

## Íslandsbanki kominn í ríkiseigu

**VIÐSKIPTI** Glitnir hefur afhent ríkinu allt stöðugleikaframlag slitabúsins. Þetta segir Ingólfur Hauksson, framkvæmdastjóri Glitnis. Frá því hafi verið gengið í vikunni.

Það þýðir að Íslandsbanki er að fullu kominn í ríkiseigu. Stjórnvöld meta 95 prósentu eignarhlutinn í Íslandsbanka sem Glitnir afhenti á 185 milljarða króna og stöðugleikaframlag Glitnis í heild 229 milljarða króna. Samkvæmt svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins tekur Seðlabankinn við eignarhlutum sem slitabúin greiða ríkinu. Á Alþingi liggur fyrir lagafrumvarp þar sem kveðið er á um að sérstakt eignaumsýslufélag verði stofnað um stöðugleikaframlögin í umsjón Seðlabankans.

Ingólfur segir að meðal eigna sem hafi verið afhentar séu eignarhlutir í ýmsum íslenskum fyrirtækjum. Þar á meðal hlutir í Sjóvá, Reitum og lítill hlutur í Eimskip. Glitnir átti 13,67 prósentu eignarhlut í Sjóvá í gegnum



Íslandsbanki er kominn í ríkiseigu að sögn framkvæmdastjóra Glitnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

félagið SAT eignarhaldsfélag hf. sem er tæplega 2,5 milljarða króna virði. Auk þess átti Glitnir 6,26 prósentu eignarhlut í Reitum sem metinn er á 3,8 milljarða króna.

Þá eru lán Glitnis til Reykjanesbæjar meðal þeirra eigna sem afhentar hafa verið ríkinu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið vildi ekki upplýsa um hver aðkoma ríkisins að viðræðum Reykjanesbæjar við kröfuhafa

yrði í kjölfar þess. Ríkið hefur verið óbeinn aðili að viðræðunum þar sem Landsbankinn er einn kröfuhafa. Þá skuldar Reykjanesbær Íslandsbanka einnig talsverða fjármuni.

Á hluthafafundi í Glitnis í gær voru Norðmaðurinn Tom Gröndahl, Daninn Steen Parsholt og Bretinn Mike Wheeler kjörnir í stjórn eignaumsýslufélagsins. Þeir voru þeir einu sem voru í framboði. – ih

# Við komum þér á stöndina

OPIÐ Í DAG FRÁ  
11:00 TIL 16:00

## ALMERÍA

HLÝLEGT IBÚÐAHÓTEL



Roquetas De Mar  
**ARENA CENTER**★★★★

Net Skemmtidagskrá Fæði Strönd 300 m

Verð frá **79.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi 23.–30. júní.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 108.800 kr.

Vinsælt fjölskylduhótel með góðum sundlaugagarði. Skemmtidagskrá í boði. Stúdíóíbúðir og íbúðir m/1 svefnherbergi. Hægt að fá með hálfu fæði eða án fæðis.

## MALLORCA

FRÍR AÐGANGUR Í AQALAND



Alcudia  
**SOL ALCUDIA CENTER**★★★

Net Skemmtidagskrá Fæði Strönd 50 m

Verð frá **77.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi 17.–24. maí.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 92.900 kr.  
\*Ef bókað er fyrir 15. feb., meðan birgðir endast.

Góðar íbúðir með 1 svefnherbergi eða stúdíó íbúð. Skemmtilegur sundlaugagarður og skemmtidagskrá á hótelinu. Val um fæðimöguleika.

## BENIDORM

VINSÆLT HÓTEL



Benidorm  
**GRAN HOTEL BALI**★★★★

Net Skemmtidagskrá Fæði Strönd 300 m

Verð frá **94.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíþýli með hálfu fæði 31. maí – 8 júní.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 120.000 kr.

Vel staðsett á Costa Blanca. Stór og fallegur sundlaugagarður, leiksvæði, heilsurækt og spa. Lifandi tónlist á hverju kvöldi. Hálf eða fullt fæði. Stutt í verslunarmiðstöð og aðra afþreyingu.

## ALBÍR

VINSÆLT HÓTEL



Albir  
**ALBIR PLAYA**★★★★

Net Skemmtidagskrá Fæði Strönd 1 km

Verð frá **89.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með morgunverði 27. maí – 3. júní. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 102.900 kr.

Mjög gott, nútímalegt og barnvænt hótél. Boðið er upp á líf og fjör jafnt á daginn sem á kvöldin með fjölbreyttri dagskrá. Hægt er að kaupa hálf eða fullt fæði.

## TENERIFE

FRÁBÆRT FYRIR FJÖLSKYLDUR



Playa de las Americas  
**PARQUE SANTIAGO**★★★

Net Strönd 50 m

Verð frá **109.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi 27 ágúst.–3. sept.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna 110.400 kr.

Eftirsótt íbúðahótel fyrir fjölskyldur með börn á besta stað á Play de las Americas stöndinni. Barnvænn sundlaugagarður og mjög góð aðstaða fyrir fjölskylduna.

## KANARÍ

VINSÆLT



Enska ströndin  
**BARBACAN SOL**★★★★

Net Skemmtidagskrá Fæði Strönd 1,5 km

Verð frá **85.900 KR.\***  
\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi 29. júní – 6. júlí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 109.500 kr.

Góðar íbúðir með einu eða tveimur svefnherbergjum ásamt smáhýsum með tveimur svefnherbergjum. Góður sundlaugagarður, 2 laugar og fyrsta flokks þjónusta.

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabrengl.

## RAUÐIR DAGAR!

VIÐ ERUM MEÐ TILBOÐ Í SÓLINA Á VÖLDUM BROTTFÖRUM Í SUMAR, VINSÆLUSTU GISTINGARNAR BÓKAST FYRST.

### MALLORCA

MAÍ 2016  
**17**  
VERÐ FRÁ 78.500 KR\*

JÚNÍ 2016  
**28**  
VERÐ FRÁ 101.600 KR\*

### ALMERÍA

JÚNÍ 2016  
**23**  
VERÐ FRÁ 79.900 KR\*

JÚNÍ 2016  
**30**  
VERÐ FRÁ 89.900 KR\*

### KANARÍ

JÚNÍ 2016  
**22**  
VERÐ FRÁ 84.500 KR\*

JÚNÍ 2016  
**29**  
VERÐ FRÁ 85.900 KR\*

\*Verð eru miðuð við tvo fullorðna og tvö börn.



Gjaldsvæði 1 mun hækka um 20 krónur á tímum frá og með 1. febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hækkanir hjá Bílastæðasjóði

**REYKJAVÍKURBORG** Frá og með 1. febrúar tekur gildi hækkan á gjaldskrá útistæða Bílastæðasjóðs.

Gjaldsvæði 1 fer úr 230 krónum á klukkustund í 250 krónur. Gjaldsvæði 2 er 125 krónur á klukkustund og verður óbreytt. Gjaldsvæði 3 fer úr 85 krónum á klukkustund fyrir fyrstu tvær klukkustundir í 90 krónur á klukkustund en óbreytt gjald, 20 krónur, hver klukkustund eftir það. Gjaldsvæði 4 er 125 krónur á klukkustund og verður óbreytt. – sg

## Afvopna norsku lögregluna

**NOREGUR** Norska lögreglan mun leggja niður vopn þann 3. febrúar næstkomandi. Ákveðið var fyrr í vetur að lögreglan myndi bera skotvopn til bráðabirgða en ekki hafa þau eingöngu í lögreglubílum. Nú hefur verið tilkynnt að ástandið sé orðið öruggara.

Prófessor við lögrehluháskólann, Johannes Knutsson, segist eiga erfitt með að sjá að vopnaburðurinn hafi stuðlað að aukinni vernd. – ibs

## Hengd fyrir Hollande og Rouhani



Aðgerðasinni á vegum Femen mótmælir komu Rouhani Íransforseta til Frakklands og dauðarefsingum í Íran. Íranar ætla að hefja umfangsmikil viðskipti í Frakklandi. Femen segir Hollande Frakklandsforseta einungis hafa áhuga á viðskiptum en ekki mannréttindum. NORDICPHOTOS/AFP

## Þarfir heimamanna ráði

Komið er að útboði nýs Herjólfss. Heimamenn minna á sig og krefja stjórnvöld um aðgerðir og viðurkenningu á því að þjóðvegurinn til Eyja liggja um opið haf. Bæjarstjórinn segir með ólíkindum að málið hafi verið uppi á borði í áratug.

**SAMGÖNGUR** Það er eðlileg og sanngjörn krafa að siglingar Vestmannaeyjaferju lúti sömu lögmálum og annars staðar á þjóðvegum landsins. Gjaldtaka og þjónustustig á að taka mið af því.

Þetta kom fram á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja á fimmtudag þar sem fjallað var sérstaklega um útboð nýrrar Vestmannaeyjaferju og rekstur hennar.

Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs áttu fund með samgönguyfirvöldum í vikunni þar sem áhersluatriði Vestmannaeyinga voru ítrekuð.

Samþykkt var ályktun í þrettán liðum um væntanlegt útboð og minnt á fyrri bókanir bæjaryfirvalda um að tafarlaust verði ráðist í smíði nýrrar ferju og smíðatími hennar nýttur til að gera nauðsynlegar endurbætur á Landeyjahöfn.

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að langlundargeð heimamanna sé þrotið og með ólíkindum að málið, sem snýst um lögbundna skyldu ríkisins til að tryggja samgöngur, sé búið að vera uppi á borði í áratug.

Áhersluatriði bæjarstjórnar lúta að fjölmörgum atriðum. Mesta vigt hefur grunnþjónustan og mikill kostnaður sem kristallast í texta fundargerðarinnar. „Siglingar í Landeyjahöfn eru þjóðvegurinn til Eyja.“

Ellíði bendir á að ferðakostnaður heimamanna sé með öllu óásættanlegur, og tekur dæmi af fjögurra manna fjölskyldu sem fer einu sinni á ári í land í gegnum Þorlákshöfn. Það kostar um hálfa milljón á ári.

„Það eru meiri álögur en hægt er að búa við,“ segir Ellíði og bætir við að enginn myndi setta sig við það að ef Hvalfjarðargöngin væru lokuð þá þyrfti að greiða margfalt herra verð fyrir að keyra um Hvalfjörð.

Hér er undir sú staðreynd að mun dýrara er að fara á milli þá mánuði



Löngu er orðið tímabært að kveðja gamla Herjólf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ný ferja – margföld afkastageta

- Herjólfur hefur siglt allt að 5 ferðir á dag þegar siglt hefur verið til Landeyjahafnar. Flutningsgeta 280 bílar, 1.940 farþega.
- Innan sama tíma og fyrir mun lægri kostnað á ný ferja að getað farið allt að 8 ferðir á dag. Í þeim getur hún flutt 520 bíla og 4.400 farþega.

sem Landeyjahöfn er lokuð vegna náttúrulegra aðstæðna. Fráleitt sé að greiða herra verð þegar siglt er um lengri og erfiðari leið vegna náttúrulegra aðstæðna.

„Frumkrafa okkar er sú að það sé eitt verð í Herjólf og við ekki látin greiða þann aukakostnað sem fellur til fyrir það eitt að ríkið getur ekki staðið undir þeim skuldbindingum sem þeir áttu við samfélagið um siglingar í Landeyjahöfn,“ segir Ellíði.

Hönnun nýrrar ferju er að ljúka og komið að ákvörðun stjórnvalda um útboð á ferjunni. Annars vegar smíði hennar og hins vegar rekstri.

„Með ályktun okkar er til að minna á að með nýrri ferju sé skilið við þetta ófremdarastand sem búið er að vera. Til að svo geti orðið verður að horfa til þarfa heimamanna en einhliða ákvarðanir séu ekki teknar af embættismönnum sem ekki þekka til,“ segir Ellíði.

svavar@frettabladid.is

### Vetraropnun Skálafells

Skálafell verður opið um helgar frá og með sunnudeginum **31. janúar 2016.**



SKÍÐASVÆÐIN



Aðeins opið um helgar kl. 10.00–17.00


Upplýsingasími 530 3000 skidasvaedi.is

### FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI

## OFURFÆÐI í hylkjum

- 31 innihaldsefni
- Hátt næringargildi
- Aukin orka og úthald
- Ríkt af andoxunarefnum
- Hátt hlutfall vítamína, steinefna, ensíma og aminosýra
- 100% náttúrulegt og lífrænt

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana



Síminn 

NETIÐ  
SKJÁREINN  
STÓMVARP SÍMANS  
9 ERLENDAR STÖÐVAR  
SPOTIFY  
ENDALAUS HEIMASÍMI  
SKJÁRKRAKKAR / ÞÆTTIR  
12.000 KR./MÁN.

Nánar á [siminn.is](http://siminn.is)

**Sjáðu allt sem er í Heimilispakkanum!**

Nýttu þér möguleikana á að stjórna fullkomlega hvernig þú nýtur alls þess frábæra efnis sem SkjárEinn hjá Símanum hefur að bjóða – og þú missir aldrei af neinu! SkjárEinn hjá Símanum með Forsýningar, Frelsi, Tímaflakk og fleiri þægindi fylgir með í Heimilispakkanum.

Þú getur meira með Símanum | Hringdu núna í 800 7000 eða opnaðu Netspjall á [siminn.is](http://siminn.is) til að klára málið!

\*Límgjald ekki innifalið.

## Lausn á myndagátu Fréttablaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Myndagáta Fréttablaðsins birtist í síðasta tölublaði ársins, á gamlársgát.

Aldrei áður hafa svo margir sent inn lausnir, en alls bárust blaðinu um 130 réttar niðurstöður.

Í verðlaun voru tveir miðar á leiksýningu að eigin vali í Borgarleikhúsinu.

Vinningshafinn var dreginn út af aðalritstjóra fréttastofu 365 miðla, Kristínu Þorsteinsdóttur, en sú heppna var Helga Þorvaldsdóttir sem tók við verðlauninum í gær.

Höfundur gátunnar er Ingvaldur Róbertsdóttir, prófarkalesari á Fréttablaðinu, en hún hefur samið myndagátuna um árabíl. – fbj



Vinningshafinn, Helga Þorvaldsdóttir, tekur við vinningnum úr hendi Kristínar Þorsteinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Misskipt er mannaláni. Flestir hafa nóg til hnífs og skeiðar, hús að búa í, gott líf, en ekki allir. Jafna verður kjör þeirra er minnst hafa.

### Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum 2016

Innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fer fram fyrir en innritun almennt í framhaldsskóla. Þetta er gert til þess að framhaldsskólar, nemendur og foreldrar fái meira svigrúm til að undirbúa framhaldsskólavistina.

Innritunartímabilið stendur yfir 1.–29. febrúar 2016. Tímamörk almennrar innritunar gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast eftir að tímabilinu lýkur.

Allar leiðbeiningar varðandi innritunarferlið er að finna í bréfum til nemenda og forráðamanna þeirra sem afhent verða í grunnskólum landsins. Bréfin verður einnig að finna á Menntagáttinni, á slóðinni [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is)

Lista yfir skóla sem bjóða upp á starfsbrautir er að finna á menntagatt.is, en upplýsingar um brautirnar sjálfar er að finna á vefsíðum viðkomandi framhaldsskóla og hjá forsvarsfólki brautanna.

Nánari upplýsingar um rafræna innritun á starfsbrautir veitir Svanhildur Steinarsdóttir hjá Menntamálastofnun í síma 514 7500 eða í gegnum tölvupóstinn [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is).

# Skikkaður til að drepa

Fyrirverandi hermaður frá Úkraínu var neyddur til þess að drepa og hætta eigin lífi í Austur-Úkraínu. Hann flúði til Íslands og var neitað um vernd. Talsmaður hans hjá Rauða krossinum segir Útlendingastofnun hafa brugðist skyldu sinni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**VIÐTAL** Hermaðurinn fyrirverandi kemur á fund blaðamanns með Arndísi Gunnarsdóttur, talsmanni hans hjá Rauða krossinum. Hann leggur líf sitt í hættu með því að ræða við fjölmiðla og því kemur hann ekki fram undir nafni.

Hann er rúmlega fimmtíu ára gamall og kom til landsins fyrir um það bil ári. Hann framvísaði úkraínsku vegabréfi og gaf sig fram við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og óskaði eftir hæli á Íslandi.

Hann er hraustlegur en það er þungt yfir honum.

Hann hefur búið í Reykjanæsbæ, þar hefur hann fengið sálfræðiaðstoð vegna áfallastreitu. Hann segist gjarnan myndu vilja læra íslensku en talar ekki mikla ensku, svo það reynist erfitt.

#### Þetta er ekki kvikmynd

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann flýr stríðið. Hann gerði tilraun til flóttu fyrir nokkrum árum og flúði til annars lands. Hann var sendur aftur til Úkraínu. Eftir fyrsta flóttann var hann umsvifalaust kallaður í herinn aftur og sendur til baráttu í fremstu víglínu við uppreisnarsamtök aðskilnaðarsinna í Austur-Úkraínu þar sem hefur verið mikið mannfall.

Í átökunum þar sem hann barðist létu eitt þúsund úkraínskir hermenn lífið. Hann segir hermenn hafa verið illa búnum vistum og hergögnum. „Þetta var nánast sjálfsvíg. Þetta er ekki kvikmynd, fólk var að deyja,“ segir hann og brotnar saman. Hann grætur og felur andlitið í greipum sér. Stendur upp og gengur um til að jafna sig.

„Hann brotnaði líka saman í viðtali við kærnefnd,“ segir Arndís frá. Hann neitaði að fylgja frekari fyrirmælum yfirmanna og flúði til Íslands. Hann segir að í kjölfar þessara atburða geti hann ekki hugsað sér að taka þátt í stríðinu lengur. Hann hafi séð nógu mikið af blóði og mannskæðum átökum um ævina. Hann hafi tilneyddur þurft að taka þátt í tvennum blóðugum stríðsátökum og megni ekki meir.

#### Synjað um hæli

Útlendingastofnun synjaði honum um hæli sem flóttamanni á Íslandi vegna þess að þær hótanir og ofbeldi sem hann hefur orðið fyrir vegna þátttöku sinnar í átökum í Úkraínu geti ekki talist til ofsókna. Í rökstuðningi stofnunarinnar segir að andstæðingar ríkjandi stjórnvalda á Krímskaga séu úr röðum aðskilnaðarsinna. Ekki úr eigin herliði.

Í ákvörðuninni segir ennfremur að ríkjandi stjórnvöld á Krímskaga hafi gert lista með 344 einstaklingum sem eru taldir andstæðingar þeirra og um leið óæskilegir sem fá ekki að snúa til baka á svæðið. Segir þar að þessir aðilar séu allir stjórnendur og hátt settir einstaklingar innan raða aðskilnaðarsinna og verði ekki séð að hermaðurinn fyrirverandi sé þeirra á meðal. Af þessu er dregin sú ályktun að hann sé ekki í neinni hættu í heimalandinu vegna stjórnmalaskoðana sinna.

Arndís bendir á að það séu ekki aðeins þeir hátt settu sem eigi að njóta verndar. „Meira að segja í tilvikum þar sem vafi leikur á um hvort krafa um hæli geti grundvallast á flóttu undan herskyldu af samviskuástæðum, telst það til ofsókna þegar aðstæður þeirra eru neyddir til að gegna herþjón-



Arndís Gunnarsdóttir með skjólstæðingi sínum, fyrirverandi hermanni sem var sendur í fremstu víglínu í Austur-Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Ástandið í Úkraínu

Í nýlegri skýrslu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 15. janúar 2015 segir að í ljósi versnandi ástands í Úkraínu á árinu sé mikilvægt að endurmata stöðu þeirra einstaklinga sem flúðu hafa aðstæður þar í landi og sótt um hæli í öðrum löndum og fengið neitun. Segir í skýrslunni að sérstaklega beri þar að skoða mál þeirra sem flýja vegna pólitískra ofsókna og þeirra sem flýja herskyldu.

Í annarri nýlegri skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum kemur fram að átökin í austurhluta Úkraínu hafi kostað í kringum 5.500 manns lífið og hrakið um milljón einstaklinga á flóttu.

Þetta var nánast sjálfsvíg. Þetta er ekki kvikmynd, fólk var að deyja.

Fyrirverandi hermaður frá Úkraínu

ustunni eru svo slæmar að jafnast á við pyntingar eða ómannúðlega meðferð í skilningi mannréttindasamninga. Það eru ekki bara hátt settir sem verða fyrir ofsóknum og eiga að njóta verndar. Það að skorast undan herskyldu getur veitt rétt til alþjóðlegrar verndar þegar fólk er ekki gefinn kostur á því að skorast undan herskyldu af samviskuástæðum. Þetta hefur verið staðfest af Mannréttindadómstóli Evrópu,“ segir hún.

#### Vill ekki drepa

Arndís greinir frá ástæðum flóttu umbjóðanda síns „Meginástæður fyrir flóttu hans frá Úkraínu eru tvær. Annars vegar sú staðreynd að hann er ofsóttur vegna stjórnmalaskoðana sinna þar sem hann tók virkan þátt í stjórnmalum. Þá sá hann engan kost annan en að flýja heimaland sitt vegna þess að hann var þvingaður í fremstu víglínu gegn

eigin vilja. Vegna flóttans á hann yfir höfði sér fangelsisrefsingu fyrir liðhlaup og fyrir að hafa neitað að fylgja fyrirmælum yfirmanna sinna í úkraínska hernum.“

Í ákvörðun Útlendingastofnunar segir að umsækjandi hafi ekki borið það fyrir sig að hafa skorast undan herskyldu af þeim ástæðum sem veita rétt til alþjóðlegrar verndar heldur að hann hafi kveðið ástæðuna vera óviðunandi aðbúnað í úkraínska hernum. Arndís gerir alvarlega athugasemd við þessa staðhæfingu Útlendingastofnunar og telur hana villandi þar sem snúid er út úr frásögn kæranda.

„Það er ekki tekin afstaða til þeirrar málsástæðu að hann á yfir höfði sér fangelsisrefsingu fyrir að hafa gerst liðhlaupi og þess að hann vill samvisku sinnar vegna ekki taka þátt í aðgerðum sem hann telur að jafnast á við að senda saklaust fólk út í opinn dauðann. Hann vill ekki drepa, vill ekki taka þátt í stríði, það er sannfæring hans.“

Hermaðurinn fyrirverandi segist þakklátur fyrir aðbúnað á Íslandi. „Þið eruð friðsæl þjóð og vinaleg sem takið afstöðu gegn stríði. Þess vegna kom ég hingað. Þess vegna vil ég vera hér. Ég vil ekki drepa, ég vil ekki taka þátt í stríði.“



30! years 4MATIC

HYTA HUSIDIA - 16-0082



## Frumskýnum nýja GLE og GLE Coupé í sýningarsal Öskju í dag kl. 12-17

Afl, snerpa og tækninýjungar einkenna nýja Mercedes-Benz GLE og GLE Coupé. **GLE** er byggður á hinum vinsæla ML og kemur nú í nýrri útgáfu og **GLE Coupé** er nýr bíll þar sem við finnum fyrir nærveru sportjeppans bak við glæsilegt og sportlegt Coupé-yfirbragðið. Báðir bjóða þeir upp á DYNAMIC SELECT kerfið með fimm akstursstillingum sem auðvelda þér aksturinn og 9G-Tronic sjálfskiptingin vinnur með þér við allar aðstæður. Að sjálfsögðu eru þeir búnir hinu háþróaða 4MATIC fjórhjóladrifi.

**Komdu og reynsluaktu – þú gætir unnið helgarafnot af glænýjum Mercedes-Benz GLE.**

**Mercedes-Benz**  
The best or nothing.



# Leiðin er grýtt



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**M**ettylgi Pírata í skoðanakönnunum er hætt að koma á óvart. Fjölmíðlar eyða ekki lengur heilu síðunum í að fjalla um þennan nýja rísa í íslenski pólitík. Fregnir af hverju fylgismetinu á færur öðru eru ekki lengur efni á uppslætti.

Skoðanakannanir eru eitt – kosningar annað. Ýmislegt getur gerst á þeim tæpu sextán mánuðum sem eru í kosningar. eru kjósendur Pírata að hóta hefðbundnu flokkunum, og kjósa svo það sem þeir þekkjá þegar til kastanna kemur? Hvaða tromp draga framsóknarmenn fram úr erminni núna? Verður sjálfstæðismönnum umbunað fyrir efnahagsbatann? Er Samfylkingin virkilega bara tíu prósentu flokkur?

Fyrir Pírata er sennilega mikilvægast að halda áfram sinni vegferð. Þeir eiga góða talsmenn sem virðast geta tekið skynsamlega og ígrundaða afstöðu til einstakra mála þvert á kreddur eða gamlar flokkslínur. Flokksmenn hafa líka forðast upphrópanir, af því tagi sem sumir íslenskir stjórnmálamenn virðast telja lykilhluða af starfslýsingunni.

Ekki má heldur gleyma að Píratar hafa lagt til nokkur athyglisverð og frumleg stefnumál, til dæmis hugmyndina um borgaralaun.

Stærsta áskorunin í þessum efnun er sennilega sú staðreynd að með hverri könnuninni, og því nær sem dregur kosningum, verður líklegra að Píratabólan sé alls engin bóla, heldur nýr pólitískur veruleiki. Svo getur raunverulega farið að Píratar verði í þeirri stöðu að leiða ríkisstjórn eftir eitt og hálf ár.

Það vekur nátttröllin. Flokkurinn þarf að varast pólitíska lukkuriddara sem sjá sér leik á borði að komast til áhrifa, og telja sig sjálfkjörna til áhrifasæta á framboðslistum.

Ekki er síður mikilvægt að varast að upp úr sjóði innbyrðis. Fyrstu merkin eru komin fram. Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi kapteinn og einn stofnenda flokksins, hefur gefið út að hún hyggist gefa kost á sér áfram. Í trássi við fyrri yfirlýsingar um að átta ára seta sé algert hámark til að tryggja nauðsynlega endurnýjun og koma í veg fyrir spillingu.

Nú telur hún nauðsynlegt að sitja áfram til að tryggja hugsjónum Pírata framgang. Í sömu andrá lýsir hún því yfir að frjálslyggjufólk sé óvelkomið í Píratahreyfinguna, og hefur ýmsa tilburði í frammi á spjallþræði flokksins. Það er stílbrot hjá forystukonu í flokki sem berst fyrir óheftu tjáningarfrelsi.

Meira í anda Pírata eru yfirlýsingar hennar um stjórnarskrárvinnuna, sem nú fer fram í sérstakri þingnefnd. Birgitta neitar þátttöku í nefndinni á þeim forsendum að um tilraun til að drepa stjórnarskrármálinu á dreif sé að ræða. Þar er hún samkvæm sjálfri sér um að tillögur Stjórnlagaráðs, sem samþykktar hafa verið í þjóðaratkvæði, ættu að vera grundvöllur nýrrar stjórnarskrár. Þar greinir hana á við suma félaga sína.

Píratar eru í öfundsverðri stöðu. Leiðin framundan er hins vegar grýtt. Fyrir þá er heillavenlegast að halda sínu striki, varast lukkuriddara og passa að sundrung meðal áhafnarinnar fari ekki úr böndum.

Annars gæti stjarna Pírata hrpað jafn skyndilega og hún hefur risið.



Fyrstu merkin eru komin fram. Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi kapteinn og einn stofnenda flokksins, hefur gefið út að hún hyggist gefa kost á sér áfram.

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

### Við erum höfð að fíflum



Þegar tveir mánuðir voru liðnir frá innrás Saddams Hussein í Kúveit í ágúst 1990 hafði almenningssáttmáli Bandaríkjunum snúist gegn hugmyndum um hernaðarleg afskipti af málinu. En svo ávarpaði sakleysisleg fimmtán ára stúlka Bandaríkjaþing og allt breyttist. „Ég sá írakska hermenn ráðast inn í spítala með byssur,“ sagði kjókrandi stúlkan sem var aðeins kynnt sem Nayirah frá Kúveit. „Þeir tóku börnin úr hitakössunum, stálu kössunum og skildu börnin deyjandi eftir á köldu gólfinu.“

Almenningur studdi nú hernað. Persaflóastríðið var háð með Bandaríkin í broddi fylkingar.

Ekki leið þó á löngu uns í ljós kom að bandarískur almenningur hafði verið hafður að fíflum. Framburður stúlkunnar var uppspuni. Nayirah bjó í Bandaríkjunum og var dóttir sendiherra Kúveit í Washington. Sagan af skepnuskap írakska hermanna var samin af bandarísku almannatengslafyrirtæki að tilhlutan stjórnvalda í Kúveit.

#### Hvað gengur Kára til?

Ég sat við tölvuna, við það að kvitta undir undirskriftasöfnun Kára Stefánssonar til stuðnings íslensku heilbrigðiskerfi, þegar Nayirah rífaðist upp fyrir mér. Ég kippti að mér höndunum.

Í nýrri bók eftir bandaríska heimspekinginn James Garvey er því haldið fram að það sé ekki rökhusun sem stýri ákvörðunum okkar og gjörðum, heldur tilfinningar. Óprúttir aðilar færa sér þessa staðreynd stöðugt í nyt. Auglýsingastofur, almannatenglar, þrýstihópar, stórfyrirtæki og jafnvel góðgerðarstofnanir nota nýjustu rannsóknir á sviði sálfræði til að fá okkur á sitt band. Er þetta gert af svo mikilli leikni að við tökum ekki einu sinni eftir því að verið er að hafa áhrif á okkur.

Margir hafa stigið fram og látið í ljós efasemdir um málstað Kára Stefánssonar. „Hvaðan á peningurinn að koma?“ spyrja stjórnarliðar háðslega. „Er Kári byrjaður í kosningaherferð fyrir forsetaembættið?“

„Já, hvaðan eiga þessir peningar að koma?“ fnæsti ég og sveiflaðist snögglega í hina áttina eins og strá í vindi.

„Hvað gengur Kára til? Er verið að hafa mig að fíflum?“ En skyndilega rann mér kalt vatn milli skinns og hörunds.

#### Dauðans alvara

Samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Pírata síðla síðasta ár vilja meira en 90% landsmanna að Alþingi forgangsráði fjármunum til heilbrigðismála. Það er ekki að ástæðulausu sem fólk vill að gerð sé á þeim bragarbót. Tölurnar tala sínu máli. Biðlistar eru gott dæmi. Í nýlgru greinargerð frá Landlækniseimbættinu kemur fram að í flestum tilfellum þarf helmingur sjúklinga að bíða lengur eftir aðgerð en alþjóðleg viðmið segja til um. Stundum eru það átta af hverjum tíu.

Tortryggni mín var réttmæt. Það var verið að spila með mig. Hinn sekí var hins vegar ekki sá sem ég hafði talið í fyrstu.

Í stað þess að hlusta á vilja þjóðarinnar og leggja drög að úrbótum á heilbrigðiskerfinu hafa þingmenn stjórnarflokkanna keppt við að slá ryki í augu fólks. Ráðamenn þjóðarinnar, með forsætisráðherra fremstan í flokki, nálgast umræðuna um heilbrigðiskerfið eins og hafin sé einhver Morfiskeppni og sá vinnur sem kjaftar hinn í kaf. En þetta er enginn leikur. Heilbrigðiskerfið er dauðans alvara. Bókstaflega.

#### Þvættingur

Síðustu misseri höfum við ítrekað heyrt sögur af fólki sem bíður eftir að komast í aðgerðir, fær ekki lyf, kemst ekki í réttu tækin eða liggur frammi á göngum Landspítalans vegna plássleysis bugað af fjárhagsáhyggjum því hlutdeild þess í kostnaði við meðferð er svo há. Ekkert bendir til þess að þessar sögur séu áróður, skáldskapur sem saminn var til að greiða götu Kára Stefánssonar að Bessastöðum.

Fullyrðing ríkisstjórnarinnar um að ekki séu til peningar til að halda úti almennilegu heilbrigðiskerfi er hins vegar þvættingur. Ef við höfum efni á að svo gott sem gefa auðlindir þjóðarinnar útvöldum, svo ekki sé talað um eignir á við banka og fyrirtæki, höfum við efni á að hjúkra sjúkum. Þess vegna ætla ég að skrifa undir á [www.endurreisn.is](http://www.endurreisn.is).

Ferðaskrifstofan Mundo býður upp á beint flug til Spánar 24.-28. febrúar.

Real Madrid - Atlético Madrid og 4 stjörnu hótél.

Verð frá 169.000 kr miðað við 2 í herbergi.

Hjólaferð á Jakobsvegi - Burgos - Astorga. Verð 149.000 kr miðað við 2 í herbergi.

MUNDO  
www.mundo.is



Hafðu samband: [margret@mundo.is](mailto:margret@mundo.is)

# Síðustu dagar útsölnunnar. 25-50% afsláttur!



## Islandia borðstofuhúsgögn

Mikið úrval af skápum, hillum, sjónvarpsskápum, sófaborðum, stækkanlegum borðstofuborðum o.fl.. Fáanleg í eik og hnotu. Nú með 25% afslætti.  
Borðstofuborð 100 x 200/300 cm kr. 359.000,-, nú 269.250,-. Borðstofuborð 100 x 160/260 cm, kr. 338.000,- nú 253.500,-. Glerskápur 110 x 200 cm, kr. 329.000,-, nú 246.750,-.  
Skenkur 3ja hurða 189 x 50 x 88 cm, kr. 323.000,-, nú 242.250,-. Skenkur 4ra hurða 240 x 50 x 88 cm, kr. 429.000,-, nú kr. 321.750,-.  
Borðstofustóll í leðri, 32.700,-, tilboðsverð (-30%) kr. 22.890,-.



Riverdale rammi,  
frá kr. 2.400,-, nú frá kr. 1.200,-



Riverdale lukt,  
frá kr. 8.400,-, nú frá kr. 4.200,-



## Stoffus tungusófi

Stærð; 285 x 180 cm. Litir: dökkbrúnt og ljósbrúnt  
Verð kr. 526.000,-, nú 368.200,-



## HTL 9801 hornsófi í leðri

Litir; svart, brúnt og grátt. Stærð 290 x 215 cm.  
Verð kr. 698.000,-, nú kr. 523.500,-



Riverdale kassi f/ritföng,  
kr. 14.800,-, nú kr. 7.400,-



Riverdale skartgripaskrín,  
kr. 23.300,-, nú kr. 11.650,-



Riverdale púði,  
kr. 11.200,-, nú kr. 5.600,-



Riverdale lampi,  
kr. 39.000,-, nú kr. 19.500,-



## HTL 10558 hvíldarsófasett í leðri 3+1+1

Litir: svart, grátt og brúnt. Verð kr. 878.000,-, nú kr. 614.600,-

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.



Dagur Sigurðsson fagnar á hliðarlinunni í gær. Hans menn unnu nauman sigur á Noregi í æsispennandi undanúrslitaleik í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Nýjast

### Undanúrslit

#### Noregur - Þýskaland 33-34

Markahæstir: Kristian Björnson 8, Bjarte Myrhol 5 – Tobias Reichmann 10, Kai Häfner 5, Julius Kühn 5.

#### Spánn - Króatía 33-29

Markahæstir: Antonio Garcia 6, Valero Rivera 6, Victor Tomas 5, Julen Aguinalde 5 – Ivan Sliskovic 6, Marino Maric 4, Marko Kopljar 4, Manuel Strlek 4.

### Leikur um 5. sætið

#### Frakkland - Danmörk 29-26

Markahæstir: Benoit Kounkoud 8, Cedric Soirhando 6 – Peter Balling 7, Mads Mensah Larsen 4.

### Leikur um 7. sætið

#### Pólland - Svíþjóð 26-24

Markahæstir: Przemyslaw Krajewski 5, Bartosz Konitz 5 – Lukas Nilsson 5, Philip Stenmalm 4.

### Domino's-deild karla

#### Höttur - Keflavík 66-69

Stigahæstir: Mirko Stefán Virijevic 21/11 frá, Tobin Carberry 20/7 frá, /5 stoðs. – Earl Brown 14, Valur Orri Valsson 11.

#### Haukar - Tindastóll 79-76

Stigahæstir: Brandon Mobley 20/13 frá-köst/, Kári Jónsson 20, Emil Barja 16/8 frá-köst/6 stoðsendingar/5 varin skot – Jerome Hill 21/, Darrel Lewis 19/5 frá-köst/5 stolnir.

Efst	Neðst
Keflavík 24	Snæfell 14
KR 24	Tindastóll 14
Stjarnan 22	Grindavík 12
Pór Þorl. 18	ÍR 10
Njarðvík 18	FSu 6
Haukar 16	Höttur 2

### NORÐMENN KVÖRTUÐU

Norska handknattleikssambandið lagði fram kæru til Handknattleikssambands Evrópu eftir tapið gegn Þýskalandi í gær. Samkvæmt norskum fjölmiðlum var auka- maður í sókn, sem er klæddur í vesti, inni á vellinum á sama tíma og markvörður liðsins í lokasókn Þýskalands. Norskir fjölmiðlar bentu einnig á að leikmenn af varamannabekk þýska liðsins hefðu hlaupið inn á völinn til að fagna sigrinum áður en leiktíminn rann út. Sjónvarpsupptökur virtust styðja mál Norðmannanna en hvorki dómarmar né starfsmenn á ritaborði gerðu athugasemdir við þetta.

## Um helgina

Olís-deild kvenna	
<b>L13.30</b> Stjarnan - ÍBV	TM-höllin
<b>L13.30</b> UMFA - Haukar	N1-Höllin
<b>L15.00</b> ÍR - HK	Austurberg
<b>L15.00</b> Fylkir - Selfoss	Fylkishöll

### Dominos-deild kvenna

<b>L16.30</b> Valur - Stjarnan	Valshöllin
<b>L16.30</b> Keflavík - Snæfell	TM-höllin
<b>L17.00</b> Grindavík - Haukar	Röstin

### Helst á Sportstöðvunum

<b>L09.00</b> Katar Masters	Golfst.
<b>L12.40</b> Colchester - Tottenham.	Sport
<b>L14.30</b> Dortmund - Ingolst.	Sport3
<b>L14.55</b> Arsenal - Burnley	Sport
<b>L14.55</b> Barcelona - Atlético	Sport3
<b>L16.30</b> Keflavík - Snæfell	Sport4
<b>L17.20</b> Liverpool - West Ham	Sport
<b>L18.00</b> Farmers Innsurance	Golfst.
<b>L19.40</b> Roma - Frosinone	Sport
<b>S01.00</b> UFC: Johnson v. Bader	Sport
<b>S11.25</b> Chievo - Juventus	Sport
<b>S13.25</b> Carlisle - Everton	Sport
<b>S15.50</b> MK Dons - Chelsea	Sport
<b>S16.30</b> Bayern - Hoffenheim	Sport3
<b>S19.25</b> Real M. - Espanyol	Sport
<b>S19.40</b> AC Milan - Inter	Sport3

# Ævintýrið er dagsatt

Dagur Sigurðsson heldur áfram ótrúlegri sigurgöngu sinni með lemstrað lið Þýskalands og mætir Spánverjum í úrslitaleik EM í handbolta á morgun.

**HANDBOLTI** Gengi þýska handbolta- landsliðsins á EM í Póllandi er kallað ævintýri í þýskum fjölmiðlum. Skyldi engan undra. Liðið er komið alla leið í úrslitaleikinn á ógnarsterku Evrópumeistaramóti þrátt fyrir að hafa misst lykilmenn í nánast öllum leikstöðum í aðdraganda mótsins. Þýskaland vann Noreg í æsispennandi framlengdum undanúrslitaleik í gær, 34-33.

Deji Sigurðssyni er nú hampað sem hetju í Þýskalandi og honum er að stærstum hluta þökkuð sú mikla velgengi sem liðið hefur náð í Póllandi. Liðið hefur, undir handleiðslu Dags, staðist hverja raunina á fætur annarri og afrekað að standa uppi sem sigurvegari í þremur leikjum í röð – fyrst gegn Rússlandi í afar mikilvægum leik í milliriðli, svo gegn Dönnum þar sem sæti í undanúrslitum var í húfi og nú gegn spræku liði Noregs í undanúrslitum.

Norðmenn geta sjálfum sér um kennt að hafa ekki nýtt sér sterka stöðu þegar liðið var eftir af venjulegum leiktíma. Ole Erevik hafði átt stórleik í norska markinu en Norðmenn hleyptu Þjóðverjum inn í leikinn á ögurstundu.

Noregur var marki yfir og með boltann þegar rúm mínúta var eftir af venjulegum leiktíma en fór illa að ráði sínu í uppstilltri sókn

eftir leikhlé. Christian O'Sullivan tók slæmt skot, Þýskaland komst í sókn og Rune Dahmke tryggði framlenginguna með frábæru marki um 20 sekúndum fyrir leiklok.

Þýskaland var svo skrefi framari í framlengingunni og skoraði Kai Häfner sigurmarkið þegar liðið var eftir af henni. Griðarlegur fögnuður braust út meðal þýsku leikmannanna.

„Ég er svo ótrúlega stoltur og gláður með það sem okkur hefur tekist að afreka á þessu móti,“ sagði Dagur á blaðamannafundi eftir leik. „Okkur hefur tekist að bæta okkur með hverjum leik en stærstu prófranina fengum við í dag, enda Noregur afar öflugur andstæðingur.“

Hann sagði í viðtali við þýska sjónvarpið strax eftir leik hafa vitað að leikurinn myndi ráðast í framlengingu. „Ég skrifaði það á töfluna mína,“ sagði hann í léttum dúr. „Ég veit að áhuginn og gleðin er mikil heima en við verðum að halda einbeitingu og halda áfram að undirbúa okkur. Það er enn einn leikur eftir.“

Spánn verður andstæðingur Þýskalands í úrslitaleiknum á morgun en Spánverjar höfðu betur gegn Króótum í síðari undanúrslitaleik gærkvöldsins.

eirikur@frettabladid.is

## SPRENGISANDUR ER Í LOFTINU

SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI

SUNNUDAG KL. 10:00 - 12:00

**BYLGJAN**  
989



## FRUMSÝNING Í DAG MILLI KL. 12 OG 16

Tveir 7 manna bílar  
- allir um borð

## NÝR FORD S-MAX NÝR FORD GALAXY

- Ef þú ert að leita að rúmgóðum 7 manna bíl sem hentar erilsömu lífi fjölskyldunnar þá er Ford með bílinn fyrir þig. Glæsilegur staðalbúnaður, mikill öryggisbúnaður og framúrskarandi aksturseiginleikar gera Ford S-MAX og Ford Galaxy að draumabílum fjölskyldunnar.

Meðal staðalbúnaðar er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, 8" snertiskjár í miðjustokk, íslenskt leiðsögukerfi, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur. Veglínuskynjari með umferðaskiltalesara og árekstrarvari með neyðarbremsu eru einnig hluti af staðalbúnaði bílanna.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford - komdu og prófaðu

### FORD S-MAX

7 MANNA

FRÁ **5.450.000** KR.

5 MANNA FRÁ 5.190.000 KR.

### FORD GALAXY

7 MANNA

FRÁ **5.590.000** KR.

FÁANLEGIR FJÓRHJÓLADRIFNIR



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford S-MAX og Ford Galaxy eru sniðnir fyrir fjölskylduna og ferðalagið. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: 10,1" TFT skjár í mælaborði, starthnappur, Ford MyKey öryggislykill, þakbogar, Auto-Start-Stop eldsneytisparnaðarkerfi og Easy Fuel. Öryggi Ford S-MAX og Ford Galaxy er framúrskarandi enda fengu þeir fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford S-MAX/Ford Galaxy 2,0 TDCi dísil 120/150 hö. 6 gíra beinsk. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 129 g/km. Ford S-MAX/Ford Galaxy 2,0 TDCi dísil 150 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 139 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Fagmennska í ferðapjónustu – fjárfesting til framtíðar



**Icelandair hótél eru handhafi  
menntaverðlauna atvinnulífsins**

Með stolti og gleði þökkum við fyrir verðlaunin sem eru viðurkenning á mikilvægi faglegrar uppbyggingar innviða íslenskrar ferðapjónustu. Á Icelandair hótélunum eru fræðsla og símenntun stór þáttur í starfsmannastefnunni. Sérstök eining, Hótelklassinn, stuðlar að faglegri þróun starfsfólks og gerir því kleift að eflast og þroskast í starfi.



MENNTAVERÐLAUN  
ATVINNULÍFSINS

ICELANDAIR HÓTEL ERU  
MENNTAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2016



Auk þess tökum við virkan þátt í menntun bakara, framreiðslu- og matreiðslufólks með vinnustaðanámi, leitum að framtíðarmeisturum og veitum þeim menntun, þjálfun og atvinnutækifæri í heimsklassa. Fyrir ungt fólk er framtíðin svo sannarlega björt í ferðaþjónustu á Íslandi.

**Icelandair Hotels**  
[www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com)

Þegar Alfreð Gíslason talar þá hlusta menn. Þjálfari Þýskalandsmestara segir að það sé kominn tími á að gefa yngri mönnum frekari tækifæri.



NORDICPHOTOS/GETTY

# Gætum lent í sömu vandræðum og Svíar

Alfreð Gíslason hefur áhyggjur af þeim kynslóðaskiptum sem eru fram undan hjá íslenska handboltalandsliðinu. Hann segir að nýir menn verði að fá frekari tækifæri á næsta ári. Fyrst þurfi hinir að koma landsliðinu á HM í Frakklandi.

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason, þjálfari Þýskalandsmestara Kiel og fyrrverandi landsliðsþjálfari, var eins og aðrir Íslendingar svektur yfir gengi íslenska liðsins á EM í Póllandi.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt fóru strákarnir okkar heim með skottið á milli lappanna eftir riðlakeppnina. Sigur vannst á Noregi í fyrsta leik en síðan tapaði liðið gegn Hvíta-Rússlandi og Króatíu. Mikil vonbrigði.

„Mér fannst leikurinn gegn Noregi mjög góður. Leikurinn gegn Hvíta-Rússlandi var ekki nógu góður og Króata-leikurinn var skelfilegur. Mér fannst varnarleikurinn ekki góður í neinum leiknum,“ segir Alfreð en þó að landsliðið hafi verið ánægt með varnarleikinn gegn Noregi þá var Alfreð ekkert sérstaklega hrifinn.

„Hann var skástur þar en ekkert stórkostlegur samt. Norðmennirnir náðu ekki að nýta sér gallana á íslensku vörninni. Hvít-Rússaleikurinn var auðvitað ótrúlegur. Að skora 38 mörk og ná ekki að vinna. Það er eiginlega ekki hægt.“

## EKKI AÐ YNGJA BARA TIL AÐ YNGJA

Landsliðsþjálfarinn fyrrverandi vill sjá leikmenn liðsins axla ábyrgð og sjá til þess að liðið komist á HM á næsta ári.

„Við vorum auðvitað heppnir að enda í efri styrkleikaflokknum fyrir HM-umspilið. Þetta lið sem var í Póllandi þarf að rífa sig upp á rassgatinu og klára þá leiki. Við erum óneitanlega með svolitíð gamalt lið en hvað svo? Við getum ekki bara yngt liðið til þess að yngja það. Þeir sem eiga einhver ár eftir þurfa að vera áfram en svo er óhjákvæmileg umbreyting á liðinu,“ segir Alfreð en hann vill síðan sjá breytingar á liðinu á HM í Frakklandi.

## Í FÓTSPOR SVIANNA?

„Einhvern tímann þarf að koma að því að Ólafur Guðmundsson og fleiri fái að axla meiri ábyrgð og sýna hvort þeir séu alvöru landsliðsfeini eða ekki. Síðan erum við með yngri leikmenn sem margir hverjir eru efnilegir. Við erum hugsanlega að lenda í sömu vandræðum og Svíar á sínum tíma þegar Stefan Lövgren og félagar hættu allir á einu bretti. Kynslóðin sem kom á eftir þeim hafði aldrei fengið að spila og vissi ekki hvað landsliðið var.“

Alfreð hefur eflaust sínar skoðanir á því hvað eigi að gera í landsliðsþjálfaramálum núna en vildi ekki blanda sér í þá umræðu.

●● **Þetta lið sem var í Póllandi þarf að rífa sig upp á rassgatinu og klára þá leiki.**

Alfreð Gíslason um umspilið fyrir HM

**7** **sinnnum hefur Alfreð unnið þýska meistartitilinn sem þjálfari. Þar af síðustu fjögur ár.**

## Allt á rétttri leið hjá okkur

Heima fyrir stendur Alfreð í ströngu við að verja Þýskalandsmestartitilinn. Hann er með mikið breytt lið og missti til að mynda Aron Pálmarsson og Filip Jicha frá félaginu. Þrátt fyrir það er lið hans í öðru sæti og aðeins tveim stigum á eftir toppliði Rhein-Neckar Löwen.

„Ég hef fulla trú á því að við verðum í baráttunni allt til enda,“ segir Alfreð sem er þegar farinn að horfa til framtíðar og meðal annars búinn að tryggja sér þýska landsliðsmarkvörðinn Andreas Wolff og svo eru efnilegustu leikmenn Svíþjóðar og Austurríkis á leiðinni, þeir Lukas Nilsson og Nikola Bilyk. „Þetta er allt á góðri leið hjá okkur.“

henry@frettabladid.is

Síminn

— Er stoltur samstarfsaðili —

**RIG16**

Fangaðu augnablikið með Símanum

Síminn er stoltur styrktaraðili Reykjavík International Games

Upplifðu Reykjavík International Games með Símanum, fangaðu öll ótrúlegu augnablikin og deildu þeim jafnóðum. Á [m.rig.is](http://m.rig.is) finnurðu dagskrá leikanna, myndastraum, fréttir og allar upplýsingar.

REYKJAVÍK INTERNATIONAL GAMES 21. - 31. JANUARY 2016

#RIG16

SiminnIsland





# VILDARBÖRN ICELANDAIR

## FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR: UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. MARS

### Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára

Úthlutað verður úr sjóðnum á sumardaginn fyrsta, 21. apríl 2016.  
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

### Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair

Farðu á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is) og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður, að komast í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



Vildarbörn Icelandair

 Vertu með okkur

ICELANDAIR 

Mikil búningahefð er í Japan og hægt verður að sjá hina ýmsu búninga á hátíðinni.



MYND/GUNNELLA

# Japönsk menning í hávegum

Japanshátíð er haldin í Háskóla Íslands í tólfta sinn í dag. Fjölbreytt dagskrá er í boði þar og hægt verður að kynna sér kima japanskrar menningar, haldin verður tiskusýning þar sem sýndir verða kimonóar í ýmsum útfærslum.

Þetta er í tólfta sinn sem hátíðin er haldin og hún er orðin mjög stórbáttur í félagslífi nemenda," segir Gunnella Þorgeirsdóttir, lektor og greinaformaður japönsku við Háskóla Íslands. Hátíðin er haldin í dag og hefst klukkan 13 og stendur til klukkan 17.

„Undirbúningur hefst í október

og tekur yfir alveg janúar. Nemendur eru búnir að æfa dansatriði, tónlistatriði og undirbúa mismunandi bása," segir Gunnella.

„Þetta er skemmtileg hátíð sem hristir saman nemendur og kennara. Tilgangurinn er að kynna námið og japanska menningu. Hátíðin er mjög vel sótt enda er japönskunámið með vinsælustu tungumálunum hér við háskólann.“ Kennsla í japönsku hófst

við HÍ árið 2003 og var námið strax vel sótt. Árið á eftir var ákveðið að halda japönsku hátíðina sem hefur svo stækkað og sótt í sig vedrið á undanförunum árum. „Það varð strax mikill áhugi fyrir japanskri menningu. Það kom snemma upp sú hugmynd að hafa hátíð þar sem væri hægt að kynna námið en um leið japanska menningu almennt.“

Fjölbreytt dagskrá er í boði. „Það

er til dæmis tiskusýning þar sem við sýnum hefðbundinn japanskan klæðnað, eða kimonó. Það eru til margar tegundir af kimonó sem notaðar eru við mismunandi til efni. Allir kennarar og nemendur eru svo í japönskum búningum auk þess sem verður Cosplay-keppni.“ Um er að ræða búningakeppni en mikil hefð er fyrir búningum í japanskri menningu. „Þetta nær yfir

hugmyndina um að klæða sig upp í búning byggðan á afþreyingarmenningu. Þetta upphófst allt í kringum vísindaskáldskap og afþreyingarmenningu en hefur breiðst út og það eru til margir mismunandi kimar núna.“ Hún segir Cosplay vera vinsælt hérlandis. Ýmsir hópar hittist til að mynda reglulega og klæði sig upp. Hægt verður að kynna nokkrum þeirra á hátíðinni.

**FORSALA  
Á BOLLUM  
29-31 JAN**

PRENTUNIS

**10% afsláttur** af bollum gegn framvísun þessa miða  
Gildir frá 29. janúar til 8. febrúar 2016

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	8.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35 • Fálkagata 18 • Langahlíð • Dalbraut 1



# REYKJAVÍK » KÓPAVOGUR SKER

ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR KÍLÓMETRUNUM

## CITROËN C4

Það er auðvelt að gleyma sér við akstur þegar maður er á liprum, sparneytnum og þægilegum Citroën C4. Hönnun hans er í senn hagnýt og grípandi. Ekki nóg með það heldur er hann búinn nýrri Puretech vél sem nýverið hlaut eftirsóttta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða Puretech vélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun. Citroën C4 er fáanlegur með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu sem hefur fengið mikið lof.

Sérstaða Citroën C4 felst jafnframt í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Má þar nefna 7" snertiskjá í mælaborði, tölvustýrða miðstöð, fjölstillanleg sæti sem eru einstaklega þægileg, frábæra hljóðeinangrun, hraðastilli og nýja kynslóð LED ljósa.

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.990.000 KR.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE



Öruggur staður til að vera á

[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





### MASSIMO

Þriggja sæta sófi. Nettir armar og situr einstaklega vel. Litur: Divine antrazit. Stærð 195 x 92 x 81 cm.

**181.993 kr.** ~~259.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



### LAZIO

Þriggja sæta sófi. Slitsterkt dökkgrátt áklæði. Einnig fánlegur stóll. Stærð: 222 x 92 x 78 cm

**95.994 kr.** ~~159.990 kr.~~

**40%**  
AFSLÁTTUR



### TWIST

2,5 sæta sófi. Margir litir. Viðarfætur. Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



### VESTA

3 sæta sófi. Slitsterkt áklæði. Antracite eða grábrúnn. Með lágu baki og dúnbólstrun. Stærð: 233 x 93 H 74 cm.

**139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR

Fjölbreytt  
úrval  
smávöru

Allt að

**70%**  
afsláttur



### TWIST

Hægindastóll. Ljósblár. Einnig fánlegur skemill við stól.

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



### ASPEN

Leður hægindastóll frá La-z-boy. Nokkrir litir. Stærð: 82 x 85 x 102 cm.

**111.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR



**40%**  
AFSLÁTTUR

### EIFFEL

Borðstofustóll. Hvítur með svörtum löppum.

**7.194 kr.** ~~11.990 kr.~~



**50%**  
AFSLÁTTUR

### NAGANO

Borðstofuborð, eik/hvítt. Stærð: 150 x 80 H: 75 cm

**39.995 kr.** ~~79.990 kr.~~



### EMPIRE

Nettir La-Z-Boy sjónvarpssófar. Klæddir gráu slitsterku áklæði eða svörtu leðri. Einnig fánlegir 2ja sæta

3ja sæta: Stærð: 197 x 98 x 104 cm

Áklæði

**199.992 kr.** ~~249.990 kr.~~

Leður

**319.992 kr.** ~~399.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Risa

# ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR

Allt að

# 60%

afsláttur

### KENYA

Hægindastólar. Fáir sitja betur. Háir armar og stutt sessa veita einstök þægindi. Fáðu þér sæti og hann fer með þér heim.

**25%**  
AFSLÁTTUR



Leður

**44.993 kr.** ~~59.990 kr.~~



Grábrúnt áklæði

**44.993 kr.** ~~59.990 kr.~~



### KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Stærð: 301 x 200 x 78 cm

**191.992 kr.** ~~239.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



### OSWALD

Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt áklæði. Viðarfætur. Stærð: 185 x 84 x 87 cm

**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

**40%**  
AFSLÁTTUR



### CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm.

**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



### CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.

Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~

**20%**  
AFSLÁTTUR



Rautt, orange og grátt áklæði.

**37.493 kr.** ~~49.990 kr.~~



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



Hér má sjá börn bíða eftir að komast upp í skólabil fyrir utan Laugarnesskóla árið 1953. Einum viðmælenda var aldrei hleypt upp í skólabilinn og þurfti hann að ganga klukkutíma leið til og frá skóla.

MYND: LÖSUNDAFAFN REYKJAVÍKUR, SIGURHANS VIGNIR

# Kerfi sem niðurlægði nemendur

Það þótti niðurlægjandi að vera settur í svokallaða tossabekki sem voru hluti af skólakerfinu um árabíl. Algengara var að börn efnaminni foreldra lentu í slíkum bekkjum og það gat haft slæmar félagslegar afleiðingar í för með sér.

Viktoría  
Hermansdóttir  
viktoría@frettabladid.is



Þetta var mjög ósann-  
gjarnt kerfi að mínu  
viti. Það byggði ekki á  
nokkrum sköpuðum  
hlut nema einhverri  
punktstöðu nemenda  
sem var tekin sennilega í lestri,“  
segir Ragnar Þorsteinsson, kennari  
og fyrrverandi fræðslustjóri  
Reykjavíkurborgar, um svokalla-  
ða tossabekki sem voru við lýði í  
stærri skólum á Íslandi allt fram til  
ársins 1974 þegar ný grunnskólalög  
tóku gildi. Skólastjórnendur skiptu  
nemendum upp í bekkir eftir getu  
þeirra og voru getuminnstu nem-  
endurnir settir saman í bekkir sem  
íðulega voru kallaðir tossabekkir.  
Yfirleitt var bekkjunum skipt eftir  
bókstöfum, því neðar sem bekkur-  
inn var í stafrófinu því minni var  
getan. Nokkurs konar stéttaskipting  
tíðkaðist þar sem börn efnaminni  
foreldra lentu frekar í þessum neðri  
bekkjum.

## Börnunum sýnt virðingarleysi

„Félagslegar afleiðingar voru helsta  
tilefni gagnrýni á þetta kerfi,“ segir  
Gretar L. Marínósson, skólasál-  
fræðingur og prófessor í sérkennslu-  
fræðum við Menntavísindasvið HÍ,  
sem þekkir vel til tossabekkjanna.

Hann segir skiptingu nemenda  
eftir getu eða greindarvísitölu og  
áhrif hennar á nemendur lítið  
hafa verið rannsakaða hérlendis  
en meira erlendis, t.d. í Bretlandi.  
Margir sem Fréttablaðið hefur rætt  
við segja það hafa falið í sér mikla  
niðurlægingu og skömm að vera  
settur í slíkan bekk. Oft hafi verið  
illa komið fram við þau börn, mörg  
þeirra lögð í einelti og almennt  
sett skör neðar en aðrir nemendur.  
Margir tala líka um að kennarar hafi  
oft stjórnað eineltinu og niðurlægt  
börnin. Það er þó alls ekki algilt og  
sumir tala um kennara sem hafa  
verið þeim góðir.

Það var þekkt að reynslutiltir  
kennarar kenndu þessum bekkjum

eða kennarar sem ekki þóttu þeir  
bestu. Ekki virðast hafa verið gerð-  
ar miklar kröfur til kennslunnar,  
öfugt við það sem hefði kannski  
átt að vera þar sem oft var um að  
ræða börn sem glímdu við náms-  
erfiðleika. Sjálfur kenndi Gretar í  
slíkum bekk. „Það var hluti af því  
virðingarleysi sem þessum krökk-  
um var sýnt. Þegar ég var að kenna  
„tossabekk“ þá var ég nýskriðinn  
úr menntaskóla. Ég bað ekki um  
þennan bekk en þetta sýnir að það  
voru ekki miklar kröfur gerðar til  
kennslunnar og það var víðar en þar  
sem ég kenndi. Kennarar sem voru  
orðnir gamlir og leiðir á kennslu eða  
nýliðar sem kunnu ekki að kenna  
voru settir í þessa bekk. Það var til  
þess að gera hlutina enn þá erfiðari.  
Það var ekki líklegt að þeir gætu  
bætt námsfærni hjá krökkunum.“

Ragnar var einnig að kenna í  
slíkum bekk. „Ég byrjaði að kenna  
í Breiðholtsskóla 1973, ári áður en  
grunnskólalögin komu. Ég var settur  
í að kenna svona bekk, það kenndi  
mér helling. Þarna voru kannski  
20 krakkar saman í bekk og nán-  
ast engir þeirra áttu sameiginlega  
ástæðu fyrir því að vera saman í  
bekk. Einn var kannski illa greindur  
á einhvern hátt, annar kannski  
með þroskaskerðingu og þriðji frá  
heimili þar sem ekkert var hugsað  
um hann. Niðurstaðan var sú að  
það var lítið um nám hjá þessum  
börnum og þau voru þess vegna  
bara sett í tossabekk,“ segir Ragnar.

## Stéttaskipting eftir bekkjum

Gretar vill ekki meina að börn efn-  
aminni foreldra hafi sjálfkrafa verið  
sett í tossabekki, hins vegar kunni  
aðstöðumunur að spila inn í. Börn  
efnameiri foreldra gætu þannig hafa  
haft ákveðið forskot þegar þau byrju-  
ðu í skóla. „Svo auðvitað spilar inn  
í þetta kenning Bourdie, Cultural  
Capital, þeir sem hafa góða menn-  
ingarlega aðstöðu heima hjá sér  
hafa meiri möguleika á að standa sig  
betur í skóla. Ekki endilega vegna  
þess að þeir mælist hátt á greindar-  
prófi, heldur kunna þeir að notfæra  
sér það sem þarf. Það voru frekar til  
bækur á þeim heimilum, þau bjuggu

við góða fjárhagslega stöðu og lítið  
álag að öðru leyti.“

Ragnar segir það þó oft hafa verið  
tilfellið að skipting hafi ráðist af  
stöðu foreldranna. „Það var stétt-  
skipting í gangi, krakkar sem komu  
frá heimilum sem voru á verri stað  
í samfélaginu voru oft bara settir í  
tossabekk. Það var einhvern veginn  
oft fyrirfram ákveðið að krakkar  
gætu ekki þetta og hitt,“ segir  
Ragnar.

Þegar nýju grunnskólalögin voru  
sett 1974 höfðu margir áttað sig á  
þeim áhrifum sem það gat haft á  
börn að vera í þessum bekkjum.  
Skiptingin hafði breyst í sumum  
skólum og nýrri skólar tóku hana  
yfirleitt ekki upp. „Þeir sem skrif-  
uðu námskrána sem byggð var á  
lögnum 1974 settu þar inn að það  
væri ekki mælt með því að rada sam-  
kvæmt námsgetu eða getu sem var  
mæld með greindarprófum. Það var  
í fyrsta sinn sem opinberir aðilar  
sögðu svona lagað. Það voru margir  
sem tóku tillit til þess og aðrir ekki.  
Eins og ég segi þá eru skólar enn  
í dag sem viðhalda þessu að ein-  
hverju marki. En röðunin er ekki  
eins nákvæm og sveigjanlegri að því  
leyti að krakkar geta flutt sig á milli,“  
segir Gretar og útskýrir nánar.

## Upplifðu sig sem lúsera

„Áður var það yfirleitt þannig að  
fólk var bara í sama bekknum alla  
sína veru í skólanum. Ef það var  
í lélegasta bekknum þá hélt það  
áfram í honum. Það var mjög erfitt  
að fá betri einkunnir við þessar  
aðstæður. Krakkar voru þá fyrst og  
fremst að bera sig saman við þá sem  
voru með þeim í bekk,“ segir Gretar.

Að vera settur í slíkan bekk hafði  
oft slæm áhrif á sjálfsmynd barna.  
„Yfirleitt hefur það þau áhrif að  
þú ferð að líta á þig eins og aðrir líta  
á þig. Þetta fer vodafone mikið eftir  
viðhorfi og viðmóti annarra sem  
þeir taka mark á. Þessir krakkar  
upplifa sig oft sem lélega. Þau hafa  
tilhneigingu til að loka sig af og  
hafa lítill samskipti við aðra hópa.  
Þau festast oft í þessu hlutverki. Það  
þýðir að það sem eftir er ævinnar  
hafa þau kannski ekki samskipti

## Margir frömdu sjálfsmorð

Árið 2013 birtist grein Teits Atlasonar í tímaritinu Man þar sem hann fjallaði  
um tossabekki sem voru í Hagaskóla allt til ársins 2002 eða tæpum þremur  
áratugum eftir að grunnskólalögin 1974 voru sett. Rannsókn Teits leiddi í  
ljós að fjölmargir fyrrverandi nemendur í þessum bekkjum höfðu framið  
sjálfsmorð. Þar kom fram að þeir sem voru í þessum bekkjum höfðu margir  
orðið fyrir miklu einelti og aðkasti í skólanum. Nemendur sem Teitur ræddi  
við sögðu að lítið hefði verið um kennslu og margir upplifðu bekkina sem  
geymslustað.



ÉG HELD ÞAU HAFI UPPLIFAD SIG  
SEM LÚSERA OG TOSSA. ÞETTA

VORU EINSTAKLINGAR SEM ÁTTU EKKI SÉNS

Í EITTHVAÐ SEM AÐRIR ÁTTU SÉNS Í.



Ragnar Þorsteinsson, fv. fræðslustjóri og kennari

við fólk úr t.d. efri þjóðfélagsstigum,  
þetta festir fólk í ákveðnum þjóð-  
félagshópi alla ævi nema það geti  
rifið sig út úr honum og farið í allt  
annað umhverfi sem margir gera,“  
segir Gretar.

„Ég held þau hafi upplifað sig  
sem lúsera og tossa. Þetta voru ein-  
staklingar sem áttu ekki séns í eitthvað  
sem aðrir áttu séns í og hvað  
gera menn þegar þeir lenda í þeirri  
stöðu, þá er betra að vekja neikvæða  
athygli á sér heldur en enga. Sumir  
gera þá hluti sem þeir hefðu mögu-  
lega ekki gert annars. Þetta býr frekar  
til vandamál heldur en að draga  
úr þeim,“ segir Ragnar.

Báðir eru þeir sammála um að því  
hafi fylgt mikil skömm að vera í slík-  
um bekkjum. Algengt var að börn-  
um væri strítt og kennarar tækju  
þátt í að niðurlægja þau. „Það var  
langt frá því að vera algilt um kenn-  
ara en þeir voru stundum sekir um  
að niðurlægja nemendur, nota það  
sem stjórntæki. Ég veit dæmi þess úr  
nokkrum skólum þar sem kennarar  
gengu á lagið og niðurlægðu nem-  
endur því þeir höfðu þá hugmynd  
að það væri besta leiðin til að halda  
aga. Það var alltof algengt að fólk  
teldi að það þyrfti að herða börn og  
það væri best gert með því að gera  
þeim erfitt fyrir. Líka þetta viðhorf

að fólk ætti að þekkja sinn vitjunar-  
tíma og víta í hvaða stöðu það væri  
og ekki reyna að færast í aðra hópa  
eða stöðu. Fólk hefur verið haldið  
niðri á marga vegu, aðallega til að  
fullnægja þörfum annarra til að  
vera yfir það hafin. En það áttu að  
vera gerðar kröfur til kennara um að  
vernda þessa krakka.“

Aðspurður hvort ekki sé um að  
ræða smánarblett á menntunar-  
sögu þjóðarinnar segir Ragnar að  
líka verði að horfa til þess hvernig  
samfélagið var á þessum tíma. „Það  
er alltaf hægt að vera vitur eftir á í  
þessum málum sem og öðrum. Ég  
held að menn hafi ekki verið að  
gera þetta vitandi vits að þetta hefði  
slæm áhrif á börnin. Þetta var stað-  
an á þeim tíma, börn voru sett á Sil-  
ungapoll, Breiðuvík og þessa staði.  
Sem betur fer hefur kerfið þroskast  
og séð til að þetta myndi ekki gerast  
aftur. Þetta er ljót saga, því miður,  
og við eigum ekki að reyna að fegra  
hana heldur að læra af henni. Það  
hefur sýnt sig á margan hátt í gegn-  
um tíðina að hjá mörgum einstak-  
lingum sem biðu skipbrot í þessu  
lífi þá byrjaði það í skólakerfinu. Við  
eigum að gera allt sem við getum til  
þess að gefa öllum börnum tækifæri.  
Ég hef lært það á mínum 40 ára ferli  
að það á aldrei að afskrifa börn.“ ➔

Change is Good

# Glæsilegur Hyundai Tucson

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur, bensín eða dísil.



ENNEM / SIA / NM7305

Eigum bíla til afgreiðslu strax!



## KAUPAUKI

Vetrardekk og dráttarbeisli fylgja með nýjum Tucson. Aukahlutapakki að verðmæti 400.000 kr.



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 5.490.000 kr.



**HYUNDAI**

NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. \*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is) OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



Björg segir mikla skömm hafa fylgt því að hafa verið í tossabekk og stimplun um að hún gæti ekki lært.

## Dreymdi um að komast í betri bekk

„Þetta hafði mikil áhrif á sjálfsmynd mína, ég var mjög meðvitund um að ég væri í tossabekk og fannst það ósanngjarnt, mig dreymdi um að komast í betri bekk,“ segir Björg Guðrún Gísladóttir sem var í tossabekk í Laugarnesskóla frá 7-12 ára. „Við vorum lögð í einelti í fríminúttum af krökkunum í hinum bekkjum um sem kölluðu okkur „tossana“.

Björg sagði frá þessari upplifun sinni í bókinni Hljóðin í nóttinni. Þar lýsti hún harðri lífsbaráttu fjölskyldu sinnar sem bjó í Höfðaborg og síðar á Skúlagötu.

Þegar hún byrjaði í skóla var hún sett beint í tossabekk og hélt þar þratt fyrir að hún væri góður námsmaður. „Ég og annar strákur vorum alltaf hæst á prófum til skiptis. Ég fékk bóka-verðlaun þegar ég útskrifaðist úr tólf ára bekk, var hæst í bekknum sem sýndi að ég gat lært,“ segir Björg sem óskaði sér alltaf að komast í annan bekk og lagði hart að sér í náminu til þess að reyna það. „Mér fannst verst þessi skömm sem fylgdi því að vera í tossabekk. Þetta var ákveðinn stimpill um að ég gæti ekki lært en það var ekki þannig.“

Lítið var niður á börnin í tossabekkjum, þau uppfnd og þeim strítt. Jafnvel króud af þar sem kennarar sáu ekki til og barin. Björg lýsir líka í bókinni kynferðisofbeldi sem kennari þeirra, Skeggi Ásbjarnarson, beitti skólubráður hennar. Eftir útgáfu bókarinnar stigu nokkrir fram og lýstu ofbeldi hans. „Hann sýndi okkur óspart hver hefði völdin og notaði til þess kennaraprikið þegar hann sló í borðið hjá þeim sem höguðu sér illa. Hann talaði niður til okkar og hótadi stráknunum að þeir yrðu sendir á Jaðar eða Breiðuvík ef þeir hegðuðu sér illa,“ segir hún. „Að vera í tossabekk gerði það að verkum að við fengum lítið sem ekkert að taka þátt í skólaskemmtunum sem Skeggi sá um. Þetta var bara ákveðinn stimpill. Við vorum ekki eins og hin og áttum enga möguleika á að breyta því viðhorfi.“

# Fékk ekki að fara með skólabílnum

„Það kemur upp vond tilfinning þegar ég hugsa um þessi ár,“ segir Hafðís Hafsteinsdóttir sem er fædd árið 1945 og var í Laugarnesskóla. Heimilisaðstæður hjá Hafðísi voru afar slæmar. Hún bjó hjá ömmu sinni, sem glímdi við mikil veikindi, og manni hennar. „Þar var mér lítið sinnt, ég var alltaf skitug og lúsug. Ég fékk aldrei neitt nýtt. Það var aldrei haldið upp á afmælið mitt og ég fékk ekki neinar afmælisgjafir fyrir utan að ein nágrannakona okkar gaf mér alltaf strigaskó á afmælisdaginn. Ég man hvað ég var leið þegar hún dó.“

**Kennarar kölluðu hana tröllabarn**  
Hún fær ónotatilfinningu við að rifja upp æskuna sem hún segist þó muna að litlu leyti. Líklega hafi hún lokað á vondar minningar þó hún muni einstaka brot. Það var vont að vera afskiptur heima og ekki tók betra við þegar hún hóf skólagöngu.

Hún var sett í tossabekk í Laugarnesskóla. „Kennararnir kölluðu mig tröllabarnið því ég var stór miðað við aldur. Ég man ekki mikið frá þessum tíma en man að mér leið aldrei vel. Ég átti enga vini og kennararnir niðurlægu mig. Ég kom aldrei með neitt með mér í skólann því það var ekki til peningur fyrir neinu. Í minningunni var ég bara þarna og það talaði aldrei neinn við mig. Ég var alltaf ein.“ Gömul skólasyrðir Hafðisar, sem blaðamaður ræddi við, staðfestir þetta. Segir að illa hafi verið komið fram við Haf-

ðísi, strákarnir hafi strítt henni og kennarar niðurlægt.

Þó að Hafðís hafi ekki átt neina vini þá man hún samt eftir einu skipti þar sem skólasyrðir hennar kom til hennar og gaf henni skauta. „Ég var svo ánægð því ég fékk aldrei neitt. Þetta voru svo fallegir hvítir skautar, hún hefur eflaust vorkennt mér. Í hvert skipti sem það kom frost þá fór ég niður á Tjörn og skautaði þar ein. Ég notaði þessa skauta alveg þangað til þeir voru úr sér gengnir.“

**Mátti ekki koma í bílinn**

Hafðís bjó við Seljalandsveg við Kringlumýri í nágrenni við það sem heitir Safamýri í dag og var því talsverð vegalengd að fara í skólann. Vegna þess þá bauðst nemendum að fara með skólabíl til og frá skóla, Hafðís fékk hins vegar ekki að fara í bílinn. „Bílstjórinn vildi ekki leyfa mér að fara með bílnum og sagði að ég væri lúsug. Ég man að einu sinni náði ég að smygla mér inn og hélt hann hefði ekki séð mig en hann sá mig og rak mig út. Ég labbaði því um klukkutíma leið fram og til baka á hverjum degi í hvaða vedri sem er. Þá var ekki búíð að byggja svona mikið og allt fullt af hólum á leiðinni og það tók sinn tíma að komast. Það sem var verst samt var að ég var svo hrædd um að rekast á mann sem tengdist fjölskyldunni minni og var alltaf að reyna koma vilja sínum fram við mig. Ég var rosalega hrædd við hann og sá



ÉG MAN EKKI MIKIÐ FRÁ

ÞESSUM TÍMA EN MAN AÐ

MÉR LEIÐ ALDREI VEL.

ÉG ÁTTI ENGA VINI OG

KENARARNIR NIÐUR-

LÆGÐU MIG.

Hafðís Hafsteinsdóttir

stundum bílinn hans þegar ég var að labba og þá hljóp ég.“

**Átti sér engan málsvara**

Hafðís segir skólagöngu sína hafa gefið sér það veganesti út í lífið að hún gæti ekki lært. „Mér leið mjög illa, bæði í skóla og heima við. Þegar ég var tólf ára fór ég einn vetur í Miðbæjarskólann og þar leið mér fyrst vel. Þar voru krakkarnir góðir við mig og ég fékk mjög góðan kennara. Þar leið mér vel en fékk ekki að vera nema einn vetur þar sem ég þurfti strætómíða til að komast þangað og fóstrei minn vildi ekki kaupa þá.“

Eftir það fór hún í Réttarhóttsskóla og þar tók sama við, hún var sett í tossabekk. „Þar leið mér ekki vel og var bara feigin þegar ég kláraði skóla-skylduna.“

Þá fór hún að vinna fyrir sér. Nokkrum árum síðar fór hún svo og lærði að vera sjúkraliði. „Ég var að vinna í umönnun á Landakoti og þar voru samstarfskonur mínar alltaf að hvetja mig til að fara og læra sjúkraliðann. Ég var ekki viss um að ég gæti það en fór á endanum og þó að námið hefði allt verið á dönsku þá fékk ég toppeinkunnir. Ég gat alveg lært.“

Hafðís segist lítið hugsa um fortdiðna en stundum leiddi hún hugann að því af hverju enginn hafi tekið málstæð hennar. Augljóst var að henni var ekki sinnt heima fyrir og einkennilegt sé að skólafyrirvöld hafi ekki skipt sér af eða barnaverndar-nefnd. „Ég átti engan málsvara.“

## Engin mynd af tossabekkjum

„Þetta hefur alla tíð hvílt mjög þungt á mér og ég trúði því lengi að ég væri bara illa gefin. Það fylgdi því mikil skömm að vera í tossabekk og þessi skömm hefur alltaf verið föst í mér,“ segir Hulda Friða Berndsens, sem er fædd árið 1951 og var á sinni skólagöngu í tossabekkjum, fyrst í Breiðagerðisskóla og svo Réttarhóttsskóla. „Þetta var rosalega stór árgangur. Við sem vorum í tossabekkjum fengum ekki að vera með hinum. Við vorum höfð sér í Víkingsheimilinu og fengum heldur eiginlega ekki að vera með í félagslífinu. Það voru bara góðu bekkirnir sem fengu að vera með. Við vorum alveg útundan. Við vorum svona þriðja flokks.“

**Mikil stéttaskipting**

Hulda segir það alls ekki hafa verið þannig að þeir krakkar sem voru í tossabekkjum hafi verið illa gefin. Þau hafi átt við ýmsa námserfðileika að stríða og algengara var að börn þeirra efnaminni lentu í þessum bekkjum. Sjálf bjó hún við erfðar aðstæður heima fyrir og fátækt. Hún segir ekki hægt að kenna hinum börnunum um útskúfunina heldur hafi það verið skólakerfið sjálft sem setti þau til hliðar. „Oft



ÞAÐ ER BARA EINS OG

VIÐ HÖFUM EKKI VERIÐ

TIL, ÞAÐ VAR EKKI EINU

SINNI TEKIN BEKKJAR-

MYND AF OKKUR.

Hulda Friða Berndsens

bjuggu þessi börn á óregluheimilum. Mörg voru vannæð andlega og líkamlega. Þetta skiptist eiginlega bara við Bústaðavegin. Þau sem bjuggu í finu húsum fóru sjálfkrafa í góðu bekkina.“

Hulda átti erfitt með að læra að lesa og fékk það seinna staðfest að hún væri lesblind. „Þarna var hins vegar bara ákveðið að ég gæti ekki lært og ég trúði því.“

Hulda fór á endurfundi hjá árganginum fyrir nokkrum árum og þá rifjaðist skömmin úr skóla upp. „Þegar ég kom þarna þá var spurt í hvaða bekk maður hefði verið, þau voru með bekkjarlistana. Ég sagði I-bekk og þá kom í ljós að hann var ekki á listanum. Þá kom upp öll skömmin en ég fór samt inn og sagði henni að merkja bara við H-bekkin.“ Hulda segir þetta hafa fengið töluvert á sig. „Síðan áttu allir að standa upp, kynna sig og segja í hvaða bekk þeir væru. Þá fór ég bara út á meðan, ég gat ekki verið þarna inni, ég skammaðist mín svo.“

Hulda hefur hugsað mikið um þetta og ákvað að fara í gamla skólann sinn á dögnum og athuga hvort það væri til bekkjarmynd af bekkjum. „Það var engin mynd til af

okkur. Konurnar sem voru að vinna þarna voru mjög vingjarnlegar og sögðu mér að það hefði komið maður þarna í svipuðum erindagjörðum en það hefði ekki verið til mynd af honum heldur. Það er bara eins og við höfum ekki verið til, það var ekki einu sinni tekin bekkjarmynd af okkur,“ segir hún. „Þessir krakkar hurfu líka bara, ég man ekki eftir að hafa hitt neinn sem var með mér í bekk, það er bara eins og jörðin hafi gleypst þessa krakka. Það var svo mikil skömm sem fylgdi þessu að vera í þessum bekkjum. Flestir fóru bara beint að vinna eftir skylduna.“

Árgangur Huldu í Réttarhóttsskóla er með hóp á Facebook og nokkrum mánuðum eftir endurfundina ákvað hún að skrifa færslu þar inn. Hún er sú eina úr sinum bekk sem er í þessum hóp. „Ég skrifaði um þetta og hvað mér fyndist ósanngjarnt hvernig þessi stéttaskipting hefði verið. Þetta truflaði mig svo rosalega. Þau voru sammála mér. Börnin tóku kannski þátt í því en það var vegna þess að kerfið var svona. Það var skólakerfið sem mismunaði. Ég fékk því lík viðbrögð og fólk skildi þetta ekki.“

## Það var eins og maður ætti ekki séns í samfélaginu

„Mín skólaganga var mjög sorgleg,“ segir Jón Ragnarsson, kallaður Nonni, sem var í Laugarnesskóla. „Við öll sem komum úr Höfðaborginni vorum sett í sama bekk bara af því að við vorum þaðan.“ Jón segist ekki hafa átt erfitt með að læra en allur áhugi og metnaður hafi hins vegar verið drepinn niður í skólanum. Hann var ungar þegar faðir hans lést og móðir hans var ómenntuð þannig að það var litla hjálp að fá heima fyrir.

„Mér finnst skritið hvernig skólakerfið gat leyft sér að hafna manni alveg. Ég átti erfitt með lestur en var góður í reikning. Ég vissi það seinna að ég gat alveg lært, þetta snerist ekki um það.“

Jón segir fullorðna fólk hafa verið verra en börnin. Börnin sem

voru í tossabekkjum hafi verið undir og miklir fordómar verið gagnvart þeim.

„Ég hef oft hugsað seinna hvað fullorðna fólk var grímt. Bæði kennarar og foreldrar. Ef það gerðist til dæmis að manni var boðið heim til einhvers sem var ekki úr Höfðaborginni þá gerðist það bara einu sinni. Foreldrarnir föttuðu að maður bjó þar, hlyti því að vera lúsugur og manni var ekki boðið aftur.“

Jón fór svo að eigin ósk á Jaðar sem var heimavistarskóli. Bróðir hans hafði verið þar nokkrum árum fyrr og sagt honum að hann væri að teikna og ýmislegt sem Nonna fannst spennandi. Á Jaðri naut hann sín og gekk vel í skólanum. Þegar hann var tólf ára gamall fór hann í Austurbæjarskóla og svo Miðbæjar-

skólann. Hann segir að eftir að hann kom frá Jaðri hafi hann mætti meiri fordómum en áður.

„Þá var ég enn verr settur heldur en að koma bara úr Höfðaborginni. Við, þessir krakkar, áttum engar varnir. Það var alltaf talað niður til okkar og gert lítið úr okkur. Við sem komum úr Höfðaborginni stóðum samt saman og maður sá þetta ekki eins þá og maður gerði eftir á. Það var samfélagið sem var með stæla við okkur og við vorum stimpluð.“ Skólaganga Jóns var stutt.

„Ég hætti eftir að hafa reynt við 1. bekk tvisvar. Það var einhvern veginn eins og maður ætti ekki séns í samfélaginu. Mér finnst eins og þessi skipting hafi gengið út á það stundum að búa til undirmálsfólk, sumir komust aldrei út úr þessu.“



VIÐ, ÞESSIR KRAKKAR,

ÁTTUM ENGAR VARNIR.

ÞAÐ VAR ALLTAF TALAD

NIÐUR TIL OKKAR OG GERT

LÍTIÐ ÚR OKKUR.

Jón Ragnarsson





# Útsöhluk

3. febrúar

**30% AF CLASSIC HANDKLÆÐUM**

**ZONE DENMARK**

Classic-handklæði. Mismunandi litir. 50 x 100 cm. 1.495 kr. Nú 995 kr. 70 x 140 cm. 2.995 kr. Nú 1.995 kr. 30 x 30 cm. 695 kr. Nú 485 kr.

**25-50% AF ÖLLUM LJÓSUM\***

**Ball-loftljós.** Ýmsir litir. 18 cm. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.

**Living-borðlampi.** Svartur. 38 cm. 11.995 kr. Nú 7.995 kr. Skermur seldur sér.

**Cool-borðlampi.** Kopar. 55 cm. 24.995 kr. Nú 17.995 kr.

**25% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM**

**Black tree-rúmföt.** 140x200/60x63 cm. 6.995 kr. Nú 4.995 kr.

**SPARAÐU 50%**

**Charme-vínglós.** Hvítvins- eða rauðvinsglas. 495 kr. Nú 245 kr. Kampavinsglas. 395 kr. Nú 195 kr.

**SPARAÐU 30%**

**Nordique-matarstell.** Grár- eða sandlitaður steinleir. Diskur 26 cm. 1.995 kr. Nú 1.395 kr. Fylgidiskur 20 cm. 1.595 kr. Nú 1.095 kr. Hliðardiskur 15 cm. 1.295 kr. Nú 895 kr. Skál 15 cm. 1.495 kr. Nú 995 kr. Skál 20 cm. 4.995 kr. Nú 3.495 kr. Skál 25 cm. 5.995 kr. Nú 4.195 kr. Bolli 10 cm. 1.295 kr. Nú 895 kr. Fat 22 x 13,5 cm. 3.495 kr. Nú 2.395 kr. 30 x 17 cm. 3.995 kr. Nú 2.795 kr.

**Stressless** **25% AF ÖLLUM STRESSLESS**

Metro-hægingastóll  
Nú **224.925** kr.

**SPARAÐU 74.975**

**Metro-hægingastóll** með háu baki. Svart semi anilin leður. Hægt að panta með öðru áklæði. 299.900 kr. Nú 224.925 kr. Sparaðu 74.975 kr. Frí samsetning og heimsending á öllum Stressless-stólum á höfuðborgarsvæðinu

**30% AF ÖLLUM SÁPUM**

**SAVON DE MARSEILLE EXTRA PUR VIOLETTE**  
**SAVON DE MARSEILLE EXTRA PUR ROSE**  
**SAVON DE MARSEILLE EXTRA PUR VERVEINE**

Lissabon-hornsófi  
Nú **194.900** kr.

**SPARAÐU 85.000**

**Lissabon-hornsófi.** Sófi með legubekk. Ljósgrátt áklæði. 257 x 363 cm. 279.900 kr. Nú 194.900 kr. Sparaðu 85.000 kr.

**30% AF ÖLLUM RÖMMUM**

**HOME COLLECTION**  
x 50 cm

**Asta-stóll.** Ýmsir litir. Gúmmíviður. 14.900 kr. Nú 9.000 kr.

**SPARAÐU 30%**

**TILBOÐ Í JANÚAR** **ILVA**  
Beygla með reyktum lax, egg, salati, papriku og graflaxsósu. Verð 995 kr.  
Nú **795** kr.

**Frítt WiFi**

\*Gildir ekki um vörur á áður lækkuðu verði og merktum Everyday low price.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

VISA MasterCard Netgíró **shop online**

ÚTVÖRÞ  
BÍLHÁTALARAR  
BÍLMAGNARAR

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

### LOKADAGAR - ÚTSÖLUN

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR  
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR HELLUBORÐ  
HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL PURRKARAR  
OFNAR

#### NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti  
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti  
Frystikistur frá 24.995  
Philips bluetooth hátalarar með allt að 67% afslætti  
Blu-ray DVD spilarar með allt að 33% afslætti  
Örbylgjuofnar með allt að 50% afslætti  
Ofnar, háfar og helluborð á frábærum verðum  
Panasonic þvottavélar frá 49.995  
Kæliskápar með allt að 46% afslætti  
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti  
Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti  
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR BÍLTÆKI  
MP3 SPILARAR MAGNARAR  
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ  
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL  
REIKNIVÉLAR

# HTSALA

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

UM HELGINA

FRYSTIKISTUR RYKSUGUR STRAUJÁRN  
KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR VÖFFLUJÁRN  
BLANDARAR HÁFAR

Sjá allt  
úrvalið  
á [ht.is](http://ht.is)



**Heimilistæki**

[www.ht.is](http://www.ht.is)

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT  
LAU. 11-16 OG SUN. 13-17

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa ~~Ariete~~ elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO



ASUS

acer

steelseries

msi

Seagate

SanDisk



# STÓRÚ

## ALLT AÐ 70%

## ÚTSALAN KLÁRA

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁR  
SSDDISKAR • MINNISLYKLAR • HARÐIRDISKAR • FARTÖLVUR  
HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • V  
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLU  
HLJÓÐNEMAR • MÝS • FERÐAHÁTALARAR • DRÓNAR • HLJÓÐKO

SÝNISEINTÖK OG LAGFÆRÐAR  
FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR  
Á ENN MEIRI AFSLÆTTI!

GERÐU  
GEGGJUD  
KAUP!



7 VERSLANIR UM ALLT LAND

MANHATTAN

Logitech

TOSHIBA

SAMSUNG

RAZER

WACOM

PHILIPS



WD

# TSAALLA

## AFSLÁTTUR

### ST UM HELGINA!

IR • BORDTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR  
VUTÖSKUR • MÓÐURBORD • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR  
IFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORD  
TIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR  
RT • TEIKNIBORD • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝS • TURNKASSAR

**OPIÐ ALLA HELGINA**  
**Á SUÐURLANDSBRAUT**  
**LAUGARDAGUR 11 - 16**  
**SUNNUDAGUR 13 - 17**



tl.is

**TÖLVU**  
**LISTINN**

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
SÍMI 431 3333

# Á að færa flugvöllinn úr Vatnsmýri?

Ólöf  
Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is

Tekist hefur verið á um staðsetningu flugvallarins í Vatnsmýrinni um langt skeið. **Heiða Kristín Helgadóttir** og **Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir** reifa kosti og ókosti þess að færa flugvöllinn.



## Heiða Kristín

VARAÞINGMAÐUR

Fyrir borgarþjóð eins og Ísland skiptir hið byggða umhverfi mjög miklu máli hvað varðar umhverfis- og lífsgæði þjóðarinnar. Í því samhengi leikur Vatnsmýrin lykilhlutverk, því ef við við byggjum ekki upp Vatnsmýrina til að mæta áætlaðri íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu myndast þrýstingur til að þróa nýtt land á ósnortnum svæðum og auka þannig enn frekar á óhagkvæmni borgarinnar í takt við skipulag síðustu áratuga.

### Þarf að taka breytingum

Fari svo að enginn treysti sér til að taka ábyrga afstöðu og þetta mál heldur áfram að troða marvaða í ótta og ákvörðunarfælni þá dreifist byggð hér enn lengra með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið, það verður erfiðara að byggja upp hagkvæmar almenningssamgöngur, umferð frá austurhluta borgarinnar til vesturs mun halda áfram að þyngjast og umfram allt þá glötum við tækifæri til að þetta byggð, gera hana mannvænni og betri. Að byggja upp borg á Íslandi sem er samkeppnishæf við aðrar borgir í heiminum er verkefni sem stendur á krossgötum og þær ákvarðanir sem eru teknar í þessu máli skera úr um hvort við færumst áfram eða afturábak. Það er enginn að tala um að leggja innanlandsflug af. Það þarf bara að taka breytingum. Eins og allt annað.

Við getum ekki verið að öskra okkur hás yfir húsnæðisskortri, umferðarþunga og skortri á skilvirkum almenningssamgöngum en ætlað svo á sama tíma að standa í vegi fyrir því að landsvæði í hjarta borgarinnar

sé nýtt til að bregðast við vandanum með ábyrgum hætti. 20 þúsund manna byggð í Vatnsmýri með tengingum yfir Fossvoginn mun gefa fleiri Íslendingum tækifæri á að lifa heilsusamlegum og vistvænum lífsstíl en nokkru sinni fyrr í sögu landsins í takt við þróun borga alls staðar annars staðar í heiminum.

### Uppbygging í Vatnsmýri

Þar að auki býður uppbygging í Vatnsmýri upp á tækifæri sem flestar borgir í heiminum myndu greiða fyrir dýrum dómum, þ.e. að byggja upp þekkingarklasa miðsvæðis í höfuðborg nánast frá grunni þar sem fyrir eru háskólar, hátæknifyrirtæki og hátæknisjúkrahús. Það er ástæða fyrir því að háskólar eins og Stanford og landsvæði eins og Silicon Valley í Kaliforníu hafa skapað sér framúrskarandi sérstöðu í heiminum en það er vegna þess að hið byggða umhverfi þessara suðupotta styður við nýsköpun og dregur að sér hæfileikafólk sem vill umgangast sína líka. Gott mannlíf og lifandi borgarumhverfi skiptir öllu máli í þessum efnunum.

Uppbygging í Vatnsmýrinni er lykllinn að því að hér takist að byggja upp borg sem er umhverfisvæn, hagkvæm, samkeppnishæf og þannig góður staður fyrir fólk til að búa á. Af þeim sökum er nauðsynlegt að ríki og borg vinni að því með mjög afgerandi hætti að finna innanlandsflugi í Reykjavík nýjan stað sem uppfyllir sömu kröfur og Reykjavíkurflugvöllur gerir í dag. Það stjórnmálafólk sem treystir sér ekki í það verkefni er ekki starfi sínu vaxið.



## Guðfinna Jóhanna

BORGARFULLTRÚI



Ókostir þess að loka Reykjavíkurflugvelli og flytja miðstöð innanlandsflugs eitthvert annað eru margir. Sjúkraflug yrði ekki jafnt tryggt og þjónusta við landsbyggðina myndi skerðast verulega. Flugvöllurinn er varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll, heimahöfn flugdeildar Landhelgisgæslu Íslands, gegnir lykilhlutverki í viðbragðsáætlunum Almannavarna vegna stórslysa og náttúruvár, er endastöð sjúkraflugs og miðstöð innanlandsflugs sem tengir landsbyggðina við ýmsa þjónustu, bæði opinbera og einkarekna. Ríkið rekur ýmsa kjarnaþjónustu miðlægt í höfuðborginni, þar með talda lífsnauðsynlega heilbrigðisþjónustu, sem ekki væri gerlegt að halda úti viðsvegar um landið.

### Staðsetningin skiptir máli

Staðsetningin í Vatnsmýrinni skiptir máli vegna nálægðar við sjúkrahús þar sem sérhæfðir læknar, tæki og búnaður er og tíminn sem það tekur að koma fólki undir læknihendur getur skipt sköpum. Þaðan er einnig hægt að flytja fólk og búnað með skömmum fyrirvara svo sem lækna, sérsveitina og björgunaraðila. Ef flugvöllurinn yrði byggður annars staðar væri verið að aftengja eina mikilvægustu samgönguæðina milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar og myndi þjónustustig höfuðborgarinnar við landsbyggðina minnka, auk þess sem mikilvægur vinnustaður myndi leggjast af í borginni. Staðsetningin skiptir máli fyrir ýmsar atvinnugreinar svo sem ferðaþjónustuna. Engin önnur staðsetning hefur enn fundist sem hefur jafn marga kosti og Vatnsmýrin. Nefnd undir forystu Rögnu Arnadóttur fékk

það hlutverk að skoða hvaða staðsetning kæmi helst til greina ef byggja ætti annan flugvöll. Það var ekki niðurstaða nefndarinnar að það ætti að byggja nýjan flugvöll enda var verksvið hennar skýrt afmarkað við það að skoða önnur flugvallarstæði en Reykjavíkurflugvöll í núverandi mynd og Keflavíkurflugvöll.

### Of mikill kostnaður

Kannanir sýna að stórfelldur samdráttur yrði í farþega fjölda innanlands ef miðstöð þess yrði flutt á Keflavíkurflugvöll. Kostnaður við að byggja upp innviði Keflavíkurflugvallar svo unnt væri að þjónusta innanlandsflug þar myndi kosta langleiðina í áætlaðan kostnað við nýjan flugvöll. Innanlandsflug með núverandi sniði er þjóðhagslega hagkvæmt. Í skýrslu innanríkisráðuneytis um félagshagfræðilega greiningu á framtíð innanlandsflugs frá árinu 2014 kemur fram að arðsemi af fjárfestingu ríkisins í innviðum innanlandsflugs skilar ríkissjóði 48% arðsemi. Við vinnslu sömu skýrslu kom í ljós að flutningur miðstöðvar innanlandsflugs úr Vatnsmýri myndi leida af sér verulega fækkun farþega og fjölga þeim sem myndu velja að aka, með tilheyrandi slysaáætlu. Það hefur ekki verið sýnt fram á það að önnur staðsetning fyrir flugvöllinn sé jafn góð eða betri en Vatnsmýrin. Þá er alveg ljóst að kostnaðurinn yrði verulegur ef það ætti að byggja slíkan flugvöll á nýjum stað með öllum þeim innviðum sem þarf og þeirri þjónustu sem þarf að vera í kringum flugvöllinn eða nálægt honum og þeir peningar eru einfaldlega ekki til.

# Atvinnuhúsnæði og eignaumsjón

30. janúar 2016

KYNNINGARBLAÐ Reitir | Reginn | Eignaumsjón

## Fyrirtæki vilja klæðskerasaumað leiguhúsnæði fyrir starfsemi sína

Dagar einhæfra skrifstofa eru liðnir, nú keppast stórir vinnustaðir erlendis um að geta boðið starfsfólki upp á frumlegt og fallett umhverfi. **Reitir fasteignafélag** tekur virkan þátt í þessari þróun hér heima með því að laga húsnæði að þörfum leigutaka.

„Það er oft þannig að fólk er að leita sér að atvinnuhúsnæði til leigu á fasteignavefjunum og finnur ekkert við sitt hæfi þar eða finnst það þurfa að gera of mikið til að húsnæðið henti og hættir þá kannski við að skoða viðkomandi húsnæði. Reitir hafa undanfarið mikið verið í því að breyta húsnæði sem leigt er viðskiptavinum og þannig opnast nýir möguleikar,“ segir Andri Þór Arinbjörnsson, framkvæmdastjóri eignaumsýslu-sviðs Reita.

Halldór Jensson, sölustjóri Reita, er sá sem gerir samninga við nýja viðskiptavini og kemur að fyrstu skrefum breytinganna. „Leigutakar geta séð um breytingar sem þeir vilja gera á húsnæðinu í samráði við okkur en oft sjáum við alfarið um þær. Þá stjórnnum við framkvæmd breytinganna, við vinnum með hönnuðum og leigutaka í sameiningu, ráðum verktaka og iðnaðarmenn og skilum húsnæðinu að lokum til leigutaka í því ástandi sem þeir vilja. Leigutakar þurfa því ekki að sjá af sínum tíma eða starfsfólks síns frá daglegum störfum í að fylgja breytingunum eftir,“ útskýrir Halldór.

Leigutakinn þarf oft ekki að leggja út fyrir framkvæmdakostnaði. „Oft hentar það viðskiptavinum okkar betur að Reitir fjármagni breytingarnar á húsnæðinu, þá er framkvæmdakostnaði dreift yfir leigutímann, náist samkomulag um slíkt. Vissulega er ástand fasteigna og umfang breytinganna sem óskað er eftir mjög misjafnt þannig að hvert verkefni er metið sérstaklega,“ segir Andri.

Fyrirtækin sem Reitir hafa séð um breytingar á húsnæði fyrir eru af öllum stærðum og gerðum. Skemmtilegt dæmi um það er bókasafnið í Spönginni, það húsnæði hýsti áður líkamræktarstöð, stórir sturtukjarnar voru fjarlægðir og veggjaskipan breytt. Nú er bókasafnið mestmegnis stór, björt og opin rými sem eru mikil lyftistöng fyrir Spöngina.

Okkar líf flutti á síðasta ári á endurnýjaða hæð í Kauphallarhúsnæðinu. Þar er glæsilegt útsýni og staðsetningin er óviðjafnanleg. Áður en Reitir tóku þar til hendinni með Okkar lífi voru þar ónýtt gólfefni og opið loft með sýnilegu loftræstikerfi og öðru. Auk þess var herbergjaskipan óhefðbundin. Eftir breytingar sem unnar voru í nánu samstarfi við Okkar líf og hönnuði er hæðin gjörbreytt.



Þeir Andri og Halldór segja ýmsa möguleika vera fyrir leigutaka til að breyta leiguhúsnæði eftir sínu höfði. Hér má sjá tvö dæmi um slíkt. MYNDIR/STEFÁN




Selma Unnsteinsdóttir verkefnastjóri, Rúnar H. Bridde sviðsstjóri og Birgir Guðmundsson verkefnastjóri. „Við hjá Regin leggjum mikið upp úr því að veita viðskiptavinum okkar sem besta þjónustu.“ MYND/STEFÁN

# Framsækið og lausnamiðað fasteignafélag

**Reginn hf.** er fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði ásamt því að vera fyrsta fasteignafélagið sem skráð var á markað í Kauphöllinni. Eignasafn félagsins telur í dag um 280.000 fermetra og fer ört stækkandi. Meðal annars með nýjustu kaupum félagsins, en að þeim loknum mun eignasafn félagsins fara í 320.000 fermetra. Alls á félagið um 110 fasteignir sem eru nánast allar í útleigu. Hjá Regin er áhersla lögð á sveigjanleika og snarpa og góða þjónustu við viðskiptavinum.

## Útleigðir fermetrar á ári

Fjöldi útleigðra fermetra á ársgrundvelli, nýir og endurnýjaðir samningar



„Við hjá Regin leggjum mikið upp úr því að veita viðskiptavinum okkar sem besta þjónustu ásamt því að koma með lausnir sem hent að geta hverjum og einum. Með þessi gildi að leiðarljósi höfum við náð frábærum árangri með eignasafn okkar, en í dag er útleighlutfall félagsins um 97% sem er gríðarlega gott og með því besta ef við horfum til sambærilegra félaga heima og erlendis. Eignasafnið er fjölbreytt, af öllum stærðum og gerðum, og náum við því að sinna mjög breiðum hópi viðskiptavina, allt frá einyrkjum til mörg hundruð manna fyrirtækja,“ útskýrir Rúnar H. Bridde, sviðsstjóri útleiguvíðs. „Okkar aðalmarkaðssvæði er höfuðborgarsvæðið en einnig eigum við eignir á landsbyggðinni, þá aðallega á Akureyri og aðrar minni eignir víðar um landið.“

Við höfum náð að svara eftirspurn markaðarins ágætlega og brugðist við þeirri þörf sem við finnum fyrir. Við stækkun á eignasafni okkar undanfarið höfum við horft til þess að svara aukinni eftirspurn, þá sérstaklega hvað varðar iðnaðarhúsnæði, en eftirspurn í þeim flokki hefur aukist mikið upp á síðkastið. Sem dæmi, þá keyptum við fasteignasafn síðastliðið sumar, alls um 62.000 m<sup>2</sup>, og voru um 50% af því safni útleigð. Í dag eru þessar eignir komnar að mestu í útleigu og hlutfallið nær 90% og hækkar hratt. Einnig finnum við fyrir aukinni eftirspurn eftir skrifstofuhúsnæði sem er mjög jákvætt. Seinasta ár var frábært hjá Regin, en alls voru endurnýjaðir eða gerðir nýir leigusamningar fyrir yfir 35.000 m<sup>2</sup> sem er talsvert mikil aukning frá fyrra ári,“ útskýrir Rúnar.

## Sveigjanleiki

„Mikið öryggi og sveigjanleiki felst í því fyrir leigutaka að eiga viðskipti við traust og öflugt fasteignafélag eins og okkur, með stóru og fjölbreyttu eignasafni getum við unnið með leigutökum til framtíðar og mætt þeirra þörfum. Það er ekki óalgengt að sú staða komi upp hjá viðskiptavinum okkar að þeir þurfi t.d. að stækka við sig, eða jafnvel minnka húsnæðið, og þá finnum við lausn í sameiningu og getum þá komið til móts við þær þarfir með tilfærslu innan okkar eignasafns. Hver samningur er síðan sniðinn að hverjum leigutaka fyrir sig.“

## Langtímaleiga og samkeppnishæft verð

Í langflestum tilfellum erum við að gera langtímaleigusamninga við viðskiptavinum okkar og tryggja þar með rekstraröryggi fyrirtækja. Algengur tími er 3 til 5 ár og alveg upp í 10 ár en líka eru dæmi um enn lengri samninga, jafnvel til 25 ára,“ segir Rúnar. „Við erum að bjóða samkeppnishæft leiguverð á markaðnum sem sýnir sig best í þeim árangri sem við höfum náð ásamt þeirri þjónustu, aðferðafræði og lausnum sem Reginn býður upp á. Sem dæmi þá höfum við náð til okkar fjórum seinustu ríkissamningum eftir að fram hafa farið útboð eða verðkannanir á vegum ríkisins. Það sýnir einfallega að við séum að bjóða góðar lausnir á réttu verði.“

## Hröð og góð þjónusta

„Til að auka enn frekar þjónustuna og skerpa fókus á útleigumálin hjá okkur, þá verður til nýtt svið innan Regins nú um mánaðamótin. Hlutverk okkar sem störfum á þessu sviði er að hafa nákvæma yfirsýn yfir stöðu leigumála hverju sinni, gera og viðhalda útleiguáætlun fyrir félagið, framkvæma nauðsynlegar markaðsgreiningar og kynningar auk þess að annast útleigu á lausum rýmum,“ segir Rúnar að lokum.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## Haldin í tólfta sinn

Japanshátíð verður haldin á Háskólatorgi Háskóla Íslands í dag. Þar verður meðal annars hægt að smakka japanskan mat, skrifa japanska stafi, kynna sér tungumálið, reyna við origamilistina og teikna manga-teiknimyndir svo fátt eitt sé nefnt. BLS. 6



## Í STUTTBUXUM MEÐ GLAS Í HENDI

Halldór Gylfason leikari æfir sporin í söngleiknum Mamma Mia um þessar mundir en frumsýning verður í mars. Söngleikurinn hefur slegið í gegn um allan heim eins og bíómyndin. Rífandi fjörug tónlist ABBA nær að fanga hug fólks á öllum aldri. FRAMHALD Á Síðu 2



MYND/STEFÁN

# Bioskin Junior

Fyrir börn 3ja mánaða og eldri.

„Exemið nánast horfið  
Á FJÓRUM VIKUM!“



Eva Ruza Miljevic hefur notað Bioskin Junior vörurnar á 5 ára son sinn með frábærum árangri.

Sölustaðir: Apótek og heilsubúðir.



**20%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR

## NYTT fyrir börn



### Daily Nourishing Spray

Fljótandi úði, gengur hratt inn í húðina. Nærir og mýkir.

### Outbreak Rescue Cream

Róar og sefar þurra og sára húð. Engin takmörkun á notkun.

Inniheldur ekki: stera, paraffin, lanolin, paraben eða gervi ilmefni.



Geirfuglarnir hafa ekki komið saman lengi en vonandi rætist úr því með vorinu.

» Halldór fer með hlutverk Bills. Hann er einn þeirra karla sem gætu verið faðir aðalsöguhetjunnar, Sophie, og kemur til grísku eyjunnar til að vera viðstaddur brúðkaup dóttur sinnar. „Þetta er kall sem kann að njóta lífsins, máttulega frjáls og kærulaus. Við erum þessa dagana að læra sporin, dansana, lögin og textana. Maður mætir í vinnuna og það eru allir glaðir og í svaka stuði, þetta er svo skemmtilegt,“ segir Halldór. „Við erum á stuttbuxum í einhverri draumaveröld sem er grísk eyja. Við fáum meira að segja flotta drykki og hittum flottar píur. Þetta er draumhlutverk,“ segir hann. „Verkið fjallar bara um að vera hress og í stuði. Óður til lífsins. Íslendingar eiga eftir að falla fyrir þessu, enda ekki annað hægt. Lögin eru grípanði og allir þekkjja þau,“ segir Halldór.

#### FIGURD Í FJÖLBREYTNÍ

Hann segist aldrei hafa verið sjúk-ur ABBA-aðdáandi en viðurkennir að þetta séu flott og vel samín lög. Þórarinn Eldjárn hefur þýtt verkið á frábæran hátt. „Honum hefur tekist að gera þetta lipurlega og með hnytni. Það er auðvelt að syngja textana,“ segir Halldór og bætir við að um tuttugu manns komi að sýningunni.

Halldór hefur starfað við Borgarleikhúsið í sautján ár. Billy Elliot og Lína Langsokkur hafa tekið allan hans tíma síðasta árið og búast má við að Mamma Mia taki síðan við. „Ég er einmitt að leika í eitt hundruðustu sýningunni á Línu um helgina og hundruðustu sýningunni á Billy Elliot. Þetta eru frábærar sýningar svo maður fær aldrei leiða á þeim. Áhorfendur hrífast með og maður finnur þennan góða anda á sýningunum. Fólk gengur út með bros á vör en þá er einmitt gaman að vinna í leikhúsi. Það er helst að maður verði leiður á rútínunni baksviðs, maður labbar út af leiksviðinu og þá eru alltaf sömu manneskjur á sama stað sem mæta manni. Baksviðs er þetta líklega svolítið „Groundhog Day“. Maður kemur sér upp ákveðnum venjum, kíkir á símann, fær sér vatn og þess háttar. Fegurðin í starfinu felst í fjölbreytninni. Nýtt hlutverk, nýtt ævintýri.“

Á milli þess sem Halldór sprikla- ar á sviðinu les hann inn á teikni- myndir. Hann var til dæmis í stóru hlutverki í bíómyndinni Turbo. Einnig var hann rödd í Lego-bíó- myndinni. Á tímabili las hann inn á allnokkrar teiknimyndir fyrir sjónvarp.



Mamma Mia sló öll met í kvikmynd- húsum. Líklega verður aðsóknin ekki minni í leikhúsinu.

”Ég verð voða mikið á stutt- buxum, heltanaður, með glas í hendi uppi á leik- sviði út þennan vetur. Ég sé sæng mína upp reidda með syngjandi gleði.

Halldór Gylfason leikari

#### UNNIÐ ALLAR HELGAR

Halldór er kvæntur og á tvö börn, 18 ára son og 14 ára dóttur. „Þau eru orðin vön þessum skrítna vinnutíma hjá mér. Ég er að vinna allar helgar. Stundum eru frístundirnar ekki margar. Plúsinn er þó sá að oft er ég heima á virkum dögum þegar engar æfingar eru. Þá get ég verið heima þegar þau koma heim úr skólanum. Það er lítið um djamm hjá mér sem er fúll þar sem ég er svo mikill partíkarl, ég vil taka upp gítarinn og syngja. Mér finnst líka rosagaman að fara í matarboð. Ég nota sumarið vel til að fara í sumarþústað eða til út- landa með fjölskyldunni. Leikaralífið er öðruvísi en hjá þeim sem vinna frá 9-5.

Annars er ég í fríi á sunnudags- kvöldið og ætla að bjóða fólki í mat. Mér finnst mjög gaman að elda og hugsa lengi um hvað ég ætla að matreiða. Við hjónin skiptumst á að elda. Hún er reyndar betri kokkur, en ég hef gaman af að prófa eitt- hvað nýtt, hún er hefðbundnari.“

#### GEIRFUGLAR OG VEIÐI

Halldór á mörg áhugamál. Eitt þeirra er fluguveiði sem hann reynir að stunda á sumrin. Síðan er hann forfallinn fótboltaaðdáandi. Hann lék með Þrótti á yngri árum og hefur fylgst með liðinu í blíðu og stríðu. „Ég stundaði hestamennsku á mínum yngri árum en pabbi og bróðir minn eru með hesta. Ég hef góðan aðgang að hestum og skrepp oft í hesthúsin,“ segir hann.

Stærsta áhugamál Halldórs er tónlistin. Hann hefur leikið með hljómsveitinni Geirfuglunum í mörg ár. „Við höfum ekki leikið mikið undanfarið,“ viðurkennir hann. Halldór hefur samið mikið af lögum og var með einkatón- leika á Kexi á síðasta ári sem tók- ust mjög vel. „Ég hef samið lög og texta frá því ég var 18 ára. Svo spái ég mikið í tónlist annarra. Þessa dagana hlusta ég mikið á Júlíus Meyvant og Teit Magnússon. Svo er ég alltaf Zappa-aðdáandi. Ég er líka klassíkunnandi. Þegar ég er einn heima hef ég góða tónlist í kringum mig,“ segir Halldór sem er sömuleiðis öflugur briddsspilari. Hann keppti í íþróttinni á unglingsárum. Núna finnst mér ágætt að spila bridds og skrafla á netinu. Stundum er hringt í mig þegar vantar mann á briddsspilaborð. Svo reyni ég að komast reglulega í ræktina með fé- laga mínum. Það er mjög gaman. Mér finnst nauðsynlegt að hreyfa mig og enn skemmtilegra að hafa félagsskap. Líkaminn er mitt hljóð- færi sem þarf að hlúa vel að,“ út- skýrir hann. Í þeim leikritum sem Halldór hefur tekið þátt í undan- farið er talsverð mikil líkamsrækt og það heldur áfram í Mamma Mia svo eins gott að vera í góðu formi.

#### SYNGJANDI GLEÐI

Halldór segist vera bjartsýnn á veturinn. „Ég verð voða mikið á stuttbuxum, heltanaður, með glas í hendi uppi á leiksviði út þennan vetur. Ég sé sæng mína upp reidda með syngjandi gleði. Ég hlakka líka mikið til að fylgjast með mínum mönnum í Þrótti í efstu deild í sumar,“ segir hann.

Góður leikarahópur er með Halldóri í Mamma Mia og má þarf meðal annars nefna Jóhönnu Vigdís Arnardóttur, Esther Taliu Casey, Arnar Dan Kristjánsson, Helga Björnsson, Eystein Sigurðarson og Brynhildi Guðjónsdóttur. Eins og flestir muna var úrvals leikaralið í bíómyndinni sem allir dáðu með Meryl Street í farar- broddi. [elin@365.is](mailto:elin@365.is)

# BIO-KULT STYRKIR BÆÐI ÓNÆMISKERFIÐ OG MELTINGUNA

**ICECARE KYNNIR** Bio-Kult Original og Bio-Kult Candéa eru öflugar blöndur vinveittra gerla sem styrkja þarmaflórana. Mæðgurnar Íris Ásmundardóttir og Margrét Alice Birgisdóttir mæla heilshugar með hvoru tveggja.

Íris Ásmundardóttir er á fullu í framhaldsskólánámi og æfir ball-ett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri staðsettur í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspæstar sem ég má ekkert vera að því að eyða tímanum í,“ segir Íris.

Henni finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins.“

**MÆLIR MED BIO-KULT ORIGINAL OG CANDÉA**  
Móðir Írisar, Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfari, er sam-mála dóttur sinni um góð áhrif Bio-Kult. Hún mælir með því við-skriptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríu-flóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar,“ segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sárarastilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur.“

„Ég mæli heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda ein-kennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel.“



## BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í melt-



Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original. MYND/ERNIR

ingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuóþol, pírringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Bio-Kult Original er einnig öflug

blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólki með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

## ALLT ÖNNUR LÍÐAN OG BETRA SKAP MEÐ FEMARELLE

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

Virgni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförunum þrettán árum. Guðrún Ragna Ólafsdóttir próf-aði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormón hjá læknum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og líður miklu betur við að nota Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama mann-eskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

### FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estró-gennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíða-hvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóð-storknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle.



Guðrún Ragna hefur góða reynslu af Femarelle. MYND/VILHELM



### GÓÐUR KOSTUR

- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef

## BIO-KULT GERLARNIR VIRKA BEST

Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflórana. Margrét Kaldalóns er ánægð með Bio-Kult og segir meltinguna hafa lagast til mikilla muna.

Margrét Kaldalóns hefur notað Bio-Kult gerlana í nokkra mánuði og fann hún fljótlega mikinn mun á meltingunni. Margrét hefur starfað í heilsugeiranum í þrjátíu ár og hefur kynnst mörgum tegundum af fæðubótarefnum og mjólkursýrugerlum. „Ég veit það af reynslunni að það eru mjög margir sem þjást af meltingarvandamálum. Það eru margar tegundir mjólkursýrugerla á markaði sem lifa ekki af magasýrurnar og ná því ekki að virka sem skyldi. Í mínum störfum hef ég prófað margar tegundir af mjólkursýrugerlum og ég finn að Bio-Kult gerlarnir henta mér best,“ segir Margrét.

Hún segist hafa verið viðkvæm gagnvart mörgum fæðutegundum áður fyrir. „Ég fann alltaf fljótlega eftir máltíðir að mér leið illa, það var eins og grjót væri í maganum. Eftir að ég kynntist Bio-Kult gerlunum hef ég fundið mestan mun á líðan í smáþörmunum – því ég var mjög viðkvæm í þeim áður. Ég tek fjögur hylki á dag, og hef alltaf tekið þau fyrir mat, það hentar mér. Venjulegur skammtur er tvö hylki, en mér finnst betra að taka aukalega. Ég er sérlega ánægð með Bio-Kult gerlana, því að þeir hafa hjálpað mér, meltingin hefur lagast til mikilla muna.“



Margrét er sérlega ánægð með Bio-Kult gerlana. „Þeir hafa hjálpað mér, meltingin hefur lagast til mikilla muna.“

### BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólki með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fánlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

**NÝTT** **FAJITAS QUESADILLA**  
 Kynningartilboð ~~1.690~~ 1.290kr



**Culiacan**  
 MEXICAN GRILL  
 Suðurlandsbraut 4 533 1033  
 culiacan.is

**RÝMINGASALA HAFIN!**



**Rýmum fyrir nýjum vörum**

Úlpur, kápur og buxur á rýmingasölu á

**50% afslætti.**

**B/A/S/L/E/R Parisar**  
 TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

**SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA**



**Arctic Star**

**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)  
 Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



Pröttarinn Gunnar Helgason segist ekki hafa farið út að skemmta sér í hefðbundnum skilningi þess orðs í mörg ár en þegar hann ætlar að gera sér glaðan dag á sumrin fer hann á Pröttarvöllinn. MYND/ERNIR

## FÓR Í SUNNUDAGS- KAFFI ÁRIÐ 1989

Draumahelgi **Gunnars Helgasonar** leikara felur meðal annars í sér egg og beikon, skíði, kakó, bíó og Pröttarvöllinn. Um þessa helgi verður hann hins vegar bara að vinna við að leikstýra sýningunni Hvítt.

Leikarinn og leikstjórinn Gunnar Helgason verður önnur kafinn um helgina eins og flestar aðrar helgar en hann leikstýrir verkinu Hvítt í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarborg. Hann gefur lesendum hér smá inn-sýn í hvernig hann ver helgunum sínum.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Egg og beikon. Ekki spurning. En ekki bara egg og beikon heldur verða egginn að vera hrærð þannig að þau eru ekki orðin alstíf. Svo er appelsínusafi í stóru glasi, bláber eða jarðarber á kantinum, ristað brauð úr bakaríi og síðast en ekki síst íslenskt birkisiróp.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Kornfleks. Háflélegt, ég veit. En maður er alltaf að drífa sig niður í Hafnarborg til að koma Hvítt af stað eða eitthvað álíka skemmtilegt.

**Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Ég hef ekki farið út að skemmta mér í hefðbundnum skilningi þess orðs í mörg ár. Ef ég ætla að skemmta mér fer ég eitthvað með familíunni eins og á skíði eða þá ég fer á Pröttarvöllinn á sumrin. Annars er ég bara

oftast að vinna allar helgar sem skýrir lélegan morgunmat.

**Sefur þú út um helgar?** Uuu... nei. Sjá svar að ofan.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Hryggur með gráðostasósu. Ég sé um hrygginn en Björk sér um sósuna. Hún er heimsmeistari í gráðostasósugerð.

**Vakir þú fram eftir?** Já. Oftast er ég að koma seint heim úr vinnu og það tekur tíma að ná sér niður.

**Ef þú ferð út að dansa hvert ferðu þá?** Í brúðkaup. Þau eru bara ekki nógu mörg, að mér finnst. Þó búinn að fara í eitt á þessu ári. Það var stórkostlegt.

**Hvernig er draumahelgin?** Engin vinna. Egg og beikon, skíði, kakó, bíó, Pröttarvöllurinn, sigurleikur í Pepsieiddinni og Arsenal vinnur. Svo væri nú alger toppur að komast í sumarbústaðinn.

**Ef þú ert næturhrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin?** Ef það er til lakkrís á heimilinu hverfur hann fljótt. Þess vegna er alveg harðbannað að kaupa lakkrís.

**Ertu með nammidag?** Nei, enginn nammidagur hjá okkur og hefur aldrei verið. Ef það er til nammi á heimilinu borðum við það. En það er bannað að kaupa nammi. Þetta er regla sem allir fara eftir nema kannski ég.

**Hvar er best að eyða laugardags-  
eftirmiðdegi?** Í sumarbústaðnum eða á skíðum.


**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Fjölskyldunni. Eða Ása bróður ef Arsenal er að spila mikilvægan leik.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Það fer eftir því hvað afmælisbarnið er gamalt. Ég hef ekki farið í sunnudagskaffi síðan árið 1989 nema vera boðið í afmæli. Þá kem ég seint því maður er alltaf að vinna. Þó reyni ég að mæta á réttum tíma til Aðalbjargar mágkonu.

**Hvað er annars að fréttu?** Annars er ég bara hress. Get ekki beðið eftir því að fara á listamannalaun í mars því þá get ég kannski hætt að vinna allar helgar og farið að skrifa ... og ekki gert neitt annað í heila sex mánuði. Það verður geðveikt að vinna bara fimm daga í viku.

# LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR

Í DAG LAUGARDAGINN 30. JANÚAR



KJÖRIÐ TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ  
GERA GÓÐ KAUP!

SÓFAR / STÓLAR / BORDSTOFUSTÓLAR / BORD / SKÁPAR  
SVEFNSÓFAR / LJÓS / PÚÐAR / SMÁVARA

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16


# GÓÐAR FJÖLSKYLDUSTUNDIR

Hugmyndaauðgin lætur stundum á sér standa þegar upphugsa þarf skemmtilegar helgarstundir fyrir fjölskylduna. Hér eru teknir saman nokkrir skemmtilegir viðburðir sem eru í gangi um helgina og gaman gæti verið að kíkja á.




## ÆVINTÝRI Í TÓNUM

Töfrahurð – Ævintýrið af Sölva og Oddi kóngi eftir Báru Grímsdóttur verður frumflutt í Norðurljóssal Hörpu í hádeginu í dag. Margrét Eir er sögukona sem segir söguna af Oddi og Unu álfadrottningu. Nú manna hljómsveit spilar, stúlkna-kór Neskirku syngur og dansnem-endur stíga dans.



## PÚSLMARKAÐUR

Spilavinir á Suðurlandsbraut 48 standa fyrir skemmtilegum púslmarkaði í dag þar sem fólk getur komið og býttað púslum, selt þau eða keypt. Þeir sem hyggjast festa kaup á púsl ættu að taka með sér reiðufé þar sem ekki er líklegt að margir verði með posa. Það kostar ekkert að koma og selja, en hver og einn púslsali heldur utan um sína sölu. Markaðurinn hefst klukkan 13 og stendur til 16.



## JAPANSHÁTÍÐ

Japanshátíð verður haldin á Háskólatorgi Háskóla Íslands í dag. Þetta er í tólftha sinn sem hátíðin er haldin og er aðgangur að henni ókeypis að venju. Hátíðin hefst klukkan 13 og lýkur klukkan 17. Gestum er boðið að upplifa Japan í gegnum hinar ýmsu athafnir og sýningar. Hægt er að smakka á japönskum mat, læra að skrifa japanska stafi og kynna sér japanska tungumálið. Einnig er hægt að taka þátt í japanskri teathöfn og smakka hefðbundið japanskt te. Til sýnis verða anime- og manga-

búningar. Á neðri hæðinni verður lögð áhersla á listir, handverk og leiki. Gestir fá að reyna sig við origamalistina, að teikna manga-teiknimyndir og leika sér með klassísk japönsk leikföng. Einnig verður herbergi lagt undir japanska tölvuleiki. Á hátíðinni verður einnig lögð áhersla á japanska menningu sem tengist heimildarmyndum, tónlist, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Þá verður flutt lifandi tónlist. Það er því nóg um að vera fyrir krakka á öllum aldri.

## KRAKKAR SKAPA TÓNLIST

Krakkamengi 2 er tilraunánám-skeið í tónlistarskópun fyrir 4-6 ára krakka sem haldið verður í Mengi, Óðinsgötu 2, sunnudaginn 31. janúar klukkan 10.30. Námskeiðið er opið öllum krökkum á þessum aldri og þeim fullorðnum sem fylgja þeim. Vinnustofan stendur í um klukku-

stund og að henni lokinni verður flutt tónlistin sem sköpuð var. Benedikt Hermann Hermannsson, tónlistarmaður og kennari, leiðir Krakkamengi í þetta sinn en honum til aðstoðar verða þau Kira Kira (Kristín Björk Kristjánsdóttir) og Futuregrapher (Árni Grétar).



## NORRÆNN BÓKAMARKAÐUR

Bókamarkaður hefst í bókasafni Norræna hússins í dag og stendur til 5. febrúar. Þar má finna forvitnilegar og spennandi bækur á Norðurlandamálum, nýlegri og eldri, fyrir börn og fullorðna, skáldsögur, barnabækur og fræðibækur. Sérstaklega er mikið af nýjum og eldri bókum á norsku og sænsku fyrir börn og unglinga.

## FUGLATALNING

Árlega fitjar Fuglavernd upp á talningu garðfugla síðustu helgina í janúar. Framkvæmdin er einföld. Það eina sem þátttakandi þarf að gera er að fylgjast með einhverjum garði í klukkutíma laugard. 30. jan., sunnud. 31. jan. eða mánuð. 1. feb., skrá hjá sér hvaða fugla viðkomandi sér í garðinum og mesta fjölda af hverri tegund á meðan athugunin stendur yfir. Verkefnið er einfalt og skemmtilegt en upplýsingar um talninguna má á [www.fuglavernd.is](http://www.fuglavernd.is).





# Hydra<sup>3</sup>Ha™

HYALURONIC ACID

ALLT AÐ  
**+71%**  
RAKA AUKNING EFTIR  
EINA NOTKUN.

Varðveitir rakann og gefur aukinn ljóma dag eftir dag. Stöðug rakagjöf í 8 tíma.



Útsöluastaðir: Hagkaup Kringlunni, Lyfju Smáratorgi, Neskaupsstað og Keflavík, Árbæjarapotek, Garðsapótek, Apotek Sigulfjarðar, Stjörnusól, Snyrtistofan Hilma, Snyrtistofan Arona, Snyrtistofan Abaco, Snyrtistofan Fagra, Snyrtistofan Wanita, Snyrtistofan Dekurdis og Hárgreiðslustofan Flick.

## KENDALL STELUR ATHYGLI CHANEL


Fyrirsætan Kendall Jenner vakti mikla athygli þar sem hún kom fram á tískusýningu Chanel í vikunni. Kendall er hálf systir þeirra Kourtney og Kim Kardashian og kom reglulega fram í raunveruleikabáttum þeirra, Keeping Up with the Kardashians á sjónvarpsstöðinni E!

Kendall er aðeins tvítug að aldri en hefur þegar gert garðinn frægan í módelbransanum. Hún hóf ferilinn 14 ára gömul en fyrsta starf hennar var fyrir verslunarkeðjuna Forever 21. Þær systur allar virðast hafa ótrúlegt aðdráttarafl.

Karl Lagerfeld var stoltur þegar hann kynnti þessa ungu fyrirsætu í París. Hann hefur áður fengið hana sem fyrirsætu á sýningum sínum.

Kynnt var hátíska Chanel fyrir vor og sumar 2016. Þegar Kendall kom fram í síðum, svörtum kjól tóku gestir andköf, svo glæsileg þótti hún vera. Chanel-kjólarnir þóttu vera í anda sjöunda áratugarins og förðun sömuleiðis. Horft er til fyrirsætunnar Twiggy annars vegar og Kleopötru með Elizabeth Taylor hins vegar.

Á meðal gesta í salnum var leikkonan Gwyneth Paltrow.



Þessi svarti kjóll frá Chanel vakti gríðarlega athygli á sýningunni.

## Micellar Hreinsivatn

*Notið á morgnana til að hreinsa húðina og fá frískandi tilfinningu. Notið aftur að kvöldi til að hreinsa andlitið og fjarlægja farða.*

## Moisture+ Soft

*Tilfinningin fyrir frískri og mjúkri húð varir lengur ef þú notar jafnframt léttu og mjúka 24 stunda\* rakakremið okkar.*

# EINS AUÐVELT OG 1 + 1

Auðveldar þér að viðhalda hreinni, frískri og mjúkri húð allan daginn með nýju Garnier 1+1 línunni.



Allt í einni lausn

24 stunda\* rakakrem

# GARNIER

# HEILLUÐ AF HAVANA

Kúba kom **Guðrúnu Öldu Harðardóttur** á óvart þrátt fyrir góðan undirbúning. Henni fannst hún ferðast um tímann í Havana.

Guðrún Alda Harðardóttir, doktor í leikskólafræðum, og eiginmaður hennar, Sigurður Þór Salvarsson, höfðu lengi talað um að fara til Havana þegar þau sáu auglýsingu um beint flug til Kúbu. Þau slógu til, pöntuðu miða strax og fóru þangað í nóvember síðastliðnum. „Við höfum ferðast víða en það hafði verið ofarlega í huga okkar að heimsækja Kúbu en ekki orðið úr. Vitneskjan um að Kúba væri að breytast og þessi auglýsing gerði að verkum að við vildum ekki draga það að fara,“ lýsir Guðrún.

Hún hélt sig vera búna að búa sig vel í huganum undir það hvers hún gæti vænt á Kúbu – en það var ekki raunin. „Það var nánast allt sem kom mér á óvart, jafnvel staðalímyndin um gömlu amerísku drossiurnar. Þær voru mun fleiri en ég hélt. Að vera ferðamaður í Havana var stundum eins og að vera á tímaflakki, vera í fortíð, í kringum árið sem ég fæddist, 1955, og nútíð á sama tíma og jafnvel sjá glitta í framtíðina en það er verið að gera upp undurfalleg hús, grafa fyrir ljósleiðara og fleira.“

Samkennd, hjálpssemi, nægjusemi og lífsgleði eru hugtök sem standa upp úr eftir ferðina í huga Guðrúnar um Kúbuverja. En líka hörð lífsbarátta, hark og fleira. Hana langar aftur til Kúbu en þá myndi hún stoppa lengur og ferðast víðar um eyjuna, til dæmis til borgarinnar Trinidad. „Að sumu leyti sakna ég Havana. Ég er heilluð af borginni og ég óska þess að börnin mín sjái hana þegar búið verður að endurgera þessi dásamlegu hús sem þar eru,“ segir Guðrún og brosir.

Lumar þú á einhverri skemmtilegri ferðasögu?

„Við hjónin vorum boðin í kvöldmat heim til kúbverskrar konu sem á skyldmenni hér á landi – þeirri heimsókn gleymi ég seint. Ekki var um að ræða svona túristaheimboð heldur borðuðum við bara kvöldmat



Guðrún Alda í Havana. Sjá má glitta í Sigurð eiginmann hennar ef grannt er gáð.

„Það var nánast allt sem kom mér á óvart, jafnvel staðalímyndin um gömlu amerísku drossiurnar. Þær voru mun fleiri en ég hélt.“

inn hjá fimm manna millistéttafjölskyldu. Húsmóðirin er með tvær meistaraáráttur, eina í ensku og alþjóðlega meistaraáráttu í ferðamálafræðum. Íbúðin sem þau búa í er 40 fermetrar, fá húsgögn og fábrotin. Sumir veggir málaðir aðrir ekki – bara steypa ber. Árlega fær fjölskyldan skömmtunarbók, í hana er skráður skammtur fjölskyldunnar af matvörum fyrir hvern mánuð.

Og það sem er í boði eru hrísgrjón, svartar baunir, kaffi, salt, eldspýtur, olía, brúnn og hvítur sykur. Stöku snum kjúklingur og svínakjöt og fimm egg í mánuði fyrir einstakling. Ef börn eru á heimilinu þá fá þau auk þess jógurt og þurrmjólk. Þessi skammtur dugur oftast í þrjár vikur, fjórða vikan er mögur hjá mörgum. En fólk er ánæggt, það myndi alveg vilja hafa meira fé á milli handanna en fjölskyldan sem við heimsóttum sagðist ekki vera fátæk. Þegar ég sat þarna og borðaði með fjölskyldunni skammaðist ég mín eiginlega fyrir allt bruðlið hér heima. Á Kúbu hafa allir þak yfir höfuðið og ekkert atvinnuleysi er þar, það kostar ekkert að stunda nám og húsnæði er frítt fyrir stóran hluta almennings, en aðbúnaður fólks er allt annar en á Íslandi.“



Gömlu amerísku drossiurnar voru mun fleiri á Kúbu en Guðrún Alda vænti.



Horft yfir Havana.



Guðrún segist óska þess að börn hennar sjái borgina þegar búið verður að endurgera dásamlegu húsin sem þar eru.

**21.-28. mars.**  
Gðansk. 6 nætur í fegurstu hansaborg Evrópu. Dagsferð til Úlfagrenis Hitlers.

**22. maí til 1. júní.**  
Ungverjaland, Slóvakía.

**19 júní.- 3. júlí.**  
Búdapest, Rúmenía. Ekið um Transilvaníu til Moldóvu. Fimm „ríki“ í þremur.

**15. -25. júlí.**  
Priggja landa sýn. Pólland, Kaliningrad, Litháen.

**September.**  
Balkanskagi.

**1- 15. október.**  
Kína og Norður-Kórea.

**Október-nóvember.**  
Indland, Bútan, Nepal.

**5. – 9. desember.**  
Aðventuferð til Gðansk.

**2017. September – október.**  
Silkileiðin- Mið Asía: Úzbekistan – Turkmenistan – Kyrgyzstan – Kazakstan.

Söguferðir bjóða uppá skipulagða fræðslu um lönd, borgir, þjóðir og menningu



Sjá dagskrár ferða á heimasíðu Söguferða, [www.soguferdir.is](http://www.soguferdir.is)  
Bókanir hjá Söguferðum í síma 564 3031 og 611 4797  
Fyrirspurnir og pantanir á [soguferdir@soguferdir.is](mailto:soguferdir@soguferdir.is)



Opíð hús verður á morgun í Hulduhólum í Mosfellsbæ. Gestum gefst kostur á að njóta leiðsagnar um listhúsið og heimili Steinunnar Marteinsdóttur og vinnustofu.

## ÍSLAND ER SVO KERAMÍSKT

Opíð hús verður að Hulduhólum í Mosfellsbæ á morgun, sunnudag, í tilefni sýningarinnar Ísland er svo keramískt. Leiðsögn verður um heimili og vinnustofu leirlistakonunnar Steinunnar Marteinsdóttur og listhúsið milli klukkan 14 til 16.30.

Hönnunarsafns Íslands stendur fyrir sýningunni. Á vefsíðu safnsins segir um list Steinunnar: „Steinunn er einstakur leirlistamaður í íslenski

hönnunar- og listasögu. Hún hefur á 55 ára ferli skapað afar persónulegan stíl með verkum sínum sem hún hefur mótað og unnið með krefjandi hætti. Á fyrstu einkasýningu sinni árið 1975 markaði Steinunn þau þáttaskil í íslenski leirlistasögu að sýna íslenskt landslag á afgerandi hátt með stórum og smáum skúlptúrvösum og veggmyndum.“

Sýningin stendur til 28. febrúar 2016.





## Viltu komast að sem bakara-, framreiðslu- eða matreiðslunemi?

Kannaðu kosti vinnustaðanáms hjá Icelandair hótélum

Markmið hótélanna er að nemandur í vinnustaðanámi hljóti faglega menntun til takst á við áskoranir framtíðarinnar. Fjölbreytileiki Icelandair hótélanna gerir það að verkum að nemendum gefst kostur á gríðarlega fjölbreyttri menntun í líflegu og alþjóðlegu umhverfi.

### Hafðu samband ef þú:

- Ert jákvæð týpa sem vill ná árangri
- Ert til í að læra og tileinka þér fagmennsku
- Hefur náð 18 ára aldri

Æskilegt er að þú hafi lokið grunndeild matvælagreina

Nánari upplýsingar veitir Gígja Magnúsdóttir, gigja@icehotels.is  
Sótt er um á [icelandairhotels.com/is/um-icelandair-hotel/hotelklassinn](http://icelandairhotels.com/is/um-icelandair-hotel/hotelklassinn)

Icelandair hótél eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótél undir fjórum ólíkum vörumerkjum; Icelandair Hotels, Eddu hótél, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 700 manns.

Framtíð ferðapjónustu á Íslandi er björt og fagleg starfsþjálfun í matvælaíðngreinum felur í sér ótal tækifæri. Icelandair hótél bjóða upp á vinnustaðanám í matreiðslu, framreiðslu og bakaraiðn þar sem meistarar og tilsjónarmenn leiðbeina nemendum og búa þá undir sveinspróf.

Icelandair hótélinn leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

**Icelandair Hotels**  
[www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com)



## Viltu vinna í ferðapjónustu?



Your Iceland Tour Expert

Gray Line Iceland leitar að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.

### Starfsmenn í ferðaafgreiðslu

#### Í boði er:

- 100% starf í Reykjavík eða Keflavíkurfugvelli
- Framtíðarstarf/Sumarstarf
- Dagvinna/Næturvinna
- Unnið er á vöktum
- Skemmtilegt og krefjandi starf

#### Helstu verkefni:

- Upplýsingagjöf til ferðamanna
- Sala ferða
- Önnur tilfallandi störf

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta
- Önnur tungumálakunnátta kostur
- Góð þekking á Íslandi

### Leiðsögumenn - sumarstarf

#### Í boði er:

- 100% starf
- Hlutastarf
- Skemmtileg og krefjandi verkefni

#### Helstu verkefni:

- Leiðsögn í ferðum Gray Line Iceland
- Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leiðsögumannapróf
  - Tungumálakunnátta
    - Enska
    - Spænska
  - Önnur tungumálakunnátta kostur
  - Meirapróf kostur
  - Þjónustulund og sveigjanleiki

### Verkstæði

#### Í boði er:

- 100% starf
  - Mjög góð vinnuaðstaða
- Helstu verkefni:**
- Viðgerð á hópferðabílum
  - Dekkjaskipti
  - Bílamálun
- Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meirapróf kostur
  - Þjónustulund og sveigjanleiki

### Bílstjórar - sumarstarf

#### Í boði er:

- 100% starf
  - Dagvinna/Næturvinna
  - Unnið vöktum
  - Skemmtilegt og krefjandi starf
- Helstu verkefni:**
- Akstur með ferðamenn
- Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meirapróf
  - Enskukunnátta
  - Góð þekking á Íslandi
  - Þjónustulund og sveigjanleiki

**Umsóknir berist til:** Elínar Hlífar Helgadóttur, mannauðsstjóra, [elin@grayline.is](mailto:elin@grayline.is). Umsókninni þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2016.**

Gray Line Iceland er leiðandi íslenskt ferðapjónustufyrirtæki í örur vexti. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 200 manns. Fyrirtækið er aðili að Gray Line Worldwide sem er stærsta skoðunarferðafyrirtæki í heimi. Félagið er ferðaskipuleggjandi, ferðaskrifstofa og hópferðafyrirtæki með starfsemi einkum í skipulögðum dagsferðum með yfir 60 áfangastaði víðs vegar um Ísland. Gray Line á Íslandi á einn yngsta rútbílaflota landsins, 70 hópferðabíla sem taka frá 9 til 71 farþega. Félagið flutti rúmlega 510 þúsund ferðamenn árið 2014 í eigin ferðum. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.

## Hugbúnaðargerð - mikil tækifæri

Óskum eftir að komast í samband við reynda hugbúnaðarsérfræðinga sem langar í nýjar áskoranir í starfi.

*Spennandi tækifæri og góð laun í boði.*

*Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

Sjá nánar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)



Viðskiptastjóri fyrirtækja

## Nýtt útibú Íslandsbanka í Norðurturni

Nýtt útibú Íslandsbanka verður opnað næstkomandi haust á nýjum stað í Norðurturni Smáralindar, en þar sameinast þrjú útibú í eitt; útibúið í Þarabakka, á Digranesvegi og á Garðatorgi. Þetta verður eitt af stærstu og öflugustu útibúum bankans.

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi í starf viðskiptastjóra fyrirtækja. Viðskiptastjóri gegnir stjórnunarstöðu auk þess að bera ábyrgð á viðskiptatengslum og þjónustu við fyrirtæki.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar**

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

### Helstu verkefni:

- Styrkja og skapa góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Stjórnun og starfsmannamál
- Lánamál fyrirtækja
- Greiningar og áætlanagerð

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af starfi hjá fjármálafyrirtæki er kostur

### Nánari upplýsingar:

Lilja Pálsdóttir, útibússtjóri, sími 440 3251, [lilja.palsdottir@islandsbanki.is](mailto:lilja.palsdottir@islandsbanki.is).

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningastjóri sími 440 4172, [sigrun.olafs@islandsbanki.is](mailto:sigrun.olafs@islandsbanki.is)



Jafnlaunauðttekt  
PwC  
2015

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. **Hvað segir fólkíð okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn

  
Íslandsbanki

Stundum reddast allt  
— stundum ekki

capacent



[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Þú getur orðið

# Sérfræðingur á sviði stefnumótunar og fjármála



Forsætisráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi á sviði stefnumótunar og fjármála til starfa á skrifstofu fjármála. Um er að ræða fullt starf. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins við ráðningar í störf hjá forsætisráðuneytinu.

Umsóknarfrestur

**15. febrúar**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2002**

Starfssvið

- Stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur og stofnanir sem heyra undir ráðuneytið.
- Þátttaka í vinnu við fjárlagagerð, kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerða.
- Eftirlit með rekstri stofnana og annarra verkefna.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og þróunar- og breytingaverkefnum.
- Þekking og reynsla í gerð fjármálaáætlana og greiningarvinnu.
- Góð tölvukunnátta og reynsla af notkun töflureikna og framsetningu á tölulegum gögnum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.

Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



**LANDSNET**

## Vertu hluti af okkar neti

### Upplýsingafulltrúi

Við leitum að jákvæðum og drifandi einstaklingi, sem hefur brennandi áhuga á miðlun upplýsinga, í nýtt starf upplýsingafulltrúa hjá Landsneti. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á miðlun upplýsinga fyrirtækisins og skipulagningu viðburða ásamt því að móta stefnu í samfélagsmiðlum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla af fréttá- og greinaskrifum
- Hæfni í miðlun upplýsinga með fjölbreyttum aðferðum
- Samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Frétta- og greinaskrif fyrir ytri og innri miðla
- Ábyrgð á mótun stefnu í samfélagsmiðlum
- Umsjón með útgáfu kynningarefnis
- Skipulagning kynningarfunda
- Samskipti við fjölmiðla

**Um Landsnet**

Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku sem er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins.

Verkefni fyrirtækisins er að tryggja heimilum og fyrirtækjum aðgang að rafmagni í takt við þarfir þeirra og í sátt við umhverfið og samfélagið. Landsnet er góður vinnustaður þar sem fjölbreytt og krefjandi verkefni eru leyst af samhentum hópi starfsfólks.

Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar 2016.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent.



## Viðskiptastjóri

Nýtt og framsækið þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða viðskiptstjóra með góð tengsl í bygginga- eða þjónustugeiranum. Fyrirtækið mun þjónusta fjölmargar atvinnugreinar og með starfsemi sinni styðja við uppbyggingu í íslensku samfélagi.

### Starfslýsing

- Sala og þjónusta til fyrirtækja
- Parfagreining
- Tilboðsgerð og eftirfylgni tilboða
- Frágangur tilboða og skjalagerð
- Viðhalda og efla tengsl við viðskiptavini

### Hæfniskröfur

- Söluhæfileikar og sannfæringarkraftur
- Mikill þjónustuvilji og færni í myndun viðskiptatengsla
- Árangursdrifni og vilji til framkvæmda
- Reynsla af sölustörfum skilyrði
- Góð þekking og tengslanet í atvinnulífinu
- Gott skipulag og eljusemi

### Við bjóðum

- Góða vinnuaðstöðu
- Góð laun fyrir réttan aðila



### Upplýsingar veitir:

#### Sverrir Briem

sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

## GLERBORG

Gler, gluggar, glerslípun & speglagerð frá 1922



## Glerborg óskar eftir að ráða sölumann

Leitað er að öflugum einstaklingi í starf sölumanns sem sinnir umboðsmönnum á landsbyggðinni og þarf því reglulega að ferðast innanlands.

### Hæfniskröfur

- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Þekking og/eða reynsla af byggingarmarkaði kostur
- Söluhæfileikar og keppnisskap
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og eftirfylgni
- Gott skipulag og eljusemi



### Upplýsingar veitir:

#### Rannveig J. Haraldsdóttir

rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Rauði krossinn á Íslandi er félag sjálfboðaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Meginhlutverk Rauða krossins á Íslandi er að bregðast við hvers konar neyð hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum, standa vörð um og aðstoða þá sem verst eru staddir í samfélaginu og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagar í Rauða krossinum á Íslandi eru yfir 20 þúsund og skráðir sjálfboðaliðar 2.900 sem starfa í 42 deildum um land allt. Sérstaða Rauða krossins felst meðal annars í því að félagið starfar á breiðu sviði mannúðar- og hjálparstarfs í samræmi við grundvallarhugsjónir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Hreyfingin er elsta og umfangsmesta mannúðarstofnun í heimi með um 97 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða í 188 löndum.



## Sviðsstjóri fjármálasviðs

Rauði krossinn á Íslandi óskar að ráða öflugan sviðsstjóra fjármálasviðs.

### Starfssvið

- Dagleg fjármálastýring
- Gerð fjárhagsáætlunar og eftirfylgni
- Yfirumsjón með uppgjöri
- Yfirumsjón með gerð samstæðuársreiknings allra rekstrareininga
- Samningagerð, umsjón og eftirfylgni
- Starfsmannamál

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sterk reynsla af fjármálum og reikningshaldi
- Reynsla af uppgjörsvinnu
- Frumkvæði og metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Traust, nákvæm og öguð vinnubrögð



### Upplýsingar veitir:

#### Katrín S. Óladóttir

katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

## Frábær verkstjóri óskast

Viðskiptavit ehf vantar hörkuduglegan verkstjóra til daglegrar verkstjórnunar á byggingarsvæðum sínum. Um er að ræða skemmtilegt, krefjandi og fjölbreytt starf þar sem öryggi, gæði og afköst skipta meginmáli.

**Hæfniskröfur:** viðeigandi menntun, reynsla vegur þungt, góð færni í samskiptum og drifkraftur.

Umsóknir skulu sendast til [baldur.ing@gmail.com](mailto:baldur.ing@gmail.com), allar nánari upplýsingar veitir Baldur s. 618 8418.

**Umsóknarfrestur er til 8. febrúar.**

*Viðskiptavit ehf er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt allhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit ehf hefur innan sinna banda reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.*

## VILTU TAKA ÞÁTT Í AÐ GERA ATVINNULÍFIÐ VIÐBURÐARÍKARA?

**CP REYKJAVÍK** leitar að ferskum, faglegum og framúrskarandi verkefnastjóra í viðburðadeild fyrirtækisins.

### Helstu verkefni:

- Hugmyndavinna, samskipti, sala- og ráðgjöf til viðskiptavina
- Verkefnastýring, skipulagning og framkvæmd viðburða

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi sölu- og samskiptahæfni
- Reynsla af verkefna- og/eða viðburðastjórnun
- Sjálfstæð, skapandi og drifandi vinnubrögð
- Hæfileiki til að vinna undir álagi
- Reynsla af liðsheidar- og hópeflisvinnu er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti




Suðurlandsbraut 6 / 108 Reykjavík / 510 3900  
www.cpreykjavik.is / cpreykjavik@cpreykjavik.is

**CP REYKJAVÍK** er frísklegt og skapandi þjónustufyrirtæki sem skipuleggur viðburði, ferðir og ráðstefnur fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini. Sérgrein okkar er ráðgjöf og utanumhald ásamt framkvæmd funda og ráðstefna, viðburða, partía, hópeflis og starfsdaga. Einnig bjóðum við upp á sérferðir á borði við hvataferðir og lúxusferðir fyrir hópa af öllum stærðum.

**RÁÐSTEFNUR / VIÐBURÐIR / HVATAFERDIR**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk.**

Umsóknir sendist til [viðburdir@cpreykjavik.is](mailto:viðburdir@cpreykjavik.is). Fullum trúnaði heitið.



strætó.is

Strætó bs. er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna þar sem starfa um 300 manns sem mynda sterka liðsheild. Strætó bs. er byggðasamlag, í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur það meginmarkmið að veita viðskiptavinum góða þjónustu með öflugum og víðtæku leiðakerfi og gefa þeim kost á að komast leiðar sinnar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

## Viltu hoppa um borð? Strætó býður þrjú spennandi störf!

### Gæða- og verkefnastjóri

Við óskum eftir skipulögðum og nákvæmum einstaklingi til starfa sem gæða- og verkefnastjóri. Megináhersla starfsins er verkefnastjórnun ýmissa stærri og smærri verkefna Strætó bs. og rekstur gæðakerfa félagsins ISO 14001 og OHSAS 18001.

#### Helstu verkefni

- Hýsing, stýring og eftirfylgni verkefna
- Rekstur gæðakerfanna ISO 14001 og OHSAS 18001
- Innleiðing, viðhald og útgáfa gæðahandbókar
- Úttektar- og umbótaverkefni
- Innri úttektir
- Ferlagreining – innleiðing og endurskoðun ferla
- Þjálfun og fræðsla til starfsmanna um umhverfis- og öryggismál

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- D-stig vottun kostur
- Þekking og fagleg reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking á gæðastjórnun og rekstri gæðakerfa
- Góð almenn tölvuþekking
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Samskiptafærni og metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk.**

### Samgöngusérfræðingur

Við óskum eftir skipulögðum og nákvæmum sérfræðingi til starfa við samgönguskipulag. Megináhersla starfsins er að vinna að skipulagi og áætlunum vegna leiðakerfis Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu og þeirra landshluta sem hafa samninga við Strætó. Sérfræðingur samgönguskipulags starfar beint undir framkvæmdastjóra.

#### Helstu verkefni

- Ábyrgð á leiðakerfisvinnu á skipulagsstigi í samráði við sveitarfélög og landshlutasamtök
- Ábyrgð á vinnu við vagnaferla fyrir alla akstursaðila
- Vinna við útboðsmál
- Þátttaka í skipulagsvinnu sveitarfélaga
- Uppgjör og nýting aksturs á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni
- Greiningarvinna við leiðakerfi
- Farþegatalningar

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði samgöngu- og skipulagsmála kostur
- Þekking og reynsla af skipulags- og samgöngumálum
- Mjög góð tölvuþekking
- Lausnamiðuð hugsun, útsjónarsemi og talnagleggni
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Norðurlandamál kostur
- Samskiptafærni og metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk.**

### Sölumaður

Við óskum eftir að ráða sölumann. Leitað er að einstaklingi með frumkvæði og skapandi hugsun. Um nýtt starf er að ræða við þróun á nýrri þjónustu Strætó bs.

#### Helstu verkefni

- Sala og kynning á fargjaldalausnum
- Annast söluáætlanir og sóknarfæri
- Samskipti við viðskiptavini
- Greining á þörfum viðskiptavina
- Vöruþróun

#### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af sölustörfum
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Hæfni í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður

**Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk.**



#### Upplýsingar veita:

**Kristín Guðmundsdóttir**  
[kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is)

**Sveina Berglind Jónsdóttir**  
[sveina@hagvangur.is](mailto:sveina@hagvangur.is)

#### Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um störfín.

## Skurðlækningasvið



# VILTU VERÐA SÉRFRÆÐINGUR Á HJARTA OG LUNGNÁVÉL, PERFUSIONISTI?

Við hjarta- og lungnaskurðeild Landspítala er laust starf sérfræðings á hjarta- og lungnavél, perfusionisti. Góð þjálfun er í boði.

Undirbúningur fyrir starfið er tveggja ára sérnám í Cardiovascular Technology sem lýkur með MS gráðu. CCP (Clinical certified perfusionist), bóklegt og verklegt. Bóklegi hlutinn fer fram við The Scandinavian School of Cardiovascular Technology „Den danske perfusionist skole“ í Árósum, Danmörku en verklegi hlutinn að mestu við LSH og að hluta erlendis. Kennslan fer fram á ensku.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Björt / gluggar á 3 vegu
- Ca. 35 fm svalir á 3 vegu með íbúð
- Aukaherbergi í kjallara
- GETUR FENGIST AFHENT FLJÓTLEGA
- V. 28,9 millj.


Hafðu samband  
SVEINN EYLAND  
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



### ASPARFELL – 111 RVK

- Snyrtileg 70.8 fm 2ja herb.
- Íbúð verið endurnýjuð að hluta
- Stofa og eldhús opið og bjart rými
- Rúmgóðar suð/vestur svalir
- Hús í mjög góðu standi
- V. 23,5 millj.

Hafðu samband  
SVEINN EYLAND  
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



OPIÐ HÚS

### SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 8 – 101 RVK

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 31. JAN FRÁ KL.15.00 – 15.30

- Björt og falleg 126,7 fm 3ja herb íbúð.
- Stórt opið rými stofa og eldhús.
- Eign í mjög góðu ástandi.
- í hjarta borgarinnar.
- V.52,9 millj.

Hafðu samband  
EGGERT MARIÚSON  
sölufulltrúi. Sími 690 1472



OPIÐ HÚS

### BLÁHAMRAR 2 – 112 RVK

OPIÐ HÚS 31. JAN KL. 13:00 – 13:30

- Falleg 2ja herbergja, 63 fm íbúð á jarðhæð.
- Mjög gott hús sem hefur verið vel viðhaldið.
- Íbúðinni fylgir sérafnotaréttur.
- V. 24,9 millj

Hafðu samband  
SIGURÐUR R. SAMÚELSSON  
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



OPIÐ HÚS

### HÁTÚN 19 – 105 RVK

OPIÐ HÚS 31. JAN KL. 14:00 – 14:30

- Falleg og mikið endurnýjuð sérhæð og ris með bílskúr. Alls 164,5 fm.
- Mjög mikið endurnýjað hús sem nostrað hefur verið við í gegnum tíðina.
- Baðherbergi á báðum hæðum.
- Rúmgóð herbergi og stofur. Stór verönd.
- V. 54,9 millj

Hafðu samband  
SIGURÐUR R. SAMÚELSSON  
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



OPIÐ HÚS

### RJÚPNASALIR 12 201 KÖP.

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN  
31. JANÚAR KL. 14:00 – 14:30

- Einstaklega fallega 110,5 fm. 4ra herbergja íbúð á 4. hæð með frábæru útsýni.
- Svalir lokaðar með gleri.
- 3 svefnherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgir eigninni.
- Fallegar beyki innréttingar.
- Tvær lyftur í snyrtilegri sameign.
- V. 38,9 millj.

Hafðu samband  
ÞÓRARINN THORARENSEN  
sölustjóri. Sími 770 0309



### SALA- OG LINDAHVERFI – SÉRBÝLI ÓSKAST

Leita að sérbýli í Sala- eða Lindahverfinu í Kópavogi fyrir viðskiptavinum.

Bein kaup eða makaskipti á 4ra herbergja íbúð á jarðhæð á frábærum stað í Salahverfinu.

Hafðu samband  
SIGURÐUR R. SAMÚELSSON  
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312





**OPIÐ HÚS > 30. jan 14:00 - 14:30**

**Lautasmári 26**  
201 BÆJARFÉLAG

STÆRD: 96,8 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Nýtt á skrá. Falleg íbúð að Lautasmára 26. Leikskólinn Lækur og Smáraskóli í göngufæri. Snyrtilegur stigagangur og snjóbræðsla í gangstétt fyrir utan inngang.

Heyrumst  
**Magnús > 699 2010 34.500.000₰**  
Sölufulltrúi

**Vindakór 6**  
201 KÓPAVOGUR

STÆRD: 119,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Nýtt á skrá. Falleg fjögurra herbergja 119,7 fm íbúð að Vindakór 6 á annari hæð með sér bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi. Sérinnangangur af svölum, lyfta í sameign.

Heyrumst  
**Magnús > 699 2010 37.900.000₰**  
Sölufulltrúi

**OPIÐ HÚS > 30. jan 16:00 - 16:30**

**Tröllakór 2-4**  
203 KÓPAVOGUR

STÆRD: 114,8 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Björt og falleg íbúð á 4. hæð (efstu) í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar, granítborðplötur og -sólbekkir. Rúmgóðar suðursvalir, þvottahús innan íbúðar.

Heyrumst  
**Lára > 899 3335 35.900.000₰**  
BA í löggæðvið / í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS > 31. jan 16:00 - 16:30**

**Rauðavað 23**  
110 REYKJAVÍK

STÆRD: 104,9 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á annari hæð ásamt stæði í bílageymslu við Rauðavað 23. Fallegt útsýni. Sér inngangur af svölum, granít borðplötur á eldhúsi, baðherbergi og á sólbekkjum.

Heyrumst  
**Stefán > 892 9966 34.900.000₰**  
Löggiltur leigumiðlari/Sölufulltrúi

**OPIÐ HÚS > 30. jan 16:30 - 17:00 og 31. jan 15:00 - 15:30**

**Þingvað 61-81**  
110 REYKJAVÍK

STÆRD: 205-225 fm RAÐHÚS HERB: 7

Glæsileg fimm og sjö herbergja, 205-225 fm raðhús með bílskúr í botnlangagötu við Þingvað 61-81. Gott skipulag og frábær staðsetning. Gólfhiti, 3 metra lofthæð á efri hæð og vandaðar innréttingar. Afhendast fullbúin án gólfefna. Sameiginlegur garður er í miðju húsanna með vönduðum leiktækjum. Snjóbræðsla undir hellulögn framan húsin. Stutt er í skóla og leikskóla, Rauðhóll leikskóli í um 200 metra fjarlægð og 500 metrar í Norðlingaskóla. Efnisval hannað og valið af Rut Káradóttur. Afhending fljótlega - Skipti skoðuð á minni eign - Aðeins fjögur hús eftir.


**62.400.000 - 64.900.000 ₰**

Heyrumst  
**Stefán Jarl Martin**  
Löggiltur leigumiðlari  
Sölufulltrúi  
> 892 9966  
> stefan@fastlind.is

Heyrumst  
**Hannes Steindórsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sölustjóri  
> 699 5008  
> hannes@fastlind.is



OPIÐ HÚS &gt; 31. jan 14:00 - 14:30



**Fannafold 52**  
112 REYKJAVÍK

STÆRD: 190 fm RÁÐHÚS HERB: 5-6

Mjög fallegt og vel skipulagt 5-6 herbergja raðhús við Fannafold 52 í Grafarvogi.

Heyrumst  
Gunnar > 699 3702 54.900.000₰  
Í námi til lögg.fasteignasala/Sölufulltrúi

OPIÐ HÚS &gt; 31. jan 15:00 - 15:30



**Austurbrún 25**  
104 REYKJAVÍK

STÆRD: 138 fm FJÖLBÝLI HERB: 5

Mjög fallega og vel skipulagða 4-5 herbergja hæð með sérinnangi við Austurbrún 25 í Reykjavík.

Heyrumst  
Gunnar > 699 3702 42.900.000₰  
Í námi til lögg.fasteignasala/Sölufulltrúi

OPIÐ HÚS &gt; 30. jan 14:00 - 14:30



**Heiðargerði 114**  
108 REYKJAVÍK

STÆRD: 77,7 fm ÞRÍBÝLI HERB: 3

Góð íbúð á jarðhæð með sérinnangi. Tvö herbergi, stofa, eldhús, geymsla, baðherbergi og sér klósett. Íbúðin talsvert endurnýjuð síðustu árin, húsið verður málað sumarið 2016.

Heyrumst  
Kristján > 696 1122 27.900.000₰  
Í námi til lögg.fasteignasala/Sölufulltrúi

OPIÐ HÚS &gt; 30. jan 14:00 - 14:30



**Hverfisgata 13B**  
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRD: 253,8 fm EINBÝLI HERB: 5

Fallega uppert einbýli á þremur hæðum í hjarta Hafnarfjarðar. Eignin er 152,6m<sup>2</sup> auk bílskúrs sem er 101,2m<sup>2</sup>. Garðurinn er með timburverönd kringum húsið og heitum potti.

Heyrumst  
Harpa > 772 5583 61.500.000₰  
Byggingarfræðingur/ Í námi til lögg.fasteignasala

OPIÐ HÚS &gt; 31. jan 15:00 - 15:30



**Grýtubakki 22**  
109 REYKJAVÍK

STÆRD: 104 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 3.hæð við Grýtubakka 22 í Reykjavík. Þrjú svefnherbergi, rúmgóð stofa, gott skápláss í eldhúsi

Heyrumst  
Hannes > 699 5008 25.900.000₰  
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS &gt; 31. jan 13:00 - 13:30




**Dalprýði 6**  
210 GARÐABÆR

STÆRD: 188,7 fm FJÖLDI HERB: 4

Mjög fallegt og vandað parhús á einni hæð. Stór 50 fm bílskúr. Mikil lofthæð, stór timburverönd í suður, granít borðplötur.

Heyrumst  
Hannes > 699 5008 64.900.000₰  
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS &gt; 31. jan 16:00 - 16:30



**Hverfisgata 52**  
101 REYKJAVÍK

STÆRD: 224 fm SÉRHÆÐ HERB: 5

Einstök 224 fm hæð með lyftu beint upp í íbúð. Íbúðin öll á einni hæð. Mikil lofthæð, mjög björt íbúð, mikið af gluggum, gegheilt eikarplankaparket.

Heyrumst  
Hannes > 699 5008 TILBOÐ ₰  
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS &gt; 31. jan 14:00 - 14:30




**Stórikriki 13**  
270 MOSFELLSBÆ

STÆRD: 245 fm EINBÝLI HERB: 7

Einstaklega glæsilegt og vandað 245 fm einbýlishús með bílskúr með miklu útsýni og timburverönd. Fallegar innréttingar, VOLA blöndunartæki, granít borðplötur, mikil lofthæð, gegnheilt eikarplankaparket, gólfsíðir gluggar. Fjögur svefnherbergi. Funkbus ljósastryring. Fjögur svefnherbergi.

79.900.000₰



Heyrumst  
**Hannes Steindórsson**  
Löggiltur fasteignasali  
Sölustjóri  
> 699 5008  
> hannes@fastlind.is



HÁMARK  
PRÓTEINDRYKKUR

SUNNUDAG KL. 19:10



Fyrsti þátturinn verður í **opinni dagskrá**

# ÍSLAND GOT ★ TALENT

FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN



## ÍSLAND GOT TALENT HEFST AFTUR



Hæfileikafólk stígur á sviðið þegar einn stærsti sjónvarpsviðburður ársins fer í loftið á sunnudagskvöld. **Emmsjé Gauti** er nýr kynnir og **Ágústa Eva, Dr. Gunn**, **Jakob Frímenn** og **Marta María** mæta fersk til leiks sem dómamar þáttarins. Fylgstu með **Ísland Got Talent** frá byrjun.



# Curvyis fagnar tollafrelsinu!

Nýjar vörur án vörugjalda og nú á enn betra verði

BUDGET  
ALLTAF BESTA VERÐIÐ  
BABE



BUXUR  
VERÐ: 4.990 KR  
STÆRDIR 14-24



KJÓLL  
VERÐ: 7.590 KR  
STÆRDIR 14-22



KJÓLL  
VERÐ: 6.990 KR  
STÆRDIR 14-24



KJÓLL  
VERÐ: 6.990 KR  
STÆRDIR 14-22



KJÓLL  
VERÐ: 7.490 KR  
STÆRDIR 14-24



KJÓLL  
VERÐ: 6.990 KR  
STÆRDIR 14-22



TOPPUR  
VERÐ: 3.990 KR  
STÆRDIR 14-20



JAKKI  
VERÐ: 10.990 KR  
STÆRDIR 14-24



LEGGINGS  
VERÐ: 3.500 KR  
STÆRDIR 14-20



PEYSA  
VERÐ: 5.990 KR  
STÆRDIR 14-24



GALLABUXUR  
VERÐ: 5.990 KR  
STÆRDIR 14-22



SPORTLEGGINGS  
VERÐ: 4.590 KR  
STÆRDIR 14-22

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á [WWW.CURVY.IS](http://WWW.CURVY.IS)

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl.11-18

Laugardaga frá kl.11-16

SENDUM FRÍTT  
HVERT Á LAND  
SEM ER!

Curvyis

Fákafeni 9, 108 RVK  
Sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)




VITA er með helgarferðir til ýmissa borga og sendir Íslendinga til Dublin, Lissabon, Rómar, Madríd og Flórens.



Margar spennandi sérferðir eru á döfinni hjá VITA. Til dæmis ferð um Indókína til Singapúr og Balí og svo flott ferð til konungsríkisins Bútan í Himalajafjöllum.



VITA býður upp á stórar, fjölskylduvænar íbúðir á Mallorca, Kít, Tenerife og Calpe á Spáni.



Salan á sólarlandaferðum VITA fer vel af stað, enda er veglegur bóknarafsláttur í boði fyrir þá sem bóka fyrst.



Lífið um borð í skemmtiferðaskipi er svo dásamlegt að engan langar í land.

## „BETRI FERÐ FYRIR BETRA VERÐ“ HJÁ

# VITA

**VITA kynnir** Markmið VITA er að bjóða „betri ferð fyrir betra verð“, en VITA leggur metnað í að bjóða góð hótél og ávallt hæstu gæði miðað við verð.

VITA hugsar vel um stórfjölskylduna. Salan á sólarlandaferðum VITA fer vel af stað, enda er veglegur bóknarafsláttur í boði fyrir þá sem bóka fyrst. „Við hjá VITA höfum lagt okkur fram um að finna gístaði sem rúma stórfjölskylduna en það virðist ekki algengt í Evrópu að fólk eigi meira en tvö börn – allavega er ekki mikið úrval gistingar með tveimur svefnherbergjum. VITA getur því boðið stórar íbúðir á Mallorca, Kít, Tenerife og Calpe á Spáni. Við bendum þó á að þessi fjölskylduvænu hótél seljast fljótt,“ segir Guðrún Sigurgeirsdóttir, framleiðslustjóri hjá VITA.

### VINSÆLAR VETRARFERÐIR

Vetrarferðir VITA eru mikið til uppseldar en boðið er upp á vikulegt flug með Icelandair til Tenerife og Kanarí í allan vetur og fram yfir páska. „Fólk bókar snemma til að geta valið „sinn“ gístaði og „betri sætin“ sem eru í Icelandair-vélunum eru gríðarlega vinsæl og seljast um leið og ferðirnar koma í sölu,“ segir Guðrún og brosir.

Skíðaferðir til Selva og Madonna di Campiglio eru uppseldar út tímabilið, en í ár bætti VITA Saalbach í Austurríki við skíðaferðaflórana.

### BEINT FLUG Í BORGARFERÐIR

Þá er gott að vita að VITA er með



Starfsfólk VITA leggur sig fram um að veita sem allra besta þjónustu. MYND/ERNIR

Stoltið okkar eru siglingar með lúxusskemmtiferðaskipum.

helgarferðir til ýmissa borga þar sem fyrirtækið vinnur með systurfyrirtæki sínu, Iceland Travel. VITA sendir Íslendinga til Dublin, Lissabon, Rómar, Madríd og Flórens og á móti koma Írar, Portúgalar, Spánverjar og Ítalir og njóta lífsins á Íslandi.

### LÚXUS UM BORÐ

„Stoltið okkar eru siglingar með lúxusskemmtiferðaskipum en VITA er með samninga við Royal Caribbean Cruise Line og Celebrity Cruises sem eru toppskipafélög með skemmtilegar siglingaleiðir,“ segir Guðrún.

Hún segir flesta vilja fara í tíu til fjórtán daga siglingar. „Lífið um borð er svo dásamlegt að engan langar í land eftir eina stutta viku.“ Guðrún nefnir einnig að drykkjarpakkarnir hjá Celebrity Cruises kæti alla, því auðvitað vilji allir gera vel við sig í lúxussiglingu.

„Nýjungarnar í ár eru til dæmis sigling um Miðjarðarhaf þar sem

farið er til Jerúsalem og glæsilegar siglingar um Asíu þar sem lagt er úr höfn í Tókýó.“

### Á STJÖRNUSLÓÐUM

Að sögn Guðrúnar eru margar spennandi sérferðir á döfinni. „Til dæmis ferð um Indókína til Singapúr og Balí og svo flott ferð til konungsríkisins Bútan í Himalajafjöllum. Til gamans má nefna að samkvæmt nýjasta Hello-blaðinu er það einn heitasti staðurinn í dag hjá ekki ómerkara fólk en hertogahjónunum af Cambridge, Vilhjálmi prins og Katrínu konu hans. Þá hafa Angelina Jolie og Brad Pitt planað ferð þangað í ár.“

# GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í CHICAGO

Verð frá **39.600\*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



## Njóttu hvernar mínútu

Þú þarft ekki að flýta þér með pönnupizzuna eða rjúka á milli búða á Michigan Avenue. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Rölta meðfram Lake Michigan eða kikja á sýningu í The Goodman Theatre. Spegla þig í Bauninni, Cloud Gate, staldra við og litast um. Eyða heilum degi í The Museum Park. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

+ Bókaðu núna á [icelandair.is](http://icelandair.is)

 Vertu með okkur

**ICELANDAIR** 

\* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

# ÚR BÆNUM MEÐ FLUGFÉLAGI ÍSLANDS

**Flugfélag Íslands kynnir** Fí býður einstaklingum og hópum pakka sem innihalda flug og hótél bæði innanlands og til Grænlands og Færeyja. Fyrirtæki og hópar hafa verið mjög dugleg að nota þessa pakka. Nýlega var hafin sala á þessum hótelpökkum til einstaklinga og smærri hópa. Nú er um að gera að notfæra sér tilboð og skella sér í skemmtilega ferð.

„Flugfélagið er með öflugan netklúbb þar sem við sendum reglulega út tilboð. Ef eitthvað sérstakt er um að vera þá sendum við oft tilboð varðandi flug, gistingu og jafnvel miða á viðkomandi viðburð eða ráðstefnu,“ segir Eva Björk Guðjónsdóttir, deildarstjóri hjá Flugfélagi Íslands, og telur hér upp frábæra áfangastaði.

„**Akureyri** þarf vart að kynna enda ótrúlega vinsæll áfangastaður með fjölbreytta afþreyingu og menningarviðburði. Egilsstaðir og Ísafjörður eru sömuleiðis áhugaverðir staðir að heimsækja, hvort sem er yfir sumar- eða vetrartíma.


Á **Egilsstöðum** má nefna listviðburði og menningarháttíðir, fallega firði og svo að sjálfsögðu veiðitímabilið en veiðimenn nota mikið flugið til að fara austur, til dæmis á hreindýratímabilinu. Nýjasta viðbótin við gistingu fyrir austan er Óbyggðasetur Íslands, áhugaverður staður í Norðurdal í Fljótsdal. Spannandi fyrir hópefli innan fyrirtækja, gisting og fundaraðstaða á staðnum.

**Ísafjörður** er þekktur fyrir viðburði eins og Aldrei fór ég suður, Fossavatnsgönguna og Mýraboltann. Auk þess er mikið um aðra afþreyingu á staðnum og má þar nefna hvalaskoðun með RIB bát og matargönguferð um Suðureyri.

Ekki má gleyma **Reykjavík** fyrir einstaklinga og hópa utan af landi. Hvers vegna að leita langt yfir skammt til að skemmta sér



Eva Björk Guðjónsdóttir, deildarstjóri Flugfélags Íslands, segir að vetrarferðir út á land séu mjög vinsælar.



„Sérstök opnunarnettíloboð eru á völdum ferðum og því kjörið tækifæri að láta drauminn rætast.“

í útlöndum þegar heimsborgin Reykjavík býður upp á nánast allt sem erlendrar stórborgir státa af?

Flugfélag Íslands býður einnig upp á hótelpakka til **Færeyja** (Torshavn) og **Grænlands** (Kulusuk, Nuuk, Ilulissat, Narsarsuaq og Kangerlussuaq). **Kangerlussuaq** er nýjasti áfangastaður Flugfélags Íslands og við munum fljúga yfir sumarmánuðina tvisvar í viku frá Keflavík.

Þess má geta að nú eru í boði á heimasíðunni sérstök opnunarnettíloboð á völdum ferðum og því kjörið tækifæri að láta drauminn um að heimsækja þetta fallega land rætast,“ segir Eva Björk.

- **Upplýsingar um alla áfangastaði Flugfélags Íslands er að finna á heimasíðunni [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)**
- **Ef ykkur vantar frekari upplýsingar eða viljið bóka pakkaferðir þá endilega hafið samband við hópadeild, hópadeild@flugfelag.is, sími 570 3075.**

## LÍFSGLEÐI Á GRÆNHÖFÐAEYJUM

Cape Verde eða Grænhöfðaeyjar eru samansafn þrettán eyja sem liggja um 600 km frá Senegal í Afríku. Búið er á níu eyjum en alls býr um hálf milljón manna á þessum slóðum. Vinsældir þessara eyja eru alltaf að aukast.

Sagt er að Grænhöfðaeyjar minni á eyjar í Karíbahafi. Glæsileg hótél við fallegar hvítar strendur. Ferðamennska er tiltölulega ný atvinnugrein en Bretar og Norðurlandabúar hafa stórukið ferðalög sín þangað. Sérstaklega er vinsælt að fara yfir jól og dimmstu vetrarmánuði en þá er hitinn um 25°C. Byggðin upp með fjöllum þykir sjarmerandi og bæjarbragurinn við strandlengjuna ekki síður. Menningin er spennandi, mikil músík og dans er í íbúum sem fara syngjandi um götur og saga eyjanna ævintýrleg. Mörg glæsishótel standa við ströndina. Matargerðin þykir líka einstök en eyjabúar eru mikil fiskveiðipjóð. Það tekur átta klukkustundir að fljúga frá Ósló en nú tíma frá London.

### BERFÆTTA DÍVAN

Eyjurnar voru upphaflega portúgalskar og þar talafólk kreolportúgölsku. Nafnið Cape Verde þýðir „grænu eyjarnar“. Þar sem þurrkar eru miklir á þessu svæði vilja margir frekar kalla þær brúnu eyjarnar.

Íbúar eru glaðværir og lífsglaðir. Ferðamenn fá frábæra þjónustu og það er vel tekið á móti þeim. Alls staðar er syngjandi gleði, jafnt í verslunum eða á veitingahúsum. Berfætta söngkonan, Cesaria Évora, er þekktasti íbúinn. Hún söng sig inn í hjórtu heimsbyggðarinnar á meðan hún lifði.

### STRÁKURINN MUGISON

Talið er að Portúgalar hafa uppgötvað eyjarnar á 15 öld. Á tímum þrælalands voru fjölmargir íbúar fluttir frá Grænhöfðaeyjum til

Ameríku. Íslendingar unnu lengi við þróunarstörf á Grænhöfðaeyjum svo margir þekkja staðinn vel. Ekki var fyrirséð á þeim tíma að þarna ætti ferðaþjónusta eftir að blómstra. Meðal Íslendinga sem þarna bjuggu voru Mugison og fjölskylda hans. Í viðtali við BB á Ísafirði árið 2013 minntist hann þessa tíma. „Við fluttum til Afríku þegar ég var sex ára, eða Cape Verde heitir það,“ segir Öddi. „Pabbi kenndi innfæddum að veiða túnfisk á togara, var að þróa það, og ég var krakki að leika mér á ströndinni og var mikið í að reyna að bjarga þessum villtu köttum og hundum líka sem ég mátti svo aldrei eiga en ég var helvíti lunkinn við að reyna að sannfæra foreldrana, eða réttara sagt mömmu, pabbi var alltaf úti á sjó. Þá sprejjaði ég oft kvikindin með flugnaspreyi til að hreinsa þau almennilega áður en þau kæmu inn á heimilið. Ég hélt að þeim liði svo vel, þau lögðu sig alltaf strax. En þau vöknudu öll aftur og ég mátti aldrei eiga neitt af þeim,“ segir Öddi um uppvöxtinn á Grænhöfðaeyjum.

### MIKIL AFÞREYING

Það er ýmisleg afþreying í boði á Grænhöfðaeyjum, má þar nefna sjóbretti, seglbretti og köfun. Ein vinsælasta eyjan fyrir ferðamenn er Sal en bærinn Santa Maria á suðurhluta hennar er ákaflega litríkur og skemmtilegur. Þar eru hefðbundin veitingahús, kaffihús og verslanir. Falleg hótél standa við ströndina sem er 8 km. Boa Vista er sömuleiðis ákaflega falleg eyja og þar eru glæsilegar hvítar



Lúxushótel á Grænhöfðaeyjum. Ferðamenn eru mjög ánægðir með dvölinna þar.



Íbúar á Grænhöfðaeyjum lifa á fiskveiðum. Þar eru sjávarréttir í hávegum hafðir.

strandir sem minna á Karíbahafíð. Santiago er stærsta eyjan en þar er hægt að finna alls kyns villt dýr í náttúrunni. Þar er bærinn Cidade Velha sem er sögulegur og á heimsminjaskrá UNESCO. Í bænum er kirkja frá nýlendutímanum, 1495, sem sögð er sú elsta í heimi. Þetta er hafnarbær sem Vasco da Gama siglingafræðingur sigldi til árið 1497 á leið til Indlands og Kólumbus á leið til Ameríku árið 1498. Höfnin var auk þess notuð á tímum þrælalandsins.

### FJÖRUGT LÍF

Auðvelt er að finna portúgölsk og ítölsk veitingahús. Humar, smokkfiskur og risarækjur eru vinsælir réttir. Einnig er alls staðar í boði þjóðarrétturinn sem heitir cachupa rica, en það er hægeldaður pottréttur með grænmeti, baunum og fiski.

Fjörugt næturlíf er á eyjunum, hefðbundin lifandi tónlist og dans. Heimamenn eru duglegir að spila á alls kyns hljóðfæri langt fram eftir nóttu svo engan skal undra þótt gítar- eða fiðlutónar ómi um hverfið.



Mikil vakning er í fjallaskíðamennsku hér á landi og ört stækkandi hópur sækir í slíkar ferðir. Eins er alltaf mikið fjör í ferðum Ferðafélags barnanna sem er sérdeild undir hatti Ferðafélags Íslands.

# GRÍÐARGÓÐ VIÐBRÖGÐ VIÐ NÝRRI FERÐAÁÆTLUN FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

**Ferðafélag Íslands kynnr** Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands fyrir 2016 leit nýverið dagsins ljós en þar má finna yfir 200 ferðir sem farnar verða um landið þvert og endilangt á árinu. Þetta eru jafnt innanbæjarferðir sem ferðir á hæstu tindu landsins. Félagið býður auk þess upp á ýmsar nýjungar, meðal annars í tengslum við nýstofnað Ferðafélag unga fólksins. Þá verður meira af fjallaskíðaferðum en verið hefur enda njóta þær sívaxandi vinsælda.

„Við leggjum upp með að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Við munum ganga innanbæjar eftir stígum Reykjavíkurborgar, fara með fólk upp á hæstu hæðir og allt þar á milli. Við bjóðum ýmist upp á dagsferðir, kvöldferðir, helgarferðir eða lengri sumarleyfisferðir,“ segir framkvæmdastjórinn Páll Guðmundsson.

Hann segir viðtökurnar við áætluninni hafa verið gríðargóðar og eru þegar mun fleiri skráðir en undanfarin ár. „Það er greinilega aukinn áhugi á því að ferðast innanlands,“ segir Páll. En hver er skýringin? „Það eru alltaf fleiri og fleiri sem smitast af fjallabakteríunni og vilja kynnast náttúrunni og það smitar út frá sér. Þeir sem einu sinni prófa koma aftur og aftur. Þá er þetta mögulega merki um að hagur fólks fari batnandi en stærsti hópurinn okkar er fólk sem er búin að koma sér upp heimili og fjölskyldu og hefur orðið meiri tíma og fjárrád.“

Páll segir mikið af sígildum og sívinsælum ferðum á dagskrá eins og fyrri ár. Má þar nefna Fjallabak, Laugavegin og Hornstrandir. „Svo erum við alltaf með einhverjar nýjungar. Við höfum til dæmis verið að

horfa mikið á Holuhraun eftir eldgosid og verðum með ferðir í kringum Dreka og Sigurðarskála. Þá erum við með níu tindu Tindfjalla og nýjar ferðir á Reykjanesið svo dæmi séu nefnd.“

Meðal annarra nýjunga er nýstofnað Ferðafélag unga fólksins sem er rekið undir hatti Ferðafélags Íslands, en því er ætlað að ná til fólks á aldrinum 18-25 ára. „Við munum ríða á vaðið með spennandi stjörnuskoðunarferð en markmiðið er að ýta undir að ungt fólk kynnist landinu og hvetja það til að vera saman í góðra vina hópi.“

Þá er að sögn Páls mikil vakning í fjallaskíðamennsku og ört stækkandi hópur sækir í slíkar ferðir. „Við bjóðum upp á fjórar ferðir með fararstjórunum Tómasi Guðbjartssyni hjartaskurðlækni og Helga Jóhannessyni lögmanni. Þeir eru miklir stuðbolta og gleðipinnar og er nánast að verða fullt í þær allar. Þeim til halds og trausts verður Jón Gauti Jónsson, einn reyndasti fjalla-leiðsögumaður landsins.“

Fjallaverkefni Ferðafélags Íslands njóta mikilla vinsælda og eru þrjú til fjögur hundruð manns í áskrift. „Við erum með eitt fjall á



Páll segir lagt upp með að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. MYND/ERNIR

Það eru alltaf fleiri og fleiri sem smitast af fjallabakteríunni og vilja kynnast náttúrunni og það smitar út frá sér. Þeir sem einu sinni prófa koma aftur og aftur. Þá er þetta mögulega merki um að hagur fólks fari batnandi.

Páll Guðmundsson

viku, eitt fjall í mánuði og tvö fjöll í mánuði og að síðustu verkefnið Alla leið á tindu Öræfajökuls. Þá má nefna Landvættaverkefnið þar sem fólk leysir hinar ýmsu þrautir á hjólum, gönguskíðum og sundi og er töluvert stór hópur sem ætlar að spreyta sig á því í ár.“

Þá verður haldið áfram með samstarfsverkefnið Með fróðleik í fararnesti sem er unnið í samvinnu við Háskóla Íslands. „Það hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár en þá bregða nemendur eða kennarar Háskólans sér í leiðsögumannahlutverkið. Ferðirnar eru flestar farnar á forsendum fjölskyldunnar og unnar í samstarfi við Ferðafélag barnanna sem er önnur deild innan Ferðafélags Íslands.“

Auk þess að bjóða skipulagðar ferðir rekur Ferðafélag Íslands skála í óbyggðum og stendur fyrir umfangsmikilli útgáfustarfsemi en flestir þekkja árbækur félagsins. „Auk þess erum við alltaf með eitt til tvö smárit á ári.“

**Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, [fi.is](http://fi.is), og á Facebook.**

## Bílalíf



### NÝR BÍLL

SUBARU XV 4X4 HÁTT OG LÁGT DRIF. Árgæð 2016, bensín, 5 girar, eignum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127267. S:562-1717.



### NÝR BÍLL

SUZUKI SX4 S-CROSS GL+ AWD. Árgæð 2016, bensín, sjálfskiptur, eignum nokkra svona bíla á staðnum. Okkar verð 3.990.000. Rnr.127357. S:562-1717



RENAULT MASTER MILLILANGUR HÁPELKJA. Árg.2006, ekinn 148.pús km, dísel, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 1.590.000 með VSK. Rnr.126911. S:562-1717.

### Bílalíf

Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð 10-18 virka daga  
www.bilalif.is

## BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



### PESSI RATVÍSI

'15 RENAULT CLIO EXPR. ek 35þ, BENSÍN, BEINSK. ÍSLENSKT NAVI. ÁSETT 2.280þ. Rnr 470252. S: 580-8900



### PESSI HAGSTÆÐI

'15 DACIA DUSTER 4x4. ek 44þ, DÍSEL, BEINSK. ÁSETT 3.480þ. Rnr 450784. S: 580-8900



'15 TOYOTA RAV4 GX. ek 39þ, DÍSEL, BEINSK. ÁSETT 4.480þ. Rnr 450774. S: 580-8900

Borgarbílasalan  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900

## PLANID

517 0000



RENAULT Trafic minibus. Árgæð 2014, ekinn 65 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.990.000. Rnr.302062. Á staðnum.



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2005, ekinn 151 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 999.000. Rnr.302057. Á staðnum.



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2008, ekinn 222 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.480.000. Rnr.106145. Á staðnum.



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2015, ekinn 43 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.400.000. Rnr.302127. Á staðnum.

## PLANID

517 0000



SUZUKI Grand vitara prem-n (navi. cruise,a/c,álf). Árgæð 2014, ekinn 80 P.KM, bensín, 5 girar. Tilboðsverð 3.790.000. Rnr.302028.

Bílasalan Planid  
Korputorgi, Reykjavík  
Sími: 517 0000  
Opíð 10-18. Lau 12-16  
www.planid.is

## 100 bílar.is



Honda Accord Sport Tourer Elegance, 7/2013, ek 46 þús km, sjsk, bensín, góð dekk, ásett verð 3590 þús, tilboðsverð 3190 þús, er á staðnum, raðnr 152326

100 bílar ehf  
Í miðbæ Mosfellsbæjar,  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18.00 virka daga og  
laugardaga 11-15  
www.100bilar.is

## HÖFÐAHÖLLIN

BILO.IS



TOYOTA Corolla 1,6 VVTi nýskr. 05/2002, ekinn 181 P.km, SJÁLFSKIPTUR. Ný heilsársdekk, ný rafgeymir, nýtt í bremsum, ný smurður, fjarstart. Verð 850.000 TILBOÐ 699.000 kr. 100% kortalán. Raðnr.254722 á www.BILO.is



ARCTIC CAT M8 HCR TURBO 153" 04/2011, ekinn 3þkm, Factory turbo breyttur, gengur á racegasi. Ásett verð 1.890.000kr. Staðgreiðsluverð 1.390.000. Raðnr.254703 á www.BILO.is

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is

## Toyota Kaupþúni



### BRENDERUP FOGELSTA S1938

Sleðakerrurnar sem framleiddar eru af Brenderup eru miklar gæðakerrur. Rúma þær hæglega tvo sleða og eru með sterk lok úr áli sem hægt er að fá í svörtu eða gráu. Svo auðvelt er að opna og taka þá af henni. Verð 1.490.000. Rnr.182333.

Þá er búnaður til að halla kerrunni staðalbúnaður. Það er því auðvelt og þægilegt að setja sleða upp á kerruna og taka þá af henni. Verð 1.490.000. Rnr.182333.

Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6, 210 Garðabær  
Sími: 570 5070  
www.toyotakaupthuni.is

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum

# Rafbílar frá 1.990 þús.

Islandus hefur í meira en áratug aðstoðað við kaup á nýjum og nýlegum bílum frá Evrópu og USA. Fjölmargir hafa sparað hundruði þúsunda, jafnvel milljónir króna, með beinum innflutningi.



Fáðu betra tilboð á [www.islandus.is](http://www.islandus.is)  
100% fjármögnun og íslensk ábyrgð í boði.

## Nýr 4x4 Rafbíll



### Mitsubishi Outlander phev

Nú er hægt að fá jeppa sem ekur á rafmagni. Flottur í innanbæjar akstur og einnig með bensínvél fyrir lengri ferðalög



# islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000

**ASKJA**  
NOTAÐIR BÍLAR



**MERCEDES-BENZ B 220 CDI** blueefficiency. Árgerð 2014, ekinn 27 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.090.000. Rnr.280121.



**KIA Sorento.** Árgerð 2011, ekinn 101 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.290028. 2 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



**HYUNDAI I30.** Árgerð 2015, ekinn 32 PKM, dísel, 6 girar. Verð 2.790.000. Rnr.280146.



**HONDA Cr-v.** Árgerð 2009, ekinn 93 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.141177.



**TOYOTA Corolla s/d terra.** Árgerð 2008, ekinn 140 PKM, bensín, 5 girar. Verð 1.390.000. Rnr.991537.

**ASKJA notaðir bílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bilauppbod - Krókur**  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is

**SJÁLFSALINN.IS**




**HYUNDAI SANTA FE** Verð: 490.000 Kr. Ekinn: 209.000 Raðnúmer: 25467 http://www.sjalfsalinn.is/



**SUBARU LEGACY OUTBACK** Verð: 3.950.000 Kr. Ekinn: 67.000 Raðnúmer: 25463 http://www.sjalfsalinn.is/



**VOLVO XC90 Sport** Verð: 3.600.000 Kr. Ekinn: 106.000 Raðnúmer: 25449 http://www.sjalfsalinn.is/



**HYUNDAI I30 Wagon** Verð: 2.750.000 Kr. Ekinn: 16.000 Raðnúmer: 25443 http://www.sjalfsalinn.is/



**HYUNDAI I30** Verð: 2.550.000 Kr. Ekinn: 34.000 Raðnúmer: 25422 http://www.sjalfsalinn.is/



**SKODA OCTAVIA** Verð: 2.000.000 Kr. Ekinn: 200.000 Raðnúmer: 25420 http://www.sjalfsalinn.is/



**TOYOTA AVENSIS** Verð: 700.000 Kr. Ekinn: 278.000 Raðnúmer: 25461 http://www.sjalfsalinn.is/

**SJÁLFSALINN.IS**



**VOLVO XC90 T6 AWD** Verð: 1.800.000 Kr. Ekinn: 75.000 Raðnúmer: 25427 http://www.sjalfsalinn.is/



**AUDI A6 3.2** Verð: 2.990.000 Kr. Ekinn: 91.000 Raðnúmer: 558 http://www.sjalfsalinn.is/



**LAND ROVER DEFENDER 130** Verð: 4.690.000 Kr. Ekinn: 225.000 Raðnúmer: 25392 http://www.sjalfsalinn.is/

Sjalfsalinn sjalfsalinn.is

**bíll.is**  
bestir í bílum...




**SLEÐI SNJÓR SLEÐI !!!**  
ARCTIC CAT M 800 LTD 153 LIMITED skráður 02/2014 óekinn !! Limited, 153" belti, er á staðnum, tilbodsverð 1790 Þús !! gsm 893-9500



**SNJÓR SLEÐI SNJÓR !!!**  
ARCTIC CAT M 8000 153 SP LTD skráður 02/2015 nýr sleði og ónotaður !!!! 153" belti, SPECIAL PERFORMANCE, er á staðnum, tilbodsverð 1890 þús !! gsm 893-9500

**Bíll.is**  
Sími: 577 3777  
www.bill.is

**Bílar til sölu**



**Toyota Yaris 2013 til sölu.** Keyrður 18 þús. km. sjálfsk., 1300 bensínvel. Verð 2,3 m, engin skipti. S: 842-2951



**Suzuki GR vitara** árg:07 sjálfsk ek. 92.800 km. Verð 1.680.000 1 eigandi Uppl. 6926615



Til sölu Alfa Romeo árgerð 2000, Ekinn 115þúsund. Verð 190.000. Uppl. í s. 8994263

500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR YARIS!**

Toyota Yaris ek.150 þús, 5dyra, ssk, ný skoðaður, ný vetrardekk, flottur og vel með farinn bíll, verð 590 þús vísalán í boði S.841 8955

**Bílar óskast**



**STAÐGREIÐJ BÍLA 0-500 ÞÚSI!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Jeppar**



**TILBOÐ GULLMOLI**

Til sölu er einstakt eintak af Honda CRV Lifestyle, nýskráður 08.09.2011. Númer NH-510. Keyrður aðeins 34.997. Litur: Brúnn. Aukahlutur: Vindskeið að aftan. Einn eigandi, reyklaus. Bíllinn er á harðkorna vetrardekkjum, sumardekk fylgja með. Sjálfskiptur. Bíllinn hefur fengið reglulegt viðhald hjá umboði, síðast nú s.l. haust þar sem hann fór í 30.000 km skoðun, skipt var um alla bremsuklossa ásamt hefðbundinni yfirferð. TILBOÐ 3.999.000. Uppl 693-0053

**Fornbílar**

Til sölu Volvo 740GL 1989 antik. Tilboð óskast. Toppbíll Uppl. í s. 899 0164

**Sendibílar**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Húsbílar**




**Dótabúð**

**Rótor ehf, s. 5554900**  
Helluhrauni 4, H.f


**Fjór hjól**



Magnað heilsárs leiktæki og sérstaklega í snjó til sölu Honda Sportrax 450R árg. 2012, toppentak og mjög lítið notað, verð 800 þús. staðgr. uppl. í síma 892-1524.

**Barnaheill**  
See the Child's Mind  
Vísir þú að...  
barni ega ræða bekkisástand  
og heilbrigðisþörmu.

**til sölu**



**Gott tækifæri ! Hummer H2 Lux**  
vel búinn ek 132 þ.km Flottur jeppi / bilað framdrif / gott tækifæri fyrir handlagna verð aðeins 950 þús ! Að öðru leiti í topp standi ! Sjá raðnr 157158.

Malarhöfða 2 • 110 RVK

**bilfang.is**  
S. 567 2000

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**VARAHLUTIR**  
Iveco • Benz • Man • Renault  
**Varahlutabjónusta**  
**VÉLANAUST ehf**  
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**LOK Á HEITA POTTA**



- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is  
Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

Er vandamál með neysluvatnið?  
Við ástandsskoðum, hreinsum og fõðrum neysluvatnslagnir.  
**HREINAR LAGNIR**  
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.  
S: 519-6480  
hreinarlagnir.is



**Parketslípun**  
sólfallaslípun | parketlagning  
591 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is | www.golflist.is  
**99% RYKFRÍTT**  
**Gólf list**  
parketgöngu og viðhald



**Iveco**  
Viðgerðar- og varahlutabjónusta  
**VélRás**  
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
**íshúsið ehf**  
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar [algluggar.is](http://algluggar.is) Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir



Hágæða gormar í fólksbíl og jeppa.



Vagnhöfði 7 – sími 517 5000



Hágæða höggdeyfar í fólksbíl og jeppa.



Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

til sölu

Til sölu lítil en ört vaxandi bílaleiga

Tvær heimasíður – tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup. Upplýsingar í S: 776-6001



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í... svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • [gluggagerdin@gluggagerdin.is](mailto:gluggagerdin@gluggagerdin.is)

Bílaleiga

TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA

Tvær heimasíður - tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup. Upplýsingar í S: 776-6001

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Snjómokstur

SNJÓMOKSTUR

Tökum að okkur snjómokstur fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.

[www.facebook.com/gottverk](http://www.facebook.com/gottverk)

GOTT VERK EHF S. 897 3057 • 770 7133

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búsíðaðflutningar

Ert þú að flytja? Búsíðaðfl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búsíðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

Húsviðhald

HÚSASMÍÐAMEISTARI getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða [bragi@boga.is](mailto:bragi@boga.is)

SMÍÐUR GETUR BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM

öllum allmennum smíðum bæði smá sem stór verkefni er með margra ára reynslu í byggingariðnaði.

Uppl. í s. 8555520 eða [hverk@simnet.is](http://hverk@simnet.is)



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)



K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísar. Vönduð vinna Tilb./Tímav. S. 899 4254

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. S. 8498700.

Múraramestari og málaramestari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum. S.6269899/6269099 [rhmidar@internet.is](mailto:rhmidar@internet.is)

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Kínverska Nuddstofan í Hamraborg 20A Getum hjálpað þér að losna við ýmsa verki og kvilla. S. 5646969

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjóruspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpa. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! [www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Hljóðfæri



NÝ HEIMASÍÐA !

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Harmonikur frá 40 þús. Harmonikkukennsla. Pokar og ólar. [www.egtonar.is](http://www.egtonar.is) Sími 824 7610 & 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúll 35. - S. 552 7095.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU 160 FM IÐNAÐAR EÐA VERSLUNARBIL MEÐ INNKEYRSLUHURÐ Í AUÐBREKKU 4, KÓPAVOGI

Einnig 3 rúmgóðar skrifstofur með kaffiádstöðu.

Upplýsingar í síma 661-7000

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Klíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

R-109. Lítil og falleg 2ja herb. kj. íbúð í einbýli. Reykleysi og reglusemi skilyrði. V. 115 þús + rafm. S. 695 1790 og [takkar@visir.is](mailto:takkar@visir.is)

Stúdíóíbúð til leigu frá 1. feb. í 3 mánuði. S. 692 2413

Húsnæði óskast

BRESKA SENDIRÁÐIÐ Í REYKJAVÍK

Óskar eftir 4. herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu. Leyfi fyrir gæluþráhaldi nauðsynlegt.

Áhugasamir vinsamlegast sendi póst á [info@britishembassy.is](mailto:info@britishembassy.is) fyrir 10. febrúar.

ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ

3ja manna fjölskyldu, hjón á sextugsaldri og 19 ára sonur bráðvantar 3-4 herb íbúð frá 1.mars. Erum mjög róleg, reglusöm og skilvís. Mjög góð meðmæli fylgja. Íbúðin þarf að vera á fyrstu hæð eða lyftuhúsi (sérhæð eða lítið raðhús) fastar tekjur

Uppl. í s. 8926912 eða [gillagh@simnet.is](mailto:gillagh@simnet.is)

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði



KYNNINGARSTARF, AUKAPENINGUR, SVEIGJANLEGUR VINNUTÍMI.

Leitum eftir hressum og frambærilegum einstaklingum í tímabundin verkefni við kynningar og kannanir. Verkefnið felst m.a. í að tala við fólk í framhaldsskólum, verslunarmiðstöðvum og fyrirtækjum. Sveigjanlegur vinnutími. Íslensk tunga skilyrði. Kostur ef þú ert á bíl. Sækja um á vefnum: <http://www.nuna.is>

VERKAMENN ÓSKAST

Sérverk ehf vantar tvo verkamenn í almenna byggingavinnu strax.

Umsóknir sendist á [serverk@serverk.is](mailto:serverk@serverk.is)



HJÁ JÓA FEL GARÐABÆ

Vegna mikilla anna vantar okkur starfsfólk í fullt starf.

Uppl. í s. 692 1540 eða senda umsókn á [sigga@joifel.is](mailto:sigga@joifel.is)

Leitum að laghentum viðgerðarmanni

Þarf að vera **tæknilega hagsandi** með áhuga á véla-, bíla- og rafmagnsviðgerðum

Menntun á þessum sviðum er kostur en þó ekki skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Umsóknir sendist á netfangið [olafur@verkfaeriehf.is](mailto:olafur@verkfaeriehf.is) fyrir 12.febrúar 2016

Verkstæði Verkfæra ehf er staðsett í Hafnarfirði



[www.verkfaeriehf.is](http://www.verkfaeriehf.is)

Ó.e. mönnum vönum málningarvinnu og sandspörtun. Uppl. í s. 7823439

Atvinna óskast

VANTAR PIÐ SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

908 5500 - SÍMASEX

Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

skemmtanir



Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • [www.catalina.is](http://www.catalina.is)

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar

Laugardaginn 30. jan  
14:55 Arsenal - Burnley  
17:20 Liverpool - W.Ham United

Sunnudaginn 31. jan  
13:25 Carlisle - Everton  
15:50 MK Dons - Chelsea



Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Reynir Guðmunds, og Siggi Árna spila um helgina.

Allir velkomnir

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn





## Félagi í fasteignum

Starfsfólk Regins leggur mikið upp úr því að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og vinnur náð með þeim til skemmri eða lengri tíma. Fyrirtæki geta því lagað sig að nýjum markaðsaðstæðum hverju sinni og vaxið og dafnað með stuðningi Regins.

Félagi í fasteignum

reginn.is

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

reginn@reginn.is

sími: 512 8900

# Rekstur fasteigna – fasteignausmjón

**Eignaumsjón** er brautryðjandi á Íslandi í heildarþjónustu við rekstur atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Eignaumsjón hefur nýlega flutt starfsemi sína í nýinnréttað húsnæði að Suðurlandsbraut 30 en húsnæðið er sniðið að þörfum og starfsemi félagsins.

Mikill vöxtur hefur verið almennt á fasteignamarkaði undanfarið. Um-ræðan mótast mikið af fasteigna-markaðinum sem fjárfestingarkosti en til þess að fjárfestingin skili arði þarf að halda vel utan um viðhald og rekstur.

Eignaumsjón hefur ekki farið var-hluta af þessari þróun á fasteigna-markaði að sögn Páls Þórs Ármanns markaðsstjóra, en félagið hefur sér-hæft sig í þjónustu við fasteignaeig-ndur með heildarlausnir í rekstri félaga og rekstrarumsjón fasteigna.

## Áralöng reynsla og sérþekking

„Eignaumsjón hefur áralanga reynslu í rekstri fasteigna og félaga sem tengjast fasteignarekstri og er fyrsta fyrirtækið sem sérhæfir sig í rekstri fjöleignarhúsa,“ segir Páll en félagið hóf starfsemi sína árið 2001 og á því 15 ára starfsafmæli á þessu ári.

„Áralöng reynsla og sérþekking sem nýtist viðskiptavinum til að leysa fjölbreytt vandamál á faglegan og persónulegan hátt og sér-hæfð þekking skilar sér í að finna lausnir á flestum þeim málum sem upp geta komið við rekstur fjöleign-arhúsa, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhús-næði,“ segir Páll. Hann segir mark-mið Eignaumsjónar að gera rekst-ur fasteigna, þ.m.t. hús- eða rekstr-arfélaga, markvissari og ódýrari og auðveldra stjórnunarstörf með því að



„Eignaumsjón hefur áralanga reynslu í rekstri fasteigna og er fyrsta fyrirtækið sem sérhæfir sig í rekstri fjöleignarhúsa,“ segir Páll. MYND/ERNIR

spara tíma þeirra sem að rekstrin-um standa.

## Rekstur atvinnuhúsnæðis

Mikill vöxtur hefur verið í þjón-ustu við atvinnuhúsnæði, bæði hvað varðar húsfélög eigenda en einnig rekstrarfélög notenda. „Eignaum-sjón hefur í auknum mæli stigið inn í slíkan rekstur og boðið félögum að

vera undir styrkri handleiðslu og í raun nokkurs konar framkvæmda-stjórn. Slíkt léttir verulega á fyrir-tækjunum sem að rekstrarfélaginu standa og þau geta þá einbeitt sér að sinni starfsemi og látið Eignaum-sjón um rekstur fasteignarinnar.“

## Upplýsingagjöf mikilvæg

Páll segir afar mikilvægt við rekst-

ur hús- og rekstrarfélaga að veita gagnlegar og ítarlegar upplýsingar.

„Til þess að geta veitt viðskipta-vinum sem bestar upplýsingar hefur Eignaumsjón sérhannað öfl-ugt upplýsingakerfi, þar sem safn-að er saman á einn stað öllum nauð-synlegum upplýsingum um sérhvert félag sem er í þjónustu hjá Eigna-umsjón og þeim síðan miðlað til eig-

enda í gegnum „mínar síður“ á þjón-ustuvef félagsins,“ útskýrir hann.

Eignaumsjón hefur flutt starfs-semi sína, þjónustuver, skrifstofur og fundarsali, á jarðhæð Suður-landsbrautar 30, þar sem Íslands-banki var til skamms tíma til húsa. Öll starfsaðstaða er fyrsta flokks í nýja húsnæðinu og aðstaða til fundarhalda mjög góð.



## FASTEIGNAUMSJÓN ISS

Öll þjónusta við fasteignina á einni hendi.

### Þjónusta ISS:

- Fjármálastjórnun
- Umsjón með leigurými
- Tæknilegur rekstur og viðhald
- Lóðaumsjón
- Ræsting og hreingerningar
- Orkustýring
- Viðhaldsáætlun

ISS tekur að sér öll verkefni sem tengjast fasteigninni og nærumhverfi hennar.

Með samstarfi við ISS um fasteignausmjón má tryggja virði fasteignarinnar, til lengri og skemmri tíma.



LEIÐANDI Í FASTEIGNAUMSJÓN

WWW.ISS.IS • SÍMI: 580 0600

# Tilboðsdagar

28. jan–2. feb.



Armani, Michael Kors, Skagen,  
Jacob Jensen, DKNY, Diesel, Adidas,  
Fossil, Casio, Delma og Maurice Lacroix

*JÓ*  
JÓN & ÓSKAR

**50–70%** afsláttur af völdum úrum

**50%** afsláttur af völdu skarti

Verið velkomin!



jonogoskar.is

Sími 552 4910

Laugavegi 61

Kringlan

Smáralind



Jón Ásgeirsson ætlaði sér ungur að verða tónskáld og aðeins tíu ára gamall, fyrir sjöttu og sjö árum, bankaði hann upp á hjá Páli Ísólfssyni og sagðist vilja læra á orgel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þetta er djöfulskapur sem eykst með aldrinum

Tónskáldið **Jón Ásgeirsson** á að baki langan og farsælan feril eftir að hafa ákveðið á unga aldri að gerast tónskáld, en hann er þó hvergi nærri hættur. Jón er 87 ára gamall og vinnur hörðum höndum að því að ljúka við að semja óperu um ævintýrlegt líf Vatnsenda-Rósu.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Ég er bara að yrkja um ástina og djöfulskapinn í kringum hana. Saga Vatnsenda-Rósu er greining á samfélaginu og stéttarmuninum eins og hann var," segir Jón um óperuna sem liggur nánast fullskrifuð á borðinu fyrir framan hann og heldur áfram:

„Ég notast við tvær Gróur sem segja söguna og sannleikurinn er sá að þegar ég fór að skoða söguna þá er sterkara að heyra manneskju segja frá aftökunni en að lýsa henni. Það gerir þetta mannlegra og áhrifarríkara. En óperan hefst með ariú þar sem Vatnsenda-Rósa ber saman ástina og vorið. Ég stefni að því að klára verkið í sumar í síðasta lagi.

Þetta eru fjörutíu atriði í það heila þannig að þetta er mikil vinna.

Mín gæfa var að ég var svo heppinn með mína konu. Hún hafði alltaf svo mikinn áhuga á því að ég stæði mig sem tónskáld og hvatti mig mikið. Áður en hún dó þá var hún alltaf að spyrja mig: „Hvernig gengur með peruna?“ En það kölluðum við óperuna okkar á milli. En svo dó hún elskan mín og ég sakna hennar óskaplega mikið. Hún féll frá fyrir tveimur árum og ég lofaði henni því að ég mundi klára þetta og ég geri það fyrir hana. Þegar hún var að skamma mig þá var það fyrir að vera ekki nógu frekur gagnvart klíkunum í kringum mig. En ég varð ekki var við neinar klíkur, sennilega er það bara greindarskortur, því ég bara óð áfram.“

**Ætlarðu ekki að lyfta þér?**

Jón var kvæntur Elísabetu Þorgeirsdóttur og eignuðust þau þrjú börn. Ættir sínar og upphaf rekur

Jón vestur til Ísafjarðar. „Þetta er afi minn,“ segir Jón og dregur fram mynd af virðulegum aldamótamanni í faðmi fjölskyldu sinnar. „Kallaður Jón Þórðarson kinda og kúa. Hann fékk að starfa sem dýralæknir þó svo að hann hafi aldrei lært dýralækningar en hann kunnir latínu. Hugsaðu þér, bóndi sem kunnir latínu. Málið var að Kristján Eldjárn gamli var vinnumaður hjá honum og hafði fyrir sig að leggja og hestinn sinn og að prestur kenndi honum latínu. Annað kaup fékk hann ekki og afi naut þess og lærði líka latínuna. En þetta er móðir mín og þú sérð að þessar stelpur eru allar meira og minna eins, það er svo sterkur kvensvipurinn í þessari ætt enda kvenleggurinn það eina sem er hægt að stóla á.

Ég vil reyndar meina að íslenskar konur hafi alltaf verið spólgraðar, þetta er ekki hægt öðruvísi. Það eru svo margar góðar sögur eins og til að mynda Vatnsenda-Rósa sem

ganga vart upp öðruvísi. Það minnir mig á fallega sögu af ferðamanni sem fékk gistingu á bóndabæ hjá eldri hjónum einhvern tímann á síðustu öld. Karl og kerling setja hann niður handan við þilið þar sem þau sváfu sjálf og hann heyrir þar sem þau hjónin eru að koma sér í háttinn. Karlinn með blæstri og fyrri gangi en minna fór fyrir henni. Svo þegar þau eru búin að koma sér fyrir þá segir kerlingin: „Ætlarðu ekki að lyfta þér Jón minn?“ Þetta er fallega sagt hjá henni en karl var nú ekki lengi til svars og sagði: „Ég held ég fái mér nú í nefið fyrst.“ Þetta er svo fallega orðað, að lyfta sér, að það er ekkert klám í þessu. Það breytir öllu hvernig við orðum hlutina.

**Skúlason en ekki Ásgeirsson**

Í föðurætt er ég kominn frá Eiríki á Brúnum, sem talinn er vera fyrirmyndin að Steinari í Hliðum undir Steinhliðum í Paradísarheimt Laxness, en hann hlóð garð í kringum túnið og þótti fallett. Þetta var langafi minn í föðurætt. Eiríkur á Brúnum átti son sem hét Skúli og var úrsmiður á Ísafirði. Það var hann sem smíðaði kistlana frægu. Þessi maður var afi minn. Ég og systir mín, Áslaug Skúladóttir, sem valdi að hafa rétt föðurnafn, en ég ætti með réttu að vera Skúlason en ekki Ásgeirsson, erum börn Skúla Skúlasonar sem var sonarsonur Eiríks. Skúli þessi var lausamaður og átti þrjú börn sem hann vildi ekki viðurkenna. Hann var riðandi út um allar jarðir og spilaði þess á milli á fiðlu á böllum. En hvort tónlistin í mér er komin frá honum veit ég ekkert um. Get hvorki fullyrt það né neitað því.



**HANN VAR RÍÐANDI ÚT**

**UM ALLAR JARÐIR OG**

**SPILADI ÞESS Á MILLI**

**Á FIÐLU Á BÖLLUM.**

**EN HVORT TÓNLISTIN**

**Í MÉR ER KOMIN FRÁ**

**HONUM VEIT ÉG EKKERT**

**UM. GET HVORKI FULLYRT**

**ÞAÐ NÉ NEITAÐ ÞVÍ.**

21. jan - 01. feb



## Heilsu- & lífsstílsráðgjöf

Ragga Nagli og Hugmyndir að hollustu verðameð ráðgjöf í Nettó Mjódd **í dag** milli kl. **14:00** og **16:00**

*Allir velkomnir!*

Fræðsla um heilsusamlegt mataræði, bragðgóðar uppskriftir og margt fleira.

*Hlökkum til að sjá þig!*

**nettó**  
Heilsu & lífsstílsdagar

ALLT AÐ **25%** AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM

- LÍFRÆNT
- KRÍLIN
- SÉRÆÐI
- HOLLUSTA
- UPPBYGGING
- FITNESS
- UMHVERFIÐ

Tilboðin gilda 21. jan - 01. feb 2016

**OFURTILBOÐ Í TÓLF DAGA!**

Tilboðin gilda 21. jan - 01. feb 2016

**-21%**

ÍSFLUGL KALKÚNABRINGA - FERSK  
**2.867**  
ÁÐUR 3.629 KR/KG

**-25%**

NETTÓ KJÚKLINGAÆNGIR  
**299**  
ÁÐUR 398 KR/KG

**-20%**

ÓDYRT - RAUÐSPRETTUFLÖK  
**878**  
ÁÐUR 1.098 KR/KG

**-30%**

LOW CARB RÚNSTYKKI  
**125**  
ÁÐUR 179 KR/PK

**-10%**

LOW CARB BRAUÐ  
**593**  
ÁÐUR 698 KR/PK

**-25%**

BULSUR  
**749**  
ÁÐUR 998 KR/KG

**-20%**

PFANNER SAFAR - 7 TEG  
**199/215**  
ÁÐUR 249/269 KR/PK


**-20%**

HEIMSHORN  
**TANDOORI**  
KJÚKLINGABRINGUR

HEIMSHORN KJÚKLINGUR  
**787**  
ÁÐUR 984 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 28. - 31. jan 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss  
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Jón á vinnustofunni á heimili sínu. Þó að Jón nýti sér nútímatækni við störf sín þá koma laglinurnar enn til hans með söng eins og við skilvinduna í Örfasveitinni þegar hann var strákur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ásgeir sem ég er kenndur við lést tveimur árum áður en ég fæddist og þótt ýmislegt sé nú sérstakt fyrir vestan þá gengur það ekki upp – ekki einu sinni fyrir vestan. Þannig að mamma skírði mig Jón Gunnar Ásgeirsson því hún hafði búið með Ásgeiri og átt með honum tvo stráka, þá Kjartan og Guðmund. Það eru bræður mínir og við ólumst upp saman og ég leit alltaf á þá sem albræður mína.

Jón var fyrstu fjögur ár ævinnar vestur á Ísafirði en þá flutti fjölskyldan suður til Reykjavíkur. Honum er þó einnig minnisstædur sá tími sem hann var í sveit austur í Örfasveit. „Fyrst var ég í Bólta í Skaftafelli, en síðar var ég að Sandfelli hjá hreppstjóranum og svo var ég í skóla að Hofi og líka að Svínafelli. Enda hefur fólk þar eðlilega alltaf litið á mig sem Örfæing. Að Hofi var ég á bæ sem hét Kot og þar var gömul kona sem var alveg rosalega góð við mig. Það er gott fólk í Örfasveit.“

#### Bankaði upp á hjá Páli

Allt frá unga aldri sótti Jón í tónlistina en það var ekki sjálfgefið á þeim tíma að ungur drengur í Reykjavík gæti sótt sér tónlistarnám.

„Austur í Örfæum, þegar ég var að Sandfelli, þá hafði ég það embætti að skilja mjólkina. Þá hvein svo skemmtilega í skilvindunni að ég söng alltaf með. Ég söng alltaf frá því að ég var smástrákur og svo kom orgel á heimilið. Þá lærði ég nótturnar af sjálfum mér og gat spilað alþýðulögin öll úr sálmabókinni reiprennandi.

En svo tók ég upp á því að fara til Páls Ísólfssonar, banka upp á hjá honum klukkan átta um kvöld, tíu ára þjakkur. Þarna stóð ég, þessi litli maður, þegar þessi stóri belgur sem hann var kemur til dyra og ég stundi upp að mig langaði til þess að læra á orgel. „Jæja, vinur minn,“ sagði Páll og bauð mér til stofu og sagði við mig: „Ég reyndar kenni ekki byrjendum en ég skal útvega þér góðan kennara. Þú skalt koma niðri dómkirkju á morgun klukkan

ellefu. Ég verð þar að spila við jarðarför og ég skal svo labba með þér til mannsins sem tekur við þér og vera búinn að tala við hann.“ Það var Kristinn Ingvarsson sem var organisti í bæði frikirkjunni og dómkirkjunni. Aldeilis undursamlega góður maður.

#### Stóri vendipunkturinn

Ég byrjaði hjá Kristni tíu ára gamall og var svo farinn að baksa við að búa til lög svona tólf til fjórtán ára. Þegar ég var að sýna honum það sem ég var búinn að vera að semja þá sagði ég alltaf við hann að ég hefði fundið þetta í bók. Hann sá náttúrulega í gegnum það en lét samt á engu bera og benti mér svona á eitt og annað sem betur mætti fara við lagasmíðina. Svo ef honum þótti líða langt á milli hjá mér þá spurði hann mig þar: „Hefurðu ekkert séð í bókum nýlega?“ Þetta er fallett enda var þetta mjög góður maður.

Svo var haldin samkeppni um þjóðhátíðarlögin og þá fæ ég þá hugmynd að taka þátt en var nú ekki nema fjórtán eða fimmtán ára. Mamma náði í ljóðin fyrir mig og ég sem við eitthvað af þeim og það náttúrulega gekk ekkert. En Kristinn Ingvarsson var fenginn af nefndinni til þess að afrita allar innsendingar svo dómnefndin þekkti ekki hver hefði sent hvað inn. Kristinn þekkti strax mitt efni, hringdi í mömmu og sagði henni að hún verði að gjöra svo vel og senda þennan strák í skóla. Það var vendipunkturinn.

Í framhaldinu fór ég og skráði mig í tónfræði og tónsmíði í Tónlistarskóla Reykjavíkur og er settur í tíma hjá Kalla Run sem sagði nú fljótlega við mig: „Heyrðu, þú kannt þetta. Þú þarft ekkert að vera hjá mér.“ Og Kalli braust í því að koma mér á Urbancic og þar hitti ég fyrir Ragnar Björnsson, Guðmund Gilsson og fleiri sem voru þarna að semja fúgur og ég lendi þarna inni í alveg rosalegri smíðju en var samt bara fimmtán ára. Ég var í sjö ár þarna hjá Urba og lærði mikið. Svo var

ég líka í píanói hjá Árna Kristjánssyni, hann var gáfaður listamaður, sem kenndi mér alveg ótrúlega hluti áður en ég fór svo í meira nám til Englands.“

#### Núna er ég praktískur

Jón segir að hann sé búinn að vera að vinna að óperunni um Vatnsenda-Rósu í þrjú ár en nú eygi hann að klára verkið. „Ég er að verða búinn að skrifa þetta en svo á ég eftir að skrifa þetta út fyrir strengina en það er eitthvað sem maður gengur bara beint í, ólíkt því þegar maður er að semja, en þá koma alltaf einhverj stopp og svo ryðst þetta út.

Það eru þrjú, fjögur atriði eftir. Aðalátakakaflarnir og svo aftakan á Agnesi sem birtist svo í bænni sem þau syngja. Þessa bæn samdi ég þegar ég var að jarða konuna mína. Þetta er svona smá sálmur sem er stundum verið að panta hjá mér en ég stækka hann að forminu til í óperunni. Það er við hæfi að ég ljúki þessu verki með því sem ég samdi til hennar og fyrir hana.“

Það er stórtækt og kostnaðarsamt að setja upp óperusýningar en Jón virðist ekki vera mikið að velta því fyrir sér hvernig eigi eftir að ganga að koma verkinu á fjalirnar. „Það verður bara að koma í ljós. Ég lét Íslensku óperuna fá Möttölsögu en hún er daldið stór, margir söngvarar og svona og Stefán Baldursson þorði nú ekki að fara í hana. En svo veit ég ekki hvernig ný stjórnandinn er. En það er ekki íslensk ópera nema að það sé að hluta til fluttar íslenskar óperur. En núna er ég svo praktískur í Vatnsenda-Rósu að ég er bara með strengi í hljómsveitinni. Enga lúðra og ekki einu sinni trommu.

Ég held voðalega mikið upp á strengi og Urbancic kenndi mér að skrifa fyrir strengi. Hann hafði enga kennslubók svo hann kom alltaf með verk og lét mig lesa yfir. Ég man að eitt sinn kom hann með eitt mest avant garde verk sem þá var til, Pierrot Lunaire eftir Schoenberg, og sagði við mig: „Þetta er brjáluð músík, eftir brjáluðan mann, um



#### EN ÞAÐ ER EKKI ÍSLENSK

#### ÓPERA NEMA AÐ ÞAÐ SÉ

#### AÐ HLUTA TIL FLUTTAR

#### ÍSLENSKAR ÓPERUR.

#### EN NÚNA ER ÉG SVO

#### PRAKTÍSKUR Í

#### VATSENDA-RÓSU AÐ ÉG

#### ER BARA MEÐ STRENGI Í

#### HLJÓMSVEITINNI.

brjálað fólk. Ég er alveg viss um að þú hefur gaman af því,“ segir Jón og skellihlær. „En stóra málið er að þessi þörf fyrir að vera að semja tónlist er djöfulskapur sem eykst með aldrinum.“

#### Uppáhalds og Maistjarnan

Aðspurður hvort Jón eigi sér uppáhaldsverk af öllu því sem hann hefur samið í gegnum árin þá segir hann það nú vera. „Já, það eru sönglögin tíu við ljóðin í Svartálfadansi eftir Stefán Hörð Grímsson. Stefán var sérvitringur og ég bankaði upp á hjá honum til að fá leyfi til þess að fara í þetta verk. Kom svo til hans næst þegar verkið var fullklárað og komið út og þá sagði hann við mig: „Þetta er nú daldið stórt hjá þér.“ En þetta er engin vöggvíska – það er alveg víst. Ég er líka ánægður með kórverkið við Timann og vatnið og svo held ég líka alltaf upp á strengi eins og ég sagði.“

En Jón hefur líka samið yfir hundrad sönglög á sínum ferli og þar af er Maistjarnan líkast til þekktust. „Já, hún sló í gegn í leikritinu og hefur lifað vel síðan. Ég vann nefnilega talsvert í Þjóðleikhúsinu. En minn gamli kennari Viktor Urbancic var tónlistarstjóri í Þjóðleikhúsinu og notaði mig

## Þekktustu verk Jóns Ásgeirssonar

Á meðal þekktustu verka Jóns er að finna óperurnar Prymskviðu, Galdra-Loft og Möttölsögu auk ballettsins Blindsleiks, Sjöstrengjaljóðs fyrir strengjasveit og konserts fyrir selló og horn.

Þá liggur eftir Jón aragrúi útsetninga, kórverka og sönglaga. Í höfundarverki Jóns er einnig að finna lagaflokkinn Svartálfadans við ljóð Stefáns Harðar Grímssonar, Tíminn og vatnið við ljóð Steins Steinars og lög við ljóð Halldórs Laxness en þar er m.a. að finna Vorvísu, Hjá lygnri móðu og Maistjörnuna.

til þess að spila undir á æfingum og skrifa upp raddir. Þetta var helvíti góð vinna og svo vann ég líka talsvert fyrir útvarpið og reyndar líka kvikmyndir.

En hvað varðar Maistjörnuna þá hafði ég óneitanlega gaman af því að kynnast Halldóri. Ég man reyndar að einu sinni var ég að spila lagið við ljóðið um Sigurð Breiðjörð á æfingu fyrir leikara og þá kom Halldór til mín og laumaði að mér: „Hvar stalstu þessu?“ Hann var mikill karakter og hafði húmorinn í lagi. En það var nú reyndar þannig að menn kunnu ekki Maistjörnuna, hún var alveg gleymd, og Halldór var afskaplega ánægður með hversu mikið og gott líf ljóðið öðlaðist við lagið. Nú kunna þetta fimm ára börn, bæði lag og ljóð. Ég man að vinstrimenn voru alltaf að syngja þetta og svo hafði Alþýðusambandið gefið þetta út á nótnabók þar sem Maistjarnan var með lagi eftir Atla Heimi. En svo er farið að syngja og spilarinn spilar forspilið að Atla Heimi en svo söng fólk lagið mitt og spilarinn fékk ekkert við ráðið,“ segir Jón og hlær prakkaralega, örllitið ósvífinn eins strákurinn sem bankaði upp á hjá Páli Ísólfsyni fyrir einum sjötiú og sjö árum af því að hann langaði svo að læra á orgel.

# Til hamingju!

## Icelandair Hotels og Securitas



Menntaverðlaun atvinnulífsins 2016 hlutu Icelandair Hotels sem *Menntafyrirtæki ársins* og Securitas sem *Menntasproti ársins*. Verðlaunin fá fyrirtækin fyrir að hafa byggt upp öfluga og staðgóða fræðslu fyrir starfsmenn sína, fræðslu sem skiptir alla máli. Félagsmenn Eflingar njóta góðs af þessu framtaki þar sem þeir eru fjölmargir í þessum fyrirtækjum.

Efling-stéttarfélag er stolt af því að hafa í samstarfi við atvinnurekendur lagt þessum fyrirtækjum lið í gegnum starfsmenntasjóði atvinnulífsins. Þessi framúrskarandi árangur er ekki síst ávöxtur starfsmenntasjóðanna sem kosta fræðslustarf félagsmanna stéttarféлага í fyrirtækjum. Félagsmenn eiga auk þess kost á stuðningi við sitt eigið nám.

Meðal verkefna sem starfsmenntasjóðir aðila vinnumarkaðarins hafa komið á flug er *Fræðslustjóri að láni* ([www.fraedslustjori.is](http://www.fraedslustjori.is)), sem hefur ótvírætt sannað gildi sitt á undanförunum árum og beint sjónum fyrirtækja enn frekar að mannauðnum, dýrmætustu auðlind hvers fyrirtækis.

**Efling-stéttarfélag**

**– Stoltur þátttakandi í menntabyltingu atvinnulífsins**



# Edison og fíllinn

**Saga til næsta bæjar**



Stefán Pálsson skrifar um ófyrirleitna uppfinningamenn.

Á vefsvæðinu YouTube má finna óhemjumörg myndbönd. Eitt það skrítnasta er rúmlega mínútulangur kvikmyndabútur frá árinu 1903. Myndin er óskýr, en í upphafi sést maður leiða fram fil sem horfir vankaður í kringum sig. Nokkrum sekúndum síðar sjást reykbólstrar stiga upp og skepnan fellur til jarðar. Því næst gengur maður að hreyfingarlausum filnum og sannreynir að hann sé dauður.

Áhugasamir geta horft á myndskæðið með því að sjá inn slóðina <https://www.youtube.com/watch?v=NoKi4coyFw0> eða einfaldlega með því að velja leitarorðin: „Edison kills elephant“. Þar má líka lesa um tildrög þessa skringilega atburðar. Fíllinn sem þarna var drepinn hét Topsy og var sirkusfíll í skemmtigarði á Coney Island í New York. Topsy hafði orðið sirkusstarfsmanni að bana og því var ákveðið að aflífa fíllinn. Fengu stjórnendur fjölleikahússins fyrst þá furðulegu hugmynd að útbúa ógnarstóran gálga til að hengja dýrið. Var sú aftökuaðferð raunar notuð á annan sirkusfíl, Stóru-Mariu, rúmum áratug síðar og vakti mikla hneykslun.

En áður en sirkusstjórnin á Coney Island fékk ráðrúm til að útbúa gálgan og auglýsa opinbera aftöku sakafilsins, hafði Thomas Edison samband. Hann bauðst til að leysa vandann og skapa í leiðinni mikið sjónarspil. Fíllinn yrði drepinn með raflosti og atburðurinn festur á filmu. Það var ekki almennur áhugi uppfinningamannsins á dýraníði sem rak hann áfram. Ástæðurnar voru að öllu leyti viðskiptalegar.

## Töframaður eða klækjarefur?

Thomas Edison er einhver dádasta persóna mannkynssögunnar. Í lifanda lífi var hann heimsfrægur, kallaður „töframaðurinn“ og ótrúlegustu sögur gengu af uppfinningum hans. Ótalmargar ævisögur Edisons hafa verið skrifaðar og eiga þær flestar sameiginlegt að leggja áherslu á erfið uppvaxtarár hetjunnar, bága frammistöðu hans í skóla (Edison er almennt talinn hafa verið lesblindur) og hvernig uppfinningar hans hafi orðið til með blöndu af hugljómun og ódrepanni elju. Þessi mynd gerði sitt til að festa í sessi staðalmyndina af uppfinningamanninum sem praktískum vinnubjarki sem stjórnadist af brjóstviti frekar en bókviti, öfugt við sprenglærðu vísindamennina sem skortir allt jarðsamband og eru ófærir um að nota vísindóm sinn til að skapa nött hagnýtt.

Veruleikinn var talsvert flóknari. Tæknisagnfræðingar hafa bent á að í raun var Edison miklu betur að sér

í raunvísindum en hann vildi vera láta og í aðstoðarmannaliði hans mátti finna snjalla vísindamenn. Og þótt Edison segði í sífellu sögur af því hvernig hversdagslegar tilviljanir hefðu getið af sér hugmyndir að snjóllum uppfinningum, var raunin sú að hann sat langdvölum á einkaleyfisskrifstofum og kynnti sér hugmyndir annarra og leitaði leiða til að betrubæta þær eða gera að sínum.

Að sumu leyti má segja að einkaleyfalöggjöfin hafi ýtt uppfinningamönnum út í að þykjast hafa unnið afrek sín einir og óstuddir. Á meðan það þótti sjálfsagt í vísindum að vitna til rannsóknarforveranna, þurftu uppfinningamennirnir að fela slóð sína en eiga ella á hættu bakreikninga og málaferli. Sá sem fékk einkaleyfi á uppfinningu hafði svo ekki nema fáein ár til að sitja einn að henni, áður en þétur og páll gátu apað eftir. Það var þessi tímapressa sem að lokum leiddi til hins skringilega filadráps.

## Verði ljós!

Thomas Edison bjó til fyrstu hagkvæmu rafmagnsljósaperuna um áramótin 1879-80. Til að hagnast á henni þurfti Edison að hafa hraðar hendur og koma upp heildstæðu tæknikerfi: rafstöð, raflinum, lömpum og ljósaperum til að þjónusta viðskiptavin sína. Árið 1882 hóf hann svo starfsemi fyrstu rafveitunnar, í Perlustræti í fjármálakerfi New York.

Perlustrætisstöðin var jafnstraumsstöð. (Fyrir þau sem farin eru að ryðga í grunnskólaeðlisfræðinni eru til tvær gerðir rafstraums: jafnstraumur og riðstraumur.) Jafnstraumur er auðveldari í meðförum, en berst ekki um langan veg. Riðstraumur hefur hins vegar þá eiginleika að spennu hans má breyta og þannig flytja langar vegalengdir með háspennu, en lækka svo aftur niður áður en til viðskiptavinarins er komið.

Edison gerði sér vitaskuld grein fyrir þessum kostum riðstraumsins, en þar sem fyrstu kunnar hans voru vellrík fyrirtæki og einstaklingar í miðju stórborga skipti það litlu máli – rafstöðvarnar mátti setja niður miðsvæðis og fleyta rjómann af markaðnum í nágrenni þeirra. Auk þess voru ýmis vandamál við gerð riðstraumsrafala það flókin að ýmsir töldu að beislun riðstraumsins væri jafnvel fræðilega ómöguleg.

Edison hefur því naumast verið skemmt árið 1884, þegar til hans kom ungur maður í atvinnuleit. Serbinn Nikola Tesla var snjall en sérlundaður eðlisfræðingur sem taldi sig hafa fundið lausnina á hvernig smíða mætti öruggan riðstraumsrafal. Hann eyddi aleigunni í farmiða til Bandaríkjanna með það að markmiði að hitta Edison, sýna honum hugmyndir sínar og komast í vinnu.

Tesla var þess fullviss að Edison léti sannfærast og myndi óðara veðja á riðstrauminn. Hann varð þó fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Edison samþykkti þegar að ráða unga manninn í vinnu, enda meðmæli hans frábær. Hins vegar sýndi hann tillögunum um riðstraumsrafalinn engan áhuga. Tesla varð miður sín yfir að meistarinn annaðhvort skildi ekki hugmyndirnar eða gæfi sér ekki tíma til að skoða þær í þau.

## Blóðug samkeppni

Liklegra er þó að Edison hafi strax áttað sig á að vangaveltur Tesla gengju upp, en skynjað þær sem ógn frekar en tækifæri. Fyrirtæki Edisons



## JAFNFRAMT BRÁ EDISON

### Á ÞAD RÁÐ AÐ DRAGA UPP

### ÞÁ MYND AF TÆKNI ANDSTÆDINGSINS AÐ HÚN

### VÆRI VARHUGAVERÐ OG

### RAUNAR STÓRHÆTTULEG.

voru um allar koppagrundir að bjóðast til að koma upp jafnstraumsrafveitum sem þau kynntu sem bestu og nýjustu fáanlegu tækni. Ómögulegt var að skipta um hest í miðri á.

Tesla var frábær vísindar- og uppfinningamaður, en litill kaupsýslumaður og hefði tæplega skilið fjármálarök af þessum toga. Hans köllun var að breiða út riðstrauminn og því sagði hann fljótlega skilið við Edison-samsteypuna. Þess í stað komst hann í kynni við annan mann, sem vó rækleiga upp kunnátuleysi hans á sviði viðskipta: George Westinghouse.

Westinghouse hafði sjálfur verið kornungur uppfinningamaður. Frá tvítugsaldri hafði hann fundið upp ýmiss konar búnað í tengslum við rekstur járnbrauta, sem gerði hann vellríkan. Hann átti miklar eignir bæði í járnbrautakerfum og gasstöðvum, en það var einmitt í

gegnum gasiðnaðinn sem hann fór að veita athygli nýjum, mögulegum samkeppnisaðila: rafmagninu.

Tesla tókst að sannfæra Westinghouse um að hugmyndir sínar væru framkvæmanlegar. Gróðavonin var geypileg. Allur heimurinn hafði heyrt um Perlustrætisstöð Edisons og kallaði eftir rafmagnsljósum, en hvað mætti þá segja um ennþá betra tæknikerfi? Með riðstraumi gætu rafveitur þjónað miklu stærri svæðum, jafnvel heilu borgunum í staðinn fyrir fáeinar götur í miðbæjum. Stöðvar Edisons þurftu að vera miðsvæðis, á dýrum lóðum og brenndu kolum. Með riðstraumi gæti rafstöðin sjálf verið í ódýru úthverfi, kolabrennslan þyrfti ekki að trufla viðskiptavinina og aðrir orkugjafar kæmu til álita. Þannig mætti virkja kraftmikla fossa og flytja raforkuna um langan veg til borganna þar sem hún væri nýtt til lýsingar eða iðnaðar.

## Öllum ráðum beitt

Vöxtur Westinghouse-fyrirtækisins var ör. Svo ör að innan skamms hætti Edison að standa á sama. Við tók hatrammt „straumastríð“ eða „Battle of Currents“ eins og einhver dramatískur tæknisagnfræðingurinn nefndi það síðar. Tesla og Westinghouse héldu á lofti fjölbreytilegri nýtingarmöguleikum síns kerfis, en Edison skák-aði í skjóli frægðar sinnar: nafn hans var í huga almennings gæðastimpill á uppfinningum. Jafnframt brá Edison á það ráð að draga upp

þá mynd af tækni andstæðingsins að hún væri varhugaverð og raunar stórhættuleg. Að sönnu er háspenntur riðstraumur miklu hættulegri mönnum og dýrum en lágspenntur jafnstraumur. Þetta hugðist Edison nýta sér út í ystu æsar, svo að riðstraumur yrði í huga almennings banvænn skaðræðisgripur. Í því skyni tók Edison upp á sína arma uppfinningu sem bandarískur tannlæknir hafði kynnt til sögunnar nokkrum árum fyrr: rafmagnsstólinn.

Stjórnvöld í New York voru mjög tvístigandi um hvort verjandi væri að taka þetta nýja aftökutæki í notkun. Edison hvatti þau til dáða og bar vitni í réttarhöldum þar sem tekist var á um hvort slík aftökuaðferð teldist mannúðleg. Westinghouse, sem skildi hvað klukkan sló, greiddi hins vegar laun lögfræðingsins sem reyndi að fá rafmagnsstólnum hnekkt. Allt kom fyrir ekki. Rafmagnsstóllinn fékk blessun dómstóla og Edison þreyttist ekki á að benda á að manndraps-tækið notaðist við riðstraum.

Eftir að kvikmyndataeknin varð útbreiddari reyndi Edison að nýta hana í ófrægingarherferð sinni gegn riðstraumnum. Hann lét sviðsetja aftökur þekktra glæpamanna í rafmagnsstólnum, kvikmyndaði og sýndi í bíóhúsum sínum um gjörvöll Bandaríkin. Og drápið á Topsy í sirkusnum á Coney Island var enn einn liðurinn í einu subbulegasta áróðursstríði tæknisögunnar.



# ÞREK ER GULL ÞEIM SEM ÞVÍ HEFUR GLATAÐ

## RÉTTU ÞEIM VINARHÖND NÚNA

Þúsundir treysta á endurhæfingu að Reykjalundi

Tryggðu þér vinanúmer á  
**sibs.is** eða í síma **560 4800**

HAPDRÆTTI



... fyrir lífið sjálf

# TÍMAMÓT



Útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Ragnars Vignir**

fv. aðstoðaryfirlögregluþjóns, Sléttuvegi 21, Reykjavík,

sem andaðist 22. janúar síðastliðinn, verður gerð frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 2. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hans er bent á að láta Hjartavernd njóta þess.

**Reynir Vignir**  
**Anna Ragnheiður Vignir**  
**Hildur Elin Vignir**  
**Sigurhans Vignir**

**Hafðís Vignir**  
**Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir**  
**Pétur Stefánsson**  
**Einar Rúnar Guðmundsson**  
**Margrét Gunnlaugsdóttir**  
barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Sigríður Pálsdóttir**

(Hanna Páls)

Kirkjuvegi 11, Keflavík, áður Smáratúni 42,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 24. janúar. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 1. febrúar kl. 13.

**G. Ágústa Björgvinsdóttir**  
**Hilmar Theodór Björgvinsson**  
**Sigvaldi Björgvinsson**  
**Gunnlaugur Björgvinsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sigmundur Guðmundsson**  
**Guðný S. Magnúsdóttir**  
**Edda Ýr Guðmundsdóttir**



Okkar innlegustu þakkir fyrir sýnda samúð og hluttekningu við andlát og útför elskulegs bróður okkar, mágs og frænda,

**Guðmundur Kristins Klemenzsonar**

læknis, Rekagrandu 8.

Svæfinga- og gjörgæslulæknafélag Íslands hefur stofnað Minningarsjóð Guðmundar K. Klemenzsonar, reikningsnúmer 0301-22-002486, kt. 411090-1089 til stuðnings ungum læknum í svæfinga- og gjörgæslunámi.

**Ólafur Örn Klemenzson**  
**Sæunn Klemenzdóttir**  
**Sigurður Jökull Ólafsson**  
**Guðrún Ólafsdóttir**  
**Valdis Ólafsdóttir**  
**Valdimar Klemenz Ólafsson**  
**Hallur Hallsson**

**Inga A. Valdimarsdóttir**  
**Hallur Helgason**  
**Kristbjörg Guðmundsd.**  
**Bjarni Þór Gíslason**  
**Thomas Lorentzen**  
**Valdis Hrund Hauksdóttir**



*Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda*

Þorsteinn Elísson

## Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Áhugi minn beindist fljótt að lífsskilyrðum fólks og velferðarkerfi,“ segir Harpa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Jákvætt að fá að eldast

Þó Harpa Njalsdóttir félagsfræðingur sé í fullu fjöri á hún minningar sem í nútímanum virðast aftan úr grárrí fornaskju, til dæmis frá því hún var simadama á Suðureyri. Harpa lítur nú yfir farinn veg í tilefni sjötugsafmælis síns sem er á morgun, sunnudag.

„Það er jákvætt og gott að fá að eldast. Ég er mjög þakklát fyrir það,“ segir Harpa Njalsdóttir félagsfræðingur sem verður sjötug á morgun. Hún á margháttaðan starfsferil að baki en við byrjum á byrjuninni.

„Ég er Vestfirðingur í húð og hár. Fædd á Suðureyri við Súgandafjörð og bjó þar í rúm 30 ár. Vann við alhliða fiskvinnslu, verslunarstörf, var talsímakona í fjögur ár og síðan lærði ég hjá kjólameistara og tók að mér saumaskap. Þannig að ég kynntist ýmsu sem hefur auðgað líf mitt. Ég fékk innsýn í margbreytileika tilverunnar og tel að sú reynsla úr lífi og starfi sem ég hafði í farteskinu hafi hjálpað mér mikið í félagsfræðinni sem ég tók mér síðar fyrir hendur.“

Það var fyrir daga jarðganga sem Harpa bjó á Suðureyri og hún segir byggðarlagið hafa verið án vegasambands í átta til níu mánuði á ári vegna snjóa. Sjóleiðin bjargaði. „Póstbáturinn kom frá Ísafirði tvisvar í viku með mjólk og brauð og Heklan og Esjan komu á tíu daga fresti með dagblöðin, þau voru afgreidd yfir borðið á símtöðinni.“

Samskiptatæknin var talsvert öðru vísi en í dag. „Við þurftum að fá samband gegnum Ísafjörð þegar talað var til

●● Ég fékk innsýn í margbreytileika tilverunnar og tel að sú reynsla úr lífi og starfi sem ég hafði í farteskinu hafi hjálpað mér mikið í félagsfræðinni.

Reykjavíkur og í gegnum Brú í Hrutafirði þegar hringt var til Akureyrar. Fólk gat ekki hringt milli húsa á Suðureyri öðru vísi en biðja um samband,“ rifjar Harpa upp og heldur áfram. „Það voru margir Færeyingar á vertíðum á Suðureyri og þeir stóðu hálfu sunnudagana á símtöðinni að biða eftir sambandi heim. Símtöðin hafði líka félagslegt hlutverk, þar komu daglega einstaklingar bara til að spjalla, ég gerði mér grein fyrir því síðar.“

Harpa varð ekkja ung og var ófrísk að eldri dóttur sinni þegar það gerðist. Þá bjó hún á Stöðvarfirði. „Maðurinn minn lést af slysförum um borð í sildarbát í Norðursjónum. Ég flutti aftur vestur, stofnaði síðar heimili og eignaðist aðra dóttur,“ lýsir hún.

Eftir að til Reykjavíkur kom starfaði Harpa á leikskólum um tíma. Hún var

einn af stofnendum Búseta, var framkvæmdastjóri félags- og rekstrarviðs hans og vann við að koma hugmyndafræðinni í praktískan farveg. Á þeim tíma var flutt inn í 125 íbúðir og annað eins var í byggingu.

Hún segist þó aldrei hafa ætlað í svo mikil fjármálaumsvif. „Ég vildi vera í hringiðu mannlífsins og hóf því nám í félagsfræði við HÍ. Áhugi minn beindist fljótt að lífsskilyrðum fólks og velferðarkerfi. Eftir BA var ég fengin til að þróa innanlandsaðstoð hjá Hjalparstarfi kirkjunnar fyrir fátæka. Síðan fór ég rannsóknir á fátækt á Íslandi og hef unnið við rannsóknir síðan.“

Harpa stofnaði líka samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra og leiddi það starf í sjö ár. „Á þessum tíma voru fordómur í samfélaginu sem brunnu á foreldrum, ég upplifði það sjálf. Mér fannst brýnt að auka fræðslu og efla fólk í að standa við bakið á börnum sínum.“

Harpa kveðst alltaf hafa lagt áherslu á samveru með fjölskyldu sinni og að búa til góðar minningar. Þeirri stefnu verður hún trú á morgun þegar hún ætlar að hafa það huggulegt með sínum allra nánustu. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Okkar heitt elskaða eiginkona, móðir, amma og tengdamamma,

**Ragnhildur Magnúsdóttir**

Skógarseli 43, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 28. janúar sl. Útförin auglýst síðar.

**Jóhann Steinsson**  
**Erla Jóhannsdóttir**  
**Steinn Jóhannsson**  
**María Jóhannsdóttir**  
og barnabörnin Alexandra, Ólafur Jóhann, Ísak, Patrik, Andri Már, Jóhann Berg og Rakel.

**Pétur Guðmundarson**  
**Berglind Ósk Ólafsdóttir**  
**Bjarki Már Hinriksson**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afa,

**Ólafur Ágúst Ólafsson**

Vatnsstíg 21, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 19. janúar, verður jarðsúnginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 4. febrúar kl. 15.

**Sigurveig Kristjánsdóttir**  
**Kristín Hagalín Ólafsdóttir**  
**Kristján Ólafsson**  
**Ólafur Ágúst Ólafsson**  
**Sigrún Sandra Ólafsdóttir**  
og barnabörn.

**Björn Vignir Sigurpálsson**  
**Ragna Eyjólfsdóttir**  
**Jacqueline Santos Silva**  
**Albert Björn Lüðvigsson**

# Með leitandi auga og alltaf myndavél við höndina

Fjölbreytt samsýning tíu útskriftarnemenda Ljósmyndaskólans á Fiskislóð verður opnuð í dag í Lækningaminjasafninu í Nesstofu á Seltjarnarnesi. Hún stendur í níu daga. Ein nemendanna er Erna Ýr Guðjónsdóttir sem segir Ljósmyndaskólann dásendarstofnun.

Ólíkur uppruni, brothætt byggð, leikur barna, staðalmyndir, kaupmennirnir í miðbænum og ádeilusögur eru meðal myndefna á Ljósmyndasýningu sem opnuð er í dag í Nesstofu á Seltjarnarnesi klukkan 15. Þetta eru myndir þeirra nema sem nú eru að útskrifast úr Ljósmyndaskólanum á Fiskislóð eftir fimm anna nám. Ein þeirra er Erna Guðjónsdóttir. „Þetta er alveg stórbrotin sýning enda er Ljósmyndaskólinn dásendarstofnun,“ segir hún glaðlega. Verk hennar á sýningunni er 21 myndar sería sem nefnist Mæðgur. „Mæðurnar eiga það allar sameiginlegt að hafa eignast dæturnar 17 ára eða yngri,“ upplýsir hún.

Erna kveðst hafa verið heilluð af ljósmyndun frá því hún var krakki. „Ég hef alltaf verið með myndavél við höndina og er með þetta leitandi auga sem þarf. Er búin að prófa að fara í háskólann en fann mig ekki þar svo ég ákvað að kýla á eitthvað sem ég ætti heima í.“

Sigríður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Sissa, stofnaði Ljósmyndaskólann 1997, fyrst í námskeiðaformi en síðan sem heilsdagsskóla. „Sissa rekur skólann og kennir og fær til sín einvalalið, alla helstu sérfræðinga landsins sem



„Ég hef verið heilluð af ljósmyndun frá því ég var krakki,“ segir Erna Ýr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mæðurnar eiga það allar sameiginlegt að hafa eignast dæturnar 17 ára eða yngri.

stundakennara,“ segir Erna Ýr. „Maður á að geta verið fullgildur meðlimur í samfélagi ljósmyndara þegar náminu lýkur. Það er vissulega baráttuheimur en fólk velur samt að vinna við ólíka hluti.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Ástkær faðir okkar,  
**Óskar Guðmundsson**  
Sunnubraut 41, Kópavogi,  
sem lést á Landspítalanum 20. janúar sl., verður jarðsungen frá Bústaðakirkju mánudaginn 1. febrúar kl. 13.

**Bjarni Þór Óskarsson**  
**Helga Óskarsdóttir**  
**Anna Kristín Óskarsdóttir**  
**Oddný N. Óskarsdóttir**  
**Sigurbjörg U. Guðmundsdóttir**  
**Snorri Traustason**  
**Patrich Wennergren**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Þórður Vilhjálmsson**  
Suðurlandsbraut 66, Reykjavík,  
lést á hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 16. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Þórdís Þórðardóttir**  
**Kristín Guðný Þórðardóttir**  
**Ægir H. Þórðarson**  
**Inga Hildur Þórðardóttir**  
**Guðbjörg M. Sigurbjörnsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegt þakklæti til þeirra sem vottuðu okkur samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Sigríður S. Egilsdóttir**  
áður til heimilis að Lindargötu 66, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lungnadeildar Landspítalans í Fossvogi. Guð blessi ykkur öll.

**Sigurður R. Blomsterberg**  
**Ólafur G. Þórólfsson**  
**Ragnheiður R.S. Þórólfsdóttir**  
**Margrét A. Þórólfsdóttir**  
**Ólöf Þ. Ólafsdóttir**  
**Alda Aðalsteinsdóttir**  
**Þorvaldur Jensson**  
**Hörður Magnússon**  
ömmubörn og langömmubörn.



Okkar kæra  
**Málfríður Pálsdóttir**  
frá Seljalandi í Fljótshverfi,  
lést þann 21. janúar síðastliðinn.  
Útförin fer fram að Kálfafelli í Fljótshverfi laugardaginn 6. febrúar kl. 14.00. Minningarathöfn verður í Fossvogskapelli miðvikudaginn 3. febrúar kl. 15.00.

Systkinabörnin



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Einar Ágústsson**  
byggingameistari,  
áður til heimilis að Baldursgötu 37, Reykjavík, síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Skjólí,

lést föstudaginn 8. janúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Alúðarþakkir til starfsfólks Skjóls, 4. hæð, fyrir vinsemd, kærleika og umhyggju.

**Jenný Einarisdóttir**  
**Ágúst V. Einarsson**  
**Rannveig Einarisdóttir**  
**Ragnar Einarsson**  
**Þórður Markús Þórðarson**  
**Edda Ólafsdóttir**  
**Birna Hilmisdóttir**  
**Laufey L. Árnadóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Lilly Ásgeirsson**  
andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Nes Kirkju þriðjudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

**Sverrir Þórhallsson**  
**Dóra Þórhallsdóttir**  
**Ragna Þórhallsdóttir**  
**Sólveig Þórhallsdóttir**  
**Inga Helgadóttir**  
**Magnús B. Einarsson**  
**Floki Kristjánsson**  
**Gunnar Jóakimsson**  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðlaug Kristjánsdóttir**  
frá Skaftárdal,  
Rauðalæk 33,

lést á Hjúkrunardeild HSA, Seyðisfirði, þann 25. janúar. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 4. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hollvínasamtök sjúkráhusins á Seyðisfirði.

**Kristján Þór Sigurðsson**  
**Kristín Guðveig Sigurðardóttir**  
**Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir**  
**Þorsteinn Sigurðsson**  
**Þorbjörg Sigurðardóttir**  
**Sigrún Jónsdóttir**  
**Cecil Haraldsson**  
**Erlendur Bogason**  
**Kristjana Bjarnadóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku afi okkar,  
**Guðni Þorsteinsson**  
Æsufelli 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi mánudaginn 25. janúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.

**Rögnvaldur Bjarnason**  
**Anna Margrét Bjarnadóttir**  
**Magnea Karen Svavarsdóttir**  
**Daniel Örn Svavarsson**  
**Helga Vala Svavarsdóttir**  
og barnabarnabörn.  
**Oddný Arnarsdóttir**  
**Þorvarður Tjörvi Ólafsson**  
**Sævar Örn Sæmundsson**  
**Hrafnhildur Rósa Guðmundsdóttir**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát  
**Sigmundur H.H. Hansen**  
(Simda)

**Dagbjört Jóns Sigurðardóttir (Birta)**  
**Gísli Sigmundsson**  
**Guðjón Sigmundsson**  
**Gunnar Sigmundsson**  
**Sigrún Sigmundsdóttir**  
**Hildur Einarisdóttir**  
**Magnea Sigríður Guttormsdóttir**  
**Sólrun Ólafsdóttir**  
**Grétar Kristinsson**  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Innilegar þakkir fyrir veitta hluttekningu og samúð við andlát og útför elskegtrar systur okkar,  
**Margrétar Önnu Kaaber**  
fv. bankastarfsmanns.

**Már V. Jónsson**  
**Thomas Kjartan Kaaber**  
**Sverrir Örn Kaaber**  
**Björn Gyflí Kaaber**  
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðmunda Lilja Sigvaldadóttir**  
(Lilla)

Þangbakka 10,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 9. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát hennar og útför. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir góða umönnun og hlýju.

**Margrét Svavarsdóttir**  
**Brynjar Magnússon**  
**Guðmundur N. Magnússon**  
**Lóa Svavarsd. Maniscalco**  
**Brian Svavar Maniscalco**  
**Christopher S. Maniscalco**  
**Magnús J. Narfason**  
**Aðalheiður K. Jónsdóttir**  
**Robert Maniscalco**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jóhann Þorsteinsson**  
frá Litlu-Hlíð,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 25. janúar sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Sigurður Barði Jóhannsson**  
**Steingerður Jóhannsdóttir**  
**Áróra Jóhannsdóttir**  
**Friðþjófur Jóhannsson**  
**Július Ragnar Pétursson**  
**Valgerður Vésteinsdóttir**  
**Árni B. Emanúelsson**  
**Áslaug Ó. Kolbeinsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

- Hrygg matast vinstra megin (8)
- Skora á ástriðumann að lesa þetta verk (13)
- Hentar gangflötur lappa fyrir þreytandi daga? (8)
- Tregar bóka sólarhring fyrir umhverfisprógramm (13)
- Talibanar beggja kynja eru stúdentar (8)
- Ógöð lofta samtímis þrátt fyrir rýsjóttan vetur (13)
- Stálagníð: Hvort rímar kúnninn við það, eða húnninn? (8)
- Lugu og rugluðu um þessa veiki (4)
- Kanntu skil á austurlensku kryddgaurunum? (13)
- Sjáði veruna með peninginn? (6)
- Sukkar eins áfram sem aftur á bak (6)
- Hópsálin tryggir ofureflið (10)
- Reisi líkhús við krikann (6)
- Stífur reynsluhringurinn endar með útskrift (10)
- Mikill að því gefnu að þessi ormur sé ríkur mjög (11)
- Klárast þessir síðustu áfangar? (10)
- Lítið land og mikill sjór = Hólmaröst (7)
- Plásturinn bætir skaðann (9)
- Alltaf tóf um þetta leyti ef við biðum (5)
- Gamalt já, en er það líka gagnslaust? (5)
- Margslungið kerfi visinda um nætur (8)
- Ég finn stingi eðalborins rugludalls (6)
- Tja, nú, hey, umm, þú veist, herna, ha? (3)
- Sátt röð leitar blöndunar (7)
- Risavaxið og ringlað fóstrar tin (10)

**LÓÐRÉTT**

- Völu svið og 16. efnið (11)
- Heyri gný kenndra og blíðmæltra (11)
- Fann ágætan storm sem er líka rosa smart (9)
- Krúttíð hann Herra Niels og hans loðna gervileður (10)
- Af óðum kærleikans reglum (10)
- Hús aldanna? Það er nú meiri anakrónisminn (10)
- Viltu Ís, Dóri? (6)
- Ertu með mýklyi? Eða agnsinnanmeini? (10)
- Ég meina er við mættum samtímis á ballið (9)
- Rán er í góðum efnunum út af fiskinum atarna (8)
- Er smásíldin að ganga – jafnvel úr skorðum? (5)
- Tvidið grettir sig alveg, enda óblandað (13)
- Nú mun Öddi standa við að þefa uppi hóláheiti (13)
- Hinn ringlaði turnapi át öll eggin (7)
- Má ég kynna: Al Jones og Al Jones (8)
- Rekjujófur trompar allt nema Öxulalvald (11)
- Neðan fæli og utan, þarann sem rak á fjórum okkar (9)
- Hefur þú undraskepnur með hornin fleiri en sjö? (10)
- Stíkk? Eða skítkast? (7)
- Brilljant bæli, breitt og langt (7)
- Sá er minn síður að mæta rétt fyrir vökulok (6)
- Lætur hungrið bíta enn harðar (6)
- Hef bara stein að narta í á leiðinni, þvilíkt bull (5)
- Sá hæsti leitar agnar rugls (5)
- Er hægt að fá fótabúnað á norðanmenn í þessari búð? (5)



Lausnarorð síðustu viku var **MÓDUHARÐINDIN**



**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Málarinn eftir Ólaf Gunnarsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Anna S. Hróðmarsdóttir, Reykjavík.**



\_\_\_\_\_

**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum birtist bygging sem til skamms tíma var hjartað í fjölda íslenskra bæja. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 4. janúar næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „30. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**world jazz party** kynnir hinn heimsþekktu bandaríska gítarleikara, upptökustjóra og Grammy - verðlaunahafa

# PAUL BROWN

og hljómsveit

Sérstakir gestir: **Jack Magnet & Friðrik Karlsson**

á rafmögnuðum tónleikum fimmtudaginn 4. febrúar á Rósenberg

Aðeins þetta eina sinn! Miðaverð kr. 2.500 á [midi.is](http://midi.is) Tryggðu þér miða í tíma! Takmarkaður sætafjöldi

**Þrautir**

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

**Tapslagalaus litur**

Árleg Bridgehátíð Bridgesambands Íslands fór fram um líðandi helgi. Keppnin hófst miðvikudaginn 27. janúar á Stjórnusveitakeppni með þátttöku 22 sveita. Sveit Astro vann keppnina með yfirburðum. Spilarar í sveitinni voru Kristinn Ólafsson, Jón Baldursson, Peter Fredin og Mads Eyde. Mörg áhugaverð spil komu upp og var spil dagsins umræðuefni margra. Austur var gjafari og NS á hættu:

- VESTUR**  
♠ A973  
♥ ÁK107654  
♦ 8  
♣ 3
- NORÐUR**  
♠ 1054  
♥ 83  
♦ ÁG5  
♣ D10865
- AUSTUR**  
♠ DG62  
♥ DG92  
♦ D43  
♣ Á9
- SUÐUR**  
♠ K8  
♥ -  
♦ K109762  
♣ KG742

Svo virðist sem erfitt sé að stöðva vestur í að fara í hálfslému í hjarta eftir opnun austurs. En til að standa hana, verður að spila spaðann upp á engan tapslag. Langflestir (17 borð) létu hjartageim duga, en 2 borð fóru alla leið í hjartaslémmu. Þau fóru bæði niður en parið Margrét Gunnarsdóttir og Ágúst Þorsteinsson spiluðu 6 spaða í AV. Til að standa það spil verður að spila spaðadrottningu út, suður leggur væntanlega kónginn á og spila verður spaðaniunni og hleypa henni. Þá er spilað upp á að suður eigi nákvæmlega K8 í litnum.

**Skák** Gunnar Björnsson



**Svartur á leik**

Indverska skákdrottningin, Harika Dronavalli (2.511), vann frá-bærán sigur á Nigel Short (2.684) á Gibraltarmótinu. Short lék síðast 29. Hd1xd5.

29...Ba4! (Miklu sterkara en 29...exd5 30. Bxf5) 30. Dd2 (30. Hxa5 Bxc2) 30...Dxd5 31. Dxd5 Bc2!! Magnaður leikur. Short, sem hefur verið margoft uppvís að því að gera lítið úr skákshæfileikum kvenna, gafst upp. [www.skak.is](http://www.skak.is): Guðmundur efstur á Nóa Sírius mótinu.

**Sudoku**

**LÉTT**

4	2			9				
1	3	8		4	7	2		
	7			1	4			
6	4	1			3			
		2						
8			2	5		1		
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8		2		7	

**MIDLUNGS**

		9		8		2	1	
	2		7		4	3		
	3		5				9	
9	4			2				
		7	3	4				
	6							
6			1	7		5		
4							1	
	5				9			

**PUNG**

							3	4
7		6					5	1
					1			7
	5	9	4					1
		9	3			6		
	2							
			9		7	4	2	
		5		6		9		
3			8		7			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

2	4	5	3	1	9	6	7	8	3	9	2	7	1	4	8	6	5	4	5	1	6	7	9	2	8	3
9	6	7	2	4	8	1	3	5	7	8	4	6	5	2	9	1	3	6	2	3	8	1	4	7	9	5
8	1	3	6	5	7	9	2	4	1	5	6	8	9	3	7	4	2	7	8	9	5	2	3	1	6	4
6	7	9	1	8	2	5	4	3	2	3	8	9	4	6	5	7	1	3	6	7	4	9	2	5	1	8
1	8	2	4	3	5	7	6	9	9	6	1	2	7	5	3	8	4	8	4	2	1	5	6	3	7	9
3	5	4	7	9	6	8	1	2	4	7	5	1	3	8	6	2	9	9	1	5	3	8	7	4	2	6
4	9	1	5	6	3	2	8	7	8	1	7	3	2	9	4	5	6	1	3	4	7	6	8	9	5	2
7	3	8	9	2	1	4	5	6	5	2	3	4	6	7	1	9	8	5	9	6	2	3	1	8	4	7
5	2	6	8	7	4	3	9	1	6	4	9	5	8	1	2	3	7	2	7	8	9	4	5	6	3	1

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT

TILKYNNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEG T EFNÍ Á NETINU

# nettó

# Heilsu- & lífsstílsdagar

Tilboðin gilda til 1. feb



**-25%**

**BIONA SVARTAR BAUNIR**  
**194**  
ÁÐUR 259 KR/PK



**-25%**

**KOKO KÓKOSMJÓLK - 1L**  
**374**  
ÁÐUR 499 KR/PK



**-25%**

**FEMARELLE**  
**2.474**  
ÁÐUR 3.298 KR/PK



**-25%**

**NOW B-12 - 100 STK**  
**854**  
ÁÐUR 1.139 KR/PK



**-25%**

**RAINFOREST HRÁKAKÓ - 250 G**  
**974**  
ÁÐUR 1.299 KR/PK



**-25%**

**COCOFINA KÓKOSVATN - 500 ML**  
**344**  
ÁÐUR 459 KR/STK



**-25%**

**FOOD DOCTOR NÆRINGARSTYKKI**  
**142**  
ÁÐUR 189 KR/STK



**-25%**

**SUNWARRIOR CLASSIC PRÓTEIN SÚKKULAÐI - 1 KG**  
**4.874**  
ÁÐUR 6.499 KR/PK



**-25%**

**HIMNESK HOLLUSTA MAÍSKÖKUR**  
**164**  
ÁÐUR 219 KR/PK



**-25%**

**ISOLA MÖNDLUMJÓLK - 1L**  
**367**  
ÁÐUR 489 KR/PK



**-25%**

**ÄNGLAMARK KÓKOSMJÓLK - 400 ML**  
**219**  
ÁÐUR 399 KR/PK



**-25%**

**NATURE CROPS BOLLASÚPUR**  
**224**  
ÁÐUR 299 KR/PK



**-25%**

**HIMNESK HOLLUSTA KÓKOSOLÍA BRAGÐ+ & LYKTARLAUS/KALDPRESSUÐ**  
**899/1.027**  
ÁÐUR 1.199/1.369 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 30. jan - 1. feb 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss  
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Konráð og félagar á ferð og flugi <sup>184</sup>

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,” sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,” bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,” sagði hann. „Til er ég.” Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,” sagði hún. „Allt í lagi,” sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,” sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

4				3			2	6
2		1	5		4		8	
3	5			8	2	9		1
5		8		9		7		2
	7	2			5	4		9
9	4	3	2	7			5	8
	6			2	9	8	7	
		9	6			2		5
7	2		1	5		6	9	



## Reikningspraut og gátur

Hugsum okkur þrjú börn. Samanlagður aldur þeirra allra er 20 ár. Ef þú tekur aldursárátölur hvers um sig og margfaldar þær saman verður útkoman 100 lægri en ef þú margfaldar saman aldursárátölur þeirra eins og þær verða að ári liðnu. Hversu gömul eru börnin núna, hvert um sig?

Ég er ekki tré en ber þó blöð. Ég er safalaus en fóðra þig þó. Ég er líflaus en geri þó marga ódauðlega. Hver er ég?

Þrjú menn komu á bæ og voru spurðir að heiti. Sá fyrsti sagðist heita það sem hann var, annar það sem hann er og þriðji það sem hann verður. Hvað heita þeir?

1. 1, 4, og 15 ára 2. Bókin 3. Sveinn, Gestur og Karl



María Ólöf og Sara Mjöll hafa skiðað frá því þær muna eftir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fara ævintýraleiðir í löngum brekkum

Systurnar **Sara Mjöll Jóhannsdóttir** átta ára og **María Ólöf Jóhannsdóttir** ellefu ára eru skíðastelpur. Þeim finnst frábært að fara í braut í góðu veðri og gista í Ármannsskálanum með öðrum krökkum.

### Hvernig fenguð þið áhuga á skíðaiþróttinni, stelpur?

**Sara Mjöll:** Ég smitaðist af mömmu og pabba, þau eru skíðafólk.

**María Ólöf:** Ég veit það ekki alveg, ég hef bara skiðað frá því ég var lítill.

### Hvenær byrjuðuð þið að æfa ykkur og hvar?

**Sara Mjöll:** Ég fór fyrst á skíði þegar ég var þriggja ára uppi í Bláfjöllum og byrjaði að æfa fjögurra ára í Ármanni.

**María Ólöf:** Ég prófaði fyrst skíði í Austurríki þegar ég var tveggja ára og fór svo að æfa fimm ára.

### Getið þið æft ykkur nálægt heimilinu?

**Sara Mjöll:** Nei, bara í Bláfjöllum. Þar förum við í háar brekkur.

**María Ólöf:** Stundum kemur alveg brjáláð veður og þá förum við bara inn í skála.

### Hafið þið meitt ykkur á skíðum?

**Sara Mjöll:** Já, ég tognaði á hnénu þegar ég var fjögurra ára og María Ólöf var að keppa á Andrésar Andar leikunum.

**María Ólöf:** Ég klessti einu sinni á tré á Ítalíu og bólgnáði á nefinu og fékk glóðarauga, í sömu ferð

klessti ég á konu og tognáði á hnénu líka.

### Farið þið oft í skíðaferðir til útlanda?

**María Ólöf:** Við höfum farið oft til Austurríkis og Ítalíu. Stundum með fjölskyldunni og líka með æfinga-krökkum.

**Sara Mjöll:** Þar er mjög gaman að skíða í löngum brekkum og fara niður ævintýraleiðir og vera í stóralyftu sem er með hita í rassinum og skýli.

**María Ólöf:** Skemmtilegast við að æfa á skíðum er að fara í braut í góðu veðri og gista í Ármannsskálanum með öllum krökkunum.

## Nói og syndaflóðið og heimsins dýr

Nú er komin ný barnamynd í bíó um syndaflóðið og Nóa sem sagt er frá í Biblíunni.

Nóa hafði verið falið að bjarga öllum landdýrategundum jarðarinnar þegar syndaflóðið kæmi. Hann smíðaði stóran bát, örkina, og tók þar inn tvö dýr af hverri tegund, karldýr og kvendýr, svo þau gætu fjölgað sér þegar flóðinu slotaði eftir fjórutíu daga regn.

Margar bækur hafa verið skrifaðar um Nóa karlinn. Ein þeirra eftir Walt Disney kom fyrst út hér á landi 1936 og hefur verið gefin út sex sinnum síðan. Skemmtileg bók með mörgum svart/hvítum myndum.

Nýja bíómyndin er með litrikum teiknimyndafígúrum, hún heitir Úbbs! Nói er farinn ... Tvær skritnar dýrategundir eru algerlega á síðustu stundu að koma sér í örkina sem er að komast á flot því flóðið er skolið á. Ungarnir fara á flakk og ævintýrin bíða.



Rigningin er byrjuð, dýrin ganga tvö og tvö inn í örkina og Nói merkir við.

MYND/ÚR BÓKINNI ÖRKIN HANS NÓA

# nettó

Ragga nagli og Hugmyndir að hollustu verða með ráðgjöf í Nettó Granda **í dag** milli kl. **14:00** og **16:00**

*Allir velkomnir!*

Fræðsla um heilsusamlegt mataræði, bragðgóðar uppskriftir og margt fleira.

*Hlökkum til að sjá þig!*

Yfir 2000  
útsöluvörur

# STÓRA NÝÁRSÚTSALAN STÆKKAR SÚ STÆRSTA TIL ÞESSA

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)



## SÍÐUSTU DAGAR!

# 20-70% afsláttur!

KAFFIVÉLAR,  
ELDHÚSÁHÖLD,  
POTTAR OG PÖNNUR,  
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,  
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,  
BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,  
RÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-

## SÍÐUSTU DAGAR!

BADVOGIR OG MARGT  
FLEIRA!

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

**Höfum bætt við hundruðum vara á útsöluna!**

Dæmi: Rosenthal gjafavörur 50-70% – Villeroy & Boch matarstell á 50% - Walther-Glas glervara 30%  
- Valdar pönnur á 50% - KitchenAid bökunavörur 20% – Alligator grænmetisskerar 20% og margt fleira.

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)


# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • [BYGGTOGBUID.IS](http://BYGGTOGBUID.IS)

Líkaðu við okkur  
á Facebook:  
[www.facebook.com/  
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Norðankaldi og él í dag, en víða léttskýjað syðra. Talsvert frost.

## Heimurinn

Kaupmannah. Oslo: 8°	Stokkhólmur: 5°	Gautaborg: 5°	Helsinki: 3°	Þórshöfn: 4°	Nuuk: -22°
London: 8°	Amsterdam: 8°	Paris: 10°	Berlin: 8°	Madrid: 11°	Róm: 15°
Boston: -1°	New York: -8°	Orlando: 9°	Moskva: 2°	Singapúr: 28°	Tókýó: 2°
Sydney: 24°					

## Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 04.03	16.23
1,05m	1,08m
10.14	22.41
3,57m	3,35m

Akureyri	
2.33	14.32
1,31m	1,27m
8.22	20.39
0,50m	0,41m

Ísafjörður	
06.06	18.25
0,60m	0,58m
12.05	23.05
1,93m	1,84m

## Tunglstaða



Vaxandi  
73%

## Sólarupprás:

10.15

## Sólarlag:

17.06

## Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-7° ← 9	-6° ← 1	-3° ↙ 12	-7° ↖ 6	-3° ← 17

## Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-10° ↖ 3	-5° ↓ 4	-6° ↙ 12	-10° ↑ 6	-9° ← 11

## Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-9° ↘ 2	-6° ↘ 3	-8° ↙ 6	-13° → 6	-14° ↖ 2

## Egilsstaðir


Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-10° ↘ 6	-5° ← 2	-5° ↓ 7	-13° → 7	-10° ↙ 4

## Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-8° ↓ 6	-5° ↓ 7	-3° ↙ 7	-9° ↓ 6	-5° ↙ 15

## Myndasögur

### PONDUS



### GELGJAN



### BARNALÁN



**Guð er auðgur að miskunn...**

www.versdagsins.is

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

TRÚPANA ÖVINGARNA HVAÐ ER ÞU AÐ GÆTAST EINS Á NETIÐ

SAFT

vodafone HÁMARK PRÓTEINDRYKKJUR

HEFST 31. JANÚAR

**ÍSLAND GOT TALENT**

HEFST Á MORGUN

365.is | Sími 1817

365



# DORMA

Láttu drauminn rætast

# NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

## Komdu í Dorma



**OPIÐ**  
alla helgina

**ÚTSALAN**  
síðustu dagar  
**ALLT AÐ**  
**{ 60% }**  
**AFSLÁTTUR**



**20%**  
AFSLÁTTUR

### ROMA svefnsófi

Ljósgrátt, dökkgrátt, ljósbrúnt og rautt slitsterkt áklæði.

Br: 200 D: 100 H: 50 cm.

Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**

### NATURE'S COMFORT heilsurúm

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.

Stærð: 180x200 cm.

Fullt verð: 164.900 kr.



**25%**  
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

Aðeins **123.675 kr.**



**20%**  
AFSLÁTTUR

### BOGGIE 3ja sæta

Slitsterkt áklæði.

Margir litir.

Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

Verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**

Afgreiðslutími  
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18  
